

Skólavarðan

KENNARASAMBAND ÍSLANDS HAUST 2017





A-DEILD LSR

eftir 1. júní 2017

Nánari upplýsingar á www.lsr.is



Upplýsingar um breytingar á A-deild LSR er hægt að sækja inn á vef LSR.

Sjóðfélögum er ávallt velkomið að hafa samband við LSR til að fá ráðgjöf um lífeyrismál.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is

EFNISYFIRLIT

SKÓLAVARÐAN
HAUST 2017
2.TBL

Síðatal

- 4 Leiðari
- 6 Framtíðin er í húfi
- 7 Stefna KÍ mótuð í apríl 2018
- 8 Spjaldtölvuverkefnið sem snýst ekki um spjaldtölvur
- 11 Laun og álag hrekja kennarana frá skólunum
- 12 Þú verður að vera það sem þú vilt að aðrir verði
- 14 Mikill vilji til launahækkana fyrir kosningar – en hvað svo?
- 16 Verkstjórn í stað töflukennslu
- 19 Líta tækniþróun jákvæðum augum
- 20 Ferðast með hristidollu og verja deginum í sveitinni
- 23 Markmiðið að vera lifandi vettvangur umræðu um skóla- og menntamál
- 24 Trúnaðarmenn hafa mikilvægu hlutverki að gegna
- 26 Alþjóðlegt umhverfi þar sem hugmyndir flæða
- 28 Hæfileg blanda af eldri og yngri kennurum er góð fyrir allt skólastarfið
- 30 Bilgreinar í hringiðu breytinga
- 33 Hljóðkerfi í allar skólastofur
- 36 Skólarnir spili saman
- 38 Skólastofa tuttugustu og fyrstu aldarinnar
- 40 Minna um fingerðan útsaum en áður
- 43 Verðlaunasögurnar í smásagna-samkeppni KÍ, Heimilis og skóla og Samtaka móðurmálskennara
- 50 Lykilatriði að byggja upp lærdómssamfélög
- 52 Við megum ekki mismuna
- 54 Viðkvæm álitamál og nemendur
- 56 Félaginn: Hefur gaman að því að leika sér með tækninörðum
- 58 Krossgáta



Þú verður að vera það sem þú vilt að aðrir verði

Dr. Zachary Walker, fræðimaður og kennari, segir snjalltæki bjóða upp á alls konar möguleika í skólastofunni og einmitt þar þurfi að kenna nemendum að umgangast þessi tæki. Að banna tækin sé furðuleg afstaða.



Ferðast með hristidollu og verja deginum í sveitinni

Um sextiu leikskólar í Kaupmannahöfn hafa þann hátt á að börnin dvelja fyrir utan borgina, ýmist ákveðna daga í hverjum mánuði eða daglega. Borgþór Arngrimsson hitti foreldra íslenskra barna sem sækja leikskóla af þessu tagi.



Hæfileg blanda af eldri og yngri kennurum er góð fyrir allt skólastarfið

Sigurbjörg Bjarnadóttir og Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir, grunnskólakennarar við Síðuskóla á Akureyri, segja kennara þurfa að hafa sig alla við að fylgjast með nýjungum í tækni. Kennarastarfið er að þeirra sögn flóknara en áður – en samt alltaf heillandi.



Bilgreinar í hringiðu breytinga

Árum saman þurftu bifvélavirkjar að spyrja sjálfa sig hvort ökutæki gengi fyrir bensíni eða díselolíu áður en þeir hófust handa við viðgerðir. Nú horfum við fram á byltingu í heimi bilgreina og það hefur áhrif á kennslu í greininni. Skólavardan heimsótti Borgarholtsskóla af þessu tilefni.



Skólastofa tuttugustu og fyrstu aldarinnar

Skólastofan hefur ekki tekið miklum breytingum í aldanna rás en með breyttum kennsluháttum hafa vaknað spurningar um hvort breytinga sé ekki þörf. Hópur kennara við Menntavísindasvið HÍ hefur hannað og sett upp skólastofu 21. aldarinnar.



Forsíðumyndin var tekin í Lindaskóla í Kópavogi.
Ljósmyndari: Anton Brink

Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: utgafa@ki.is
www.skolavardan.is

Ritstjórar: Aðalbjörn Sigurðsson og Arndís Þorgeirsdóttir
Ábyrgðarmaður: Þóroddur Á. Hjaltastéd
Hönnun og umbrot: Kjarninn
Prófarkalestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Öflun
Prentun: Oddi

ÁGÆTI FÉLAGSMAÐUR!

Samfélagið gerir kröfu um góða menntun barna og ungmenna og að íslenskir skólar séu í fremstu röð. Þetta er eðlileg krafa enda vitum við að góð og gegnheil menntun fyrir alla sem hér búa er fjöregg þjóðarinnar og mannaúdurinn skapar verðmæti sem skila sér til baka í nýsköpun, frumkvæði, nýjum störfum og samfélagi sem gott er að búa í.

Því veldur það vonbrigðum að þrátt fyrir mikla uppsveiflu í efnahagslífinu á síðustu árum skuli staðan vera sú að útgjöld hins opinbera til menntamála á hvern landsmann hafa dregist saman um 13.5 prósent frá því þau náðu hámarki árið 2008. Ef skoðaðar eru tölur frá Hagstofu Íslands kemur í ljós að væri sambærilegt fjármagn lagt í menntakerfið nú og árið 2008 þá vantar rúmlega 15 milljarða króna. Að því sögðu vita allir að menntakerfið var langt í frá að vera ofalið árið 2008.

Það vantar rekstrarfé til skóla svo þeir geti hagað skólustarfi í samræmi við kröfur um að nemendur fái fyrsta flokks menntun og búi við farsæld í skólanum, og hægt sé að endurnýja nauðsynleg tæki og búnað.

Á sama tíma hafa framlög heimila til menntamála hækkað um fimm prósent og nema nú 9,5 prósentum af heildarútgjöldum til málaflokksins. Þetta er okkur til vansa og á þessu sviði erum við miklir eftirbátar nágranna okkar á hinum Norðurlöndunum. Það á að vera keppikefli okkar að menntun og skólaganga sé nemendum og foreldrum að kostnaðarlausu frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla.

Kennarasambandið hefur vakið athygli á þessum staðreyndum og ítrekað nauðsyn þess að umfram allt þurfi að verja menntun og farsæld nemenda – það þarf að bæta í en ekki skera niður. Hið opinbera verður að skipta um kúrs og auka útgjöld til menntamála – samdráttur eða kyrrestaða í þessum málaflokki er með öllu óverjandi.

Á komandi árum mun gæðamenntun hafa úrslitaáhrif á afkomu þeirra einstaklinga sem hér búa og þjóðarinnar í heild.

Menntun fyrir alla

Snemma á þessu ári kynnti Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir óháða úttekt á framkvæmd menntastefnunnar í leik-, grunn- og framhaldsskólum hérlendis. Það var löngu tímabært að fá úttekt af þessu tagi, úttekt þar sem lagt er heildstætt mat á stöðuna í íslenskum skólum og einnig lagðar fram tillögur um úrbætur.

Kennarasambandið hefur um langt skeið bent á nauðsyn þess að endurskoða framkvæmd um menntun án

„Starfsaðstæður í skólum landsins eru það alvarlegar að fjöldi kennara brennur upp og upplifir kulnun í starfi, við svo verður ekki búið.“

aðgreiningar – með skýrari markmiðssetningu og meiri stuðningi við kennara, stjórnendur og alla þá sem koma að skólasamfélaginu. Styrkur úttektarinnar er einkum sá að hún er byggð á skoðunum og þekkingu skólafólks. Ýmsir vankantar á framkvæmd stefnunnar í skólakerfinu koma í ljós en þar er einnig fjallað um styrkleika því afar margt er vel gert í okkar skólustarfi.

Við höfum nú gagnlegan grunn til að vinna að framgangi menntastefnunnar og það er mikilvægt að við göngum út frá styrkleikum skólakerfisins.

Kennarasambandið hefur og mun sannarlega leggja sitt af mörkum við framgang þessa mikilvæga verkefnis. Kennarar, stjórnendur, námsráðgjafar og aðrir sem starfa í skólum bera ríka ábyrgð sem fagstétt að taka virkan þátt í umræðum um svo mikilvægt mál og hafa um leið áhrif til hagsbóta fyrir skólustarf, menntun og farsæld barna og ungmenna.

Purfum fleiri kennara

Skortur á kennurum hefur verið mikið í umræðunni síðustu misseri. Við blasir að kennaraskortur er fyrirsjáanlegur í nánustu framtíð í grunn- og framhaldsskólum og mikill og viðvarandi kennaraskortur hefur verið innan leikskólans í mörg herrans ár. Það er brýnt að allir þeir aðilar sem koma að menntakerfinu leggi saman krafta sína um hvernig megi laða ungt fólk í kennaranám og um þetta þarf að vera samstarf menntamálaráðuneytis, sveitarfélaga, kennarasamtakanna og háskóla sem mennta kennara.

Í þessu sambandi er ekki hægt að horfa fram hjá því að gera þarf laun kennara samkeppnishæf við laun annarra háskólamenntaðra sérfræðinga, og stórbæta starfsaðstæður kennara og skólastjórnenda til að þróa menntun og skólustarf til hagsbóta fyrir nemendur og samfélagið. Starfsaðstæður í skólum landsins eru það alvarlegar að fjöldi kennara brennur upp og upplifir kulnun í starfi, við svo verður ekki búið, þetta þarf að laga og það strax.

Ég kalla eftir því að nýkjörnir alþingismenn snúi nú bókum saman og leggi áherslu á skólamál og vinni að því að finna lausnir á þeim vanda sem við blasir í skóla- og menntamálum landsmanna.



Þórður Á.
Hjaltsted
formaður KÍ



7 KR.



Með KÍ dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn 7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins. Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 16 kr. afslátt. Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is/atlantsolia.

FRÆDSLUNÁMSKEIÐ UM STARFSLOK

Námskeið fyrir þá félagsmenn KÍ sem eru að nálgast töku eftirlauna, um félagslega og heilsufarslegar hliðar starfsloka vegna aldurs verður haldið 21. nóvember.

Námskeiðið er haldið í samstarfi við fræðslufyrirtækið Auðnast, og sjá þær Hrefna Hugósdóttir hjúkrunar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur og Ragnhildur Bjarkadóttir B.s. í sálfræði og fjölskyldumeðferðarfræðingur um fræðsluna.


Skráningargjald á námskeiðið er krónur 5.000 og greitt með kreditkort. Þeir sem mæta á námskeiðið fá gjaldið endurgreitt. Nánari upplýsingar á vef KÍ.

EFTIRLAUN OG LÍFEYRIS- RÉTTINDI



Fræðslufundur um eftirlaun og lífeyrisréttindi fer fram þriðjudaginn 21. nóvember 2017 í fundarsal LSR við Engjateig.

Fundurinn er fyrir félagsmenn KÍ sem eru að nálgast töku eftirlauna, 60 ára og eldri, og er hann haldinn í samstarfi við BRÚ – lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Nánari upplýsingar á vef KÍ.



FRAMTÍÐIN ER Í HÚFI

Útgjöld hins opinbera til menntamála á hvern landsmann hafa lækkað um 13,5 prósent frá því þau náðu hámarki árið 2008. Þetta kemur fram í úttekt hagfræðings KÍ sem unnin var upp úr Hagtiðindum Hagstofu Íslands. Þar kemur einnig fram að á sama tíma hafi framlög heimila til menntamála hækkað um fimm prósent og heimilin greiði nú 9,5 prósent af heildarútgjöldum til málaflökkisins.

Í yfirlýsingu sem stjórn KÍ sendi frá sér í tengslum við samantektina segir að stjórnmalamenn beri ríka skyldu til að tryggja þeirri kynslóð sem nú vex úr grasi sem besta framtíð. „Fyrir þennan hóp er ekkert mikilvægara en að hafa aðgang að

öflugu menntakerfi. Samdráttur í framlögum til menntamála er því óverjandi. Á komandi árum mun góð menntun hafa úrslitaáhrif á afkomu þeirra einstaklinga sem hér munu búa sem og þjóðarinnar í heild. Stjórnmalamenn verða að hafa framtíðarsýn því ákvarðanir dagsins í dag munu hafa áhrif á afkomu þjóðarinnar næstu áratugi. Þó stjórnmalamenn staðhæfi á tyllidögum að þeir vilji veg menntakerfisins sem mestan sýna þær tölur sem hér er vitnað til að slíkur vilji endurspeglast ekki í útgjöldum hins opinbera til menntamála. Stjórn KÍ hvetur því stjórnmalamenn til góðra verka við að styrkja menntakerfið. Framtíðin er í húfi.“

ORLOFSSJÓÐUR KÍ LEITAR AÐ HÚSUM



Orlofshús KÍ á Flúðum.

Veistu um eign á landsbyggðinni eða erlendis? Orlofssjóður KÍ óskar eftir orlofseignum, góðum sumarústöðum og/ eða íbúðum, til framleigu fyrir félagsmenn sumarið 2018. Leigutímabil er frá 8. júní til 10. ágúst, eða níu vikur. Möguleiki er á að skoða styttri leigutíma en þó ekki skemur en fimm til sex vikur.

Áhugasamir eru beðnir að senda tilboð til Orlofssjóðs, netfangið er orlof@ki.is. Í tilboði þarf að vera lýsing eignar, ástand, stærð, byggingarár, herbergjaskipan, staðsetning og verðhugmyndir. Ljósmyndir af eign og nánasta umhverfi þurfa einnig að fylgja.



Frá sjötta þingi KÍ sem haldið var á Grand Hótel Reykjavík dagana 1. til 4. apríl 2014.

STEFNA KÍ MÓTUÐ Í APRÍL 2018

Sjöunda þing Kennarasambands Íslands verður haldið dagana 10. til 13. apríl 2018 á Hilton Reykjavík Nordica. Þingið hefur æðsta vald í málum KÍ en þar er stefna

sambandsins til næstu fjögurra ára mótuð. Tæplega 250 félagsmenn Kennarasambandsins eiga rétt til setu á þinginu. Þórður Á. Hjaltsted mun láta af embætti

formanns í lok þingsins og nýr formaður taka við keflinu. Kosningu um nýjan formann var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

FORMANSSKIPTI Í SKÓLASTJÓRAFÉLAGINU

Þorsteinn Sæberg hefur tekið við formennsku í Skólastjórafélagi Íslands. Fráfarandi formaður, Svanhildur María Ólafsdóttir, gaf ekki kost á sér til endurkjörs en hún hefur gegnt formennsku í félaginu síðan 2010. Aðalfundur Skólastjórafélagsins fór fram 14. október síðastliðinn.

Þorsteinn Sæberg kemur til starfa í Kennarahúsinu um næstu mánaðamót en hann hefur um árabíl verið skólastjóri í Árbæjarskóla. Ný stjórn Skólastjórafélagsins er auk Þorsteins skipuð Ástu Steinu Jónsdóttur, Ingileif Ástvaldsdóttur, Jóni Páli Haraldssyni og Magnúsi J. Magnússyni. Varamenn eru Arnbjörg Stefánsdóttir, Álfheiður Einarsdóttir og Hermann Örn Kristjánsson.

Svanhildur María Ólafsdóttir og Þorsteinn Sæberg.





SPJALDTÖLVUVERKEFNIÐ SEM SNÝST EKKI UM SPJALDTÖLVUR

Kópavogsbær hefur afhent um þrjú þúsund grunnskólanemum í fimmta til tíunda bekk spjaldtölvur til notkunar í skólum bæjarins. Um 500 spjaldtölvum hefur verið dreift til kennara. Verkefnið hófst fyrir þremur árum.

Myndir: Anton Brink



Björn Gunnlaugsson stýrir innleiðingu spjaldtölvukennslu í Kópavogi og Sigurður Haukur Gíslason starfar sem einn af

þremur kennsluráðgjöfum í tengslum við verkefnið. Útsendari Skólavörðunnar settist niður með þeim félögum á haustdögum og byrjaði á að spyrja einfaldlega hvernig gengi.

„Ætli við getum ekki allavega sagt að það hafi komið í ljós að verkefnið er ekki misheppnað,“ segir Björn og hlær. Hann bætir við að líklega hafi allir sem hafi tekið

þátt í verkefninu áttað sig á að ekki yrði aftur snúið. „Við finnum að það hafa orðið töluverðar breytingar á skólastarfinu frá því verkefnið hófst. Nemendur segjast vera ánægðari og áhugasamari um námið því þeir hafa aukið val um hvernig þeir nálgast viðfangsefni og hvernig þeir vinna verkefni. Vægi beinnar töflukennslu og eyðufyllinga-verkefna hefur minnkað hjá kennurum og þeir eru í auknum mæli að leggja fyrir samvinnuverkefni þar sem nemendur vinna á skapandi hátt sem er einmitt í samræmi við þau markmið sem lagt var upp með.“

„Við getum útskýrt muninn með því að taka sem dæmi verkefni um hvali,“ segir Sigurður. „Hér áður fyrir þurftu allir að skrifa 100 orða samantekt en nú geta nemendur valið að gera t.d. stutt myndband í iMovie, gera glærुकuningu eða eitthvað allt annað. Til viðbótar þá geta þeir auðvitað valið að skrifa þennan 100 orða pistil ef það hentar þeim best. Það að nemendur hafi val um framsetningu á verkefnum skiptir máli, því verkefnið sem slíkt er ekki markmiðið heldur að nemendur fræðist um hvali. Enda snýst innleiðingin á spjaldtölvum í raun ekki um spjaldtölvur heldur að innleiða breytta kennsluhætti og breyta þeim í kennsluhætti 21. aldarinnar.“

Með snjallsíma í fyrsta bekk

„Við þetta má bæta að spjaldtölvun eykur möguleika á einstaklingsmiðuðu námi til muna,“ segir Björn. „Tökum sem dæmi þá sem eru sterkir námslega. Þeir hafa þarna möguleika á að kafa dýpra í náms-efnið þegar við erum ekki með samræmd verkefni. Þessir nemendur geta þá unnið mun flóknari og margslungnari verkefni. Þetta er eitthvað sem kennarar hljóta að taka fagnandi því það hefur lengi vafist fyrir skólakerfinu hvernig á að koma til móts við þessa sterku nemendur.“

Snjalltækin gagnist þannig öllum enda sé verið að færa skólastarfið í átt að daglegum veruleika nemenda. „Nemendur alveg niður í fyrsta bekk eru komnir með snjallsíma í hendur og eru vanir að geta nýtt sér þessi tæki til bæði gagns og gamans. Það er þeim fagnaðarefni að geta beitt sömu aðferðum við fróðleiksöflun í skólanum og í lífinu utan skóla,“ segir Björn.

Þið talið um breytt vinnubrögð nemenda. En hvað með kennarann, hvernig þarf hann að breyta sinni vinnu?

„Hann þarf að kunna að sleppa,“ segir Sigurður ákveðinn. „Það er það fyrsta. Hjá mörgum þá er það spurning um tíma en ef þú ert að bæta við þig verkefnum þá verður þú að taka eitthvað út. Og ég held að flestir kennarar geri það og flestir hafa tileinkað sér þessa nýju tækni. En við höfum auðvitað alltaf dæmi um kennara sem ætla sér að nota tæknina en samt ekki fyrr en á morgun. Í dag ætla þeir aftur að ljósrita kennslufnið eins og þeir hafa alltaf gert.“

Vantar tíma til að nýta stuðning

Mikil áhersla er lögð á stuðning við kennara í Kópavogi og þar með talið að aðstoða þá við að tileinka sér tæknina og breytta kennsluhætti. „Við tryggjum stöðugan aðgang að símenntunartækifærum fyrir kennara hvort sem það er í formi námskeiða, kynninga eða einstaklingsráðgjafar. Í öllum skólum í sveitarfélaginu eru svokölluð leiðtogateymi sem í eru fimm til sex kennarar sem eiga það sameiginlegt að vera áhugasamir, viljugir og jákvæðir í garð verkefnisins og það má segja að þessi teymi dragi vagninn í hverjum skóla fyrir sig. Mér finnst að þetta fyrirkomulag hafi reynst ágætlega. Algengt umkvörtunarefni kennara er að þeir hafa ekki alltaf tíma til að nýta sér þann stuðning sem er í boði.“

Það hefur oft verið talað um að skólakerfi séu í eðli sínu íhaldssöm og það er þá ekki síst í augum almennings. Engu að síður hefur gengið vel að innleiða nýja kennsluhætti á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að verkefnið hófst. „Almenningur hefur ákveðnar skoðanir á því hvernig skólastarf á að vera og þær skoðanir mótast yfirleitt af því hvernig skólastarf var á þeim tíma sem viðkomandi var í skóla. Og svo sjáum við þetta líka að mjög mörgu leyti endurspeglast í nemendum sem hafa oftast en ekki gríðarlega gamaldags hugmyndir um hvað nám er, og finnst að ef þeir eru ekki með blað og blýant að fylla út í eyður að þá séu þeir ekki í alvöru námi. Ákveðin viðhorfsbreyting þarf því að eiga sér stað og auðveldasti hópurinn hvað það varðar eru kennararnir því að fagfólkið veit hvað þarf til að nám fari fram,“ segir Björn.

„Skólakerfið á ekki að hlaupa á eftir öllum nýjustu bóllum heldur á það að vera íhaldssamt, ef við horfum t.d. á 20. öldina þá voru tækniframfarir fremur hægar og skólakerfið breyttist í rólegheitum og fylgdi

samfélaginu. Það sem gerðist með tölvu- og snjalltækjatekninni upp úr aldamótunum var að það varð veldisvöxtur í tækninni og allt í einu fylgdi skólakerfið ekki almennilega á eftir,“ segir Sigurður.

Skólakerfið þarf að breytast

„Það er stundum talað um að fjórða iðnbyltingin sé hafin með tækni- og netvæðingu samfélagsins,“ segir Björn.

„Atvinnulífið er að breytast gríðarlega hratt og við vitum að fjölmörg þeirra starfa sem fólk sinnir í dag munu hverfa á næstu árum og áratugum. Um leið vitum við að mörg börn sem í dag eru í grunnskóla munu hafa lífsviðurværi af störfum sem ekki er enn búið að finna upp. Þetta kallar á breytingar því skólakerfi 20. aldarinnar gekk út á að kenna börnum samhæfingu, samræmd vinnubrögð (að vinna eins), að vera jafn lengi að hlutumum, að fara í pásu þegar bjallan glymur o.s.frv. Þarna var verið að innprenta heim verksmiðjustarfsfólksins, en sá veruleiki er einfaldlega að hverfa. Við sjáum að fyrirtæki í dag vilja ráða

einstaklinga með leiðtogaþæfni, frumkvæði, samvinnu- og samskiptaþæfni, tækni-kunnáttu, aðlögunarþæfni o.s.frv. Hvernig á að gera börnin í stakk búin til að takast á við þetta ef skólasterfið er ekki í takt við lífið?“

„Við verðum líka að velta fyrir okkur af hverju verið er að mennta börn,“ segir Sigurður. „Ástæðan er að það sýnir sig alls staðar í heiminum að því meiri menntun sem börn hljóta, því betur standa þau í lífinu. Því meira sem þjóðin er menntuð, því betri eru lífsgæðin. En skólakerfið verður að þróast og það hefur ekki gert það

nægilega hratt síðustu árin. Atvinnulífið hefur til dæmis í mörg ár verið að kalla eftir raungreinamenntuðu fólki og hvað höfum við verið að gera í því? Ekki neitt. Það vantar líka tölvunarfræðinga, það var alltaf sagt að markaðurinn yrði mettaður en það hefur aldrei gerst. Þá fer maður að spyrja, af hverju er ekki hlustað á hvað atvinnulífið segir núna? Atvinnulífið er að taka gríðarlega miklum breytingum þessi misserin og það mun breytast ennþá meira á komandi árum. Skólakerfið verður að taka tillit til þess.“

Fjórir starfsmenn í fullu starfi vinna við innleiðingu spjaldtölva í Kópavogi. Verkefnastjóri (Björn) hefur yfirumsjón með allri innleiðingu og ber ábyrgð á samskiptum við bæjaryfirvöld, skólastjórnendur og aðra sem taka þátt í verkefninu. Kennsluráðgjafar eru þrír talsins (þar á meðal Sigurður Haukur) en þeirra verkefni er að styðja við kennara í sveitarfélaginu.

Sérstakur stýrihópur hefur yfirumsjón með verkefninu en í honum sitja forstöðumenn upplýsingateknideilda og menntasviðs, bæjarstjóri, bæjarritari og Björn. Skólastjórar í bænum funda reglulega um verkefnið. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á vefnum www.innleiðing.com.



Björn Gunnlaugsson og Sigurður Haukur Gíslason á ráðstefnunni „Innfædd á internetinu“ sem haldin var í Hörpu á Alþjóðadegi kennara, 5. október. Á ráðstefnunni var fjallað um snjalltækjanotkun í kennslu.



LAUN OG ÁLAG HREKJA KENNARA FRÁ SKÓLUNUM


Innan við 10% þeirra sem hafa réttindi til að kenna í grunnskólum landsins en kjósa að starfa á öðrum vettvangi telja einhverjar líkur á að snúa aftur til kennslu á næstu tveimur árum. Af þeim 90% sem telja ólíklegt að þau snúi aftur til kennslu eru 33% sem segja það einfaldlega útilokað. Þetta kemur fram í könnun á meðal útskriftaranga úr kennaranámi HÍ og HA árin 2000 til 2012. Gerð er grein fyrir þessu í skýrslu til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara í Reykjavík.

Í könnuninni kemur fram að 49% þeirra sem útskrifuðust úr kennaranámi á þessum árum hafa ekki starfað við kennslu að námi loknu. Greinilegt er að einhverjir hafa prófað kennsluna en hætt og snúið sér að öðru því aðeins 47% þeirra sem útskrifuðust á þessum árum störfuðu við kennslu þegar könnunin var gerð. Af þeim segja 75% að launakjör hafi haft mikil áhrif á ákvörðun sína og 64% nefndu vinnuálag sem áhrifaþátt.

Övenju erfitt reyndist að manna grunnskóla landsins í haust og líkur eru á að sá vandi eigi eftir að aukast. Ríkisendurskoðun hefur bent á vandann og í skýrslu sem kom út í byrjun ársins hvetur stofnunin


stjórnvöld til að gripa til aðgerða til að koma í veg fyrir aðsteðjandi kennaraskort. Könnun meðal útskrifaðra kennara gefur ekki tilefni til bjartsýni því til viðbótar við þá staðreynd að meirihluti þeirra sem útskrifast úr kennaranáminu starfar ekki við kennslu, segjast fjölmargir starfandi kennarar oft eða reglulega ihuga að skipta um starfsvettvang. Nánar tiltekið segjast

HUGSAD UM AÐ FARA ÚR KENNSLU SEINUSTU 12 MÁNUÐI



39% þeirra starfandi kennara sem svöruðu könnuninni oft ihuga að skipta um starfsvettvang og annar eins hópur segist hafa velt því fyrir sér stöku sinnum. Aðeins 24% starfandi kennara segjast aldrei hugsa um að skipta um starfsvettvang.


SJÁLFMETIN LÍKINDI Á AÐ STARFA VIÐ GRUNNSKÓLAKENNSLU NÆSTU 2 ÁR



Þú verður að vera það sem þú vilt að aðrir verði

Þetta snýst ekki bara um okkur kennarana, heldur snýst þetta um það hvernig nemendur læra

Dr. Zachary Walker var aðalfyrirlesari á Skólamálaþingi KÍ og Skólameistarafélags Íslands sem haldið var í Hörpu á Alþjóðadegi kennara, 5. október síðastliðinn.



ennarar og skóla-
stjórnendur ræða
líklega fátt meira en
hvort leyfa eigi snjall-
síma og spjaldtölvur í
skólalastarfi og ef já,
þá hvernig. Raunar
nær umræðan
langt út fyrir raðir

kennara, meðal annars nú nýverið í kjölfar sjónvarpsfréttar á RÚV þar sem sagt var frá dönskum grunnskóla sem úthýsti öllum snjallsímum. Margir stukku til og lýstu yfir ánægju með framtíð. Aðrir sögðu það arfavitlaust.

Einn þeirra síðarnefndu er fræðimaðurinn Zachary Walker, sem síðustu ár hefur starfað fyrir The National Institute of Education í Singapore. Hann segir það furðulega afstöðu hjá fólki, sem flest noti snjalltæki bæði í leik og starfi, að vilja banna snjalltæki í skólum. Þessi tæki bjóði upp á alls konar möguleika í kennslustofunni og einmitt þar þurfi að kenna nemendum að umgangast þau. „Rök margra kennara sem vilja ekki nýta þessi tæki eru að með því missi þeir stjórnina í kennslustofunni. En staðreyndin er að þeir hafa aldrei haft fulla stjórn á nemendum. Ég man til dæmis eftir fjölmörgum kennslustundum þar sem ég þóttist vera að fylgjast með, en hugurinn var víðsjarri. Ég var annað hvort að hugsa um körfubolta eða sætu stelpuna við hliðina á mér. Kennarinn hefur aldrei getað stjórnað hugsunum nemenda og því hefur hann aldrei haft fulla stjórn á þeim.“

Að prófa sig áfram

Zachary segir að notkun á tækjum á borð við snjallsíma og spjaldtölvur snúist í raun ekki um tækin sjálf heldur breytta kennsluhætti. Kennarar þurfi heldur ekki að vera sérfræðingar í tækninni til að geta nýtt hana. „Ég fór til dæmis sjálfur mjög seint að nota snjallsíma og er langt frá því að vera einhver tæknigúrú. Sem barn gerði ég fátt annað en að lesa og stunda íþróttir. En í dag viðurkenni ég að snjalltæki eru hluti af veruleika barna og að við þurfum að taka tillit til þess við kennslu. Ég þurfti sjálfur

að breyta viðhorfi mínu til þessara tækja í kennslu á sínum tíma og ákveða að ég yrði að prófa nýja hluti. Ég er fyrsti maðurinn til að viðurkenna að ég veit ekki jafnmikið um þessi tæki og margir í kringum mig, og þá er ég bæði að tala um kennara og nemendur. Ég bið oft kennara að meta tæknikunnáttu sína á skalanum einum til fimm, þar sem einn þýðir að fólk kunni varla að kveikja á snjallsíma en fimm þýðir að þeir noti hann ekki einungis á hverjum degi heldur kunni afar vel á tækið. Í framhaldi spyr ég þá sem svara með fimm, hvernig komst þú þangað? Svárið er alltaf það sama – ég prófaði mig áfram. Það er lykillinn. Ef þú kannt lítið á tæknina þarftu að prófa þig áfram og þú verður að muna að það fæðist enginn með þekkingu á henni. Það er stundum talað um að börn nú til dags séu „innfædd á internetinu“ nánast eins og þau hafi fæðst með hæfileika til að nota þessi tæki. En það er þvæla. Það fæðist enginn með iPhone í hendinni. Munurinn á þeim sem kunna lítið á tæknina og þeim sem kunna mikið liggur í hugarfarinu; annað hvort ertu tilbúinn að prófa hluti nokkrum sinnum eða ekki.“

Viðhorfið er lykilatriði

„Í því sambandi segi ég oft frá kennara sem sagði við mig; þú verður að vera það sem þú vilt að aðrir verði. Þú verður sem sagt að vera fyrirmynd nemenda í einu og öllu. Ég held að best sé að útskýra þetta með dæmi. Ef kennari er að nota spjaldtölvur í tíma en eitthvað klikkar þá hefur kennarinn val. Hann getur sagt: heyrðu, þetta gekk ekkert sérstaklega vel en við skulum bara prófa þetta aftur á morgun. Nemandi sem verður vitni að þessu tekur þetta hugarfar með sér. Næst þegar honum mistekst þá bregst hann við með því að prófa aftur, og þá gengur vonandi betur. Ef kennarinn í þessu dæmi hefði sagt: heyrðu, þetta er ómögulegt, þetta ætla ég ekki að prófa aftur, þá bregst nemandinn eins við ef eitthvað kemur upp á. Þannig að viðhorf kennara og framkoma skiptir máli, bæði hvað varðar tækni en líka almennt. En þetta snýst ekki bara um okkur kennarana, heldur snýst þetta um það

hvernig nemendur læra. Ef nemendur geta lært eitthvað í gegnum Google, af hverju ætti kennarinn ekki að leyfa það? Ef bekkur ákveður að vinna verkefni með því að nota app, af hverju fögnum við því ekki? Er það bara vegna þess að kennarinn vill stýra því hvernig nemendur vinna? Svar mitt er já, það er alltof oft raunin. Og því þurfum við að breyta.“

Ekki tæki alltaf, alls staðar

Zachary gengur raunar svo langt að segja að kennarar muni ekki komast upp með það mikið lengur að neita að nýta snjalltæki við kennslu. Nemendur muni hætta að fylgjast með þeim kennurum sem ekki eru tilbúnir að aðlaga sig og þar með hætta að sýna kennslunni áhuga. „Að því sögðu þá kenni ég oft án þess að nota nokkra tækni. Ég segi sögur og nota alls konar tækni í kennslunni sem hefur ekkert með þessi snjalltæki að gera, þannig að það er ekki svo að nemendur eigi alltaf og alls staðar að nota þessi tæki. En það á ekki heldur að banna þau. Við þurfum að finna einhvern milliveg og þar held ég að það sé lykilatriði fyrir kennara að þeir átti sig á að tæknin gefur ákveðna möguleika – og að þeir nýti sér þá. Að lokum snýst þetta um að við stefnum öll að sama markmiði, sem er að bjóða nemendum upp á sem besta kennslu. Skólastjórnendur bera mikla ábyrgð í þessum efnum og mín skoðun er að þeir þurfi að styðja við þá kennara sem hafa áhuga á að prófa sig áfram og þróa sína kennslu. Við getum skipt kennurum upp í þrjú hópa, svona gróflega. Um 20 prósent þeirra eru viljug að prófa sig áfram og um 20 prósent hafa engan áhuga á því. Síðan eru það 60 prósentin sem eru þarna á milli. Mér finnst áherslan allt of oft vera á þessi 20 prósent sem engu vilja breyta. Ég held að það skili engu og að í staðinn eigi skólastjórnendur að gera allt til að styðja við bakið á þeim sem eru tilbúnir til að prófa nýja hluti. Ef þeir vilja fara á námskeið þá eiga þeir að fá tíma og tækifæri til þess. Ef þeir vilja fara á ráðstefnu til Amsterdam þá er það ekkert vesen. Því þessi hópur dregur 60 prósentin með sér, eykur áhugann hjá þeim og breytir viðhorfi þeirra,“ segir Zachary Walker að lokum.

MIKILL VILJI TIL LAUNAHÆKKANA FYRIR KOSNINGAR – EN HVAD SVO?

Í snarpri kosningabaráttu, sem hófst 14. september þegar Björt framtíð sleit stjórnarsamstarfi við Viðreisn og Sjálfstæðisflokk og lauk með kosningum 28. október, var margt tekið til umræðu. Frambjóðendur voru í mörgum tilfellum sammála og töldu að það þyrfti að styrkja heilbrigðiskerfið, innviðina, atvinnulífið og traust almennings á störf Alþingis. Einnig sögðu þeir að það þyrfti að rafbilavæða Ísland, huga að umhverfinu. Og mörgu öðru.

Það var óvenjulegt í aðdraganda kosninganna að þegar kjósendur voru spurðir út í áherslumál sín í kosningunum nefndu óvenju margir menntamál. Skólana sem nauðsynlega þyrfti að styrkja, kennarana

sem þyrftu að fá hærri laun og betri aðbúnað og nemendurna sem tryggja þyrfti framúrskarandi kennslu til frambúðar. Engu að síður varð umræðan um menntamál ekki hávær í kosningabaráttunni, þó einstaka þingmannsefni kæmi fram og lofaði auknum framlögum til menntamála. Hluti þeirra kom úr nýföllum meirihluta á Alþingi sem ætlaði, samkvæmt fjármálaáætlun sem sett var fram skömmu fyrir kosningar, hreint alls ekki að auka framlög til menntamála. En það er önnur saga.

Fögur fyrirheit

Stjórn Kennarasambandsins hafði af þessu áhyggjur og ákvað því með skömmum

fyrirvara að efna til opins fundar um menntamál með fulltrúum flokkanna níu sem buðu fram á landsvísu. Á fundinn mættu Björn Leví Gunnarsson (P), Jóhannes Stefánsson (D), Katrín Jakobsdóttir (V), Kjartan Þór Ragnarsson (B), Kolfinna Jóhannesdóttir (M), Nichole Leigh Mosty (A), Ólafur Ísleifsson (F), Páll Valur Björnsson (S) og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (C).

Það er of langt mál að rekja allar umræðurnar sem fóru fram á þessum tveggja tíma fundi en þeir sem hafa áhuga geta horft á upptöku af honum á vefsíðu Kennarasambandsins. Umræðurnar voru hins vegar góðar og það kom ekki á óvart að frambjóðendur kepptust við að ausa lofi á kennara, störf þeirra og menntakerfið. Frambjóðendur voru því ósparir á loforðin. Þeir lögðu einnig áherslu á að setja aukið



fjármagn í menntamálin og styrkja skóla á öllum skólastigum, hækka laun kennara, bæta vinnuáðstæður og styrkja innviði skólanna. Hvort þau fyrirheit verði efnd að kosningum loknum verður að koma í ljós, en það verður að viðurkennast að sporin hræða.

600 til 700 þúsund

Á fundinum voru frambjóðendur beðnir um að skrifa á blað þá upphæð sem þeir teldu sanngjörn laun fyrir nýútskrifaðan kennara. Allir nefndu upphæðir á bilinu 600 – 700 þúsund fyrir utan Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur sem ritaði á sitt blað töluna 480.000. Í kjölfar fundar sendi hún frá sér yfirlýsingu þar sem hún sagðist hafa skilið spurninguna þannig að hún ætti að nefna hver launin væru í dag. Hennar mat væri að þessi tala ætti að vera 650.000 til 700.000 krónur.



Með blaðið á lofti Piratinn Björn Leví Gunnarsson, Katrín Jakobsdóttir frá VG og Samfylkingarmaðurinn Páll Valur Björnsson svara spurningunni um hver byrjunarlaun nýútskrifaðs kennara eigi að vera.

Það velkjast fáir í vafa um að laun kennara þurfi að hækka og það verulega og þær tölur sem frambjóðendur nefndu eru væntanlega í takt við vilja almennings. Kennarar eru lykilstétt í samfélaginu og það þarf að greiða þeim í takt við það. En tala á blaði á opnum fundi um menntamál er

langt í frá það sama og upphæð á launaseðli kennara og frambjóðandi til Alþingis rétt fyrir kosningar er allt önnur dýrategund en sitjandi þingmaður eftir að kosningum lýkur. Engu að síður verður gagnlegt að geta minnt sitjandi þingmenn á þessa óopinberu og óvísindalegu skoðanakönnun á næstu árum.



Opinn fundur um menntamál Kennarasambandið stóð fyrir opnum fundi um menntamál 18. október síðastliðinn. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem buðu fram á landsvísi tóku þar þátt.

MYND: KRISTINN INGVARSSON

BREIÐHOLTSSKÓL

VERKSTJÓRN Í STAÐ TÖFLUKENNSLU

Texti: Svava
Jónsdóttir

Hildur Sigurðardóttir hefur starfað sem grunnskólakennari með hléum síðan 1970 og orðið vitni að þróun skólastarfsins á þessum tíma. Þegar hún hóf störf í Breiðholtsskóla haustið 1972 var t.d. kennt á laugardögum. Hún segir margt mjög vel gert í íslensku skólakerfi en ýmislegt megi þó gera betur. „Það þarf að setja aukna fjármuni í skólakerfið.“

Hildur Sigurðardóttir. „Það var alger bylting miðað við skólann í Flatey; hér í Breiðholtsskóla var meira að segja fjölrítunarvél og sprittstensílvél.“

Hildi Sigurðardóttur dreymdi um að verða íþróttakennari og vinna sem flugfreyja á sumrin en þá var sumarfríið rúmir þrjú mánuðir

„Svo urðu raðir tilviljana til þess að ég fór í Kennaraskólann. Á þessum tíma fór fólk í skólann eftir landspróf eða gagnfræðapróf sem var þá fjögurra ára nám. Krafist var stúdentsprófs örfáum árum seinna. Ég held að Kennaraskólinn hafi verið dálítið eins og almennur framhaldsskóli með talsverðri kennslufræði. Íslenska var kennd og stærðfræði sem og enska, danska og þýska. Einnig var kennd samfélagsfræði, saga, náttúrufræði, jarðfræði, íþróttir og tónmennt.“

Hildur útskrifaðist árið 1970.

„Þetta voru góð ár en maður verður kennari fyrst og fremst af reynslunni.“

Kennsluferillinn hófst í Flatey á Breiðafirði en þá var einungis kennt í þrjú mánuði á ári í litlum skólum sem þessum; þar kenndi ég níu börnum á öllum aldri og með fáar námsbækur, Íslandskort, heimskort og ofurlitla krítartöflu. Ég sat við upphækkað, gamalt kennarapúlt og var með kerti og oliulampa þegar tók að dofna á loftljósinu. Krakkarnir í Flatey voru einstaklega vel að sér í dýrafræði, eðli málsins samkvæmt, og sérstaklega öllu því sem snerti fugla. Þeir gátu bent út á sjó og sagt að þarna væru teistuungar frá síðasta vori. Það hefðu borgarbörnin ekki getað gert. Í Flatey lærði ég afskaplega margt nýtt og á þessi dýrðarstaður enn sterk ítök í mér. Í kennarastarfinu er maður alltaf að læra og mér finnst ég vera að læra enn þann dag í dag ekki síður en áður og þá er ég nú aðallega að hugsa um tæknimálin – en svo lengi lærir sem lifir.“

Sérkennaranám

Fljótlega eftir Flateyjarvölinu fékk Hildur starf í Breiðholtsskóla og kenndi þar í fimm ár – og þar kennir hún aftur í dag.

„Þetta var alger bylting miðað við skólann í Flatey; hér í Breiðholtsskóla var meira að segja fjölritunarvél og sprittstensilvél. Þá var það þannig að maður var kannski með einn bláan stensil sem síðan fór í vélina og þá prentuðust verkefnið út í bláu. Ef maður vildi vanda sig mikið var hægt að bæta rauðum og grænum lit við og það var nú eitthvað

fyrir forfallinn föndrara eins og mig.“

Hildur flutti með fyrrum eiginmanni sínum og tveimur sonum til Svíþjóðar árið 1979. Þar bjuggu þau í sex ár. Hildur kenndi íslenskum nemendum íslensku í nokkrum sveitarfélögum þar ytra auk þess að stunda nám í sérkennslu og útskrifaðist hún sem sérkennari frá Kennaraháskólanum í Malmö árið 1983.

„Ljósritunarvélur voru í skólunum í Svíþjóð og það fannst mér vera alger bylting en þær voru komnar í íslenska skóla þegar við fluttum aftur til Íslands.“

Það bættist í strákahópinn í Svíþjóð og þá, árið 1984, fékk ég heils árs barneignarfrí. Tveimur árum síðar þegar til Íslands var komið og fjórði guttinn fæddist voru það sex mánuðir sem þótti harla gott.“

Íslenska og smíði

Hildur hóf aftur störf við Breiðholtsskóla eftir að til Íslands kom. „Ég var íslenskukennari á unglingastigi í mörg ár sem var ótrúlega gefandi, skemmtilegt og lærdómsríkt fyrir mig.“

Hún lærði síðar smíðakennslu í Kennaraháskólanum. „Ég blandaði þessu svo saman – ég kenndi eldri krökkunum íslensku og þeim yngri smíði. Það var holl tilbreyting að kenna bæði eldri og yngri krökkum.“

Frá því að Hildur komst á eftirlaunaldur fyrir nokkrum árum hefur hún verið ráðin til eins árs í senn og í vetur er hún í tæplega 50% starfi sem heimilisfræðikennari.

„Ég kenndi í fyrravetur skapandi skrif og ensku í 4. bekk sem ég hafði aldrei kennt áður og árið þar á undan kenndi ég samfélagsfræði í 8. og 9. bekk sem ég hafði heldur ekki kennt áður. Ég tek það að mér sem út af stendur á haustin ef svo má að orði komast.“

Breyttir kennsluhættir

Breiðholtsskóli var þrjú ára skóli fyrsta árið sem Hildur kenndi þar og var þá kennt til hádegis á laugardögum.

„Ég kenndi dönsku fyrir hádegi og tók svo við öðrum bekk klukkan 13:50 sem var þriðja hollíð í þeirri stofu og var bekkurinn í skólanum til klukkan fimm; þetta er náttúrulega eitt af því sem var öðruvísi í þá daga.“

Myndvarpar voru komnar til sögunnar þegar Hildur hóf störf í Breiðholtsskóla og þá notaði hún þar til fyrir fimm árum þegar

skjávarpar leystu þá af hólmi. „Skjávarpar eru náttúrulega gjörbylting; maður getur sýnt það sem er að gerast úti í heimi og farið inn á Google Earth, en við notuðum okkur það nokkuð í samfélagsfræðinni.“

Farið var að nota tölvur í tímum fyrir aldamótin síðustu og það má segja að bylting hafi orðið í slíkri kennslu hin síðari ár. Tölvur eru fyrst og fremst notaðar sem verkfæri til upplýsingaöflunar og til kynninga á verkefnum, ritgerðasmíða og myndbandagerða. Próftaka og kannanir fara nú í auknum mæli fram á tölvum. Upplýsingatæknin hefur fest sig í sessi og er komin til að vera.“

Hildur segir að bein kennsla, töflu-kennsla, í öllum námsgreinum hafi minnkað mikið með tilkomu internetsins. „Nú er meira um hópavinnu og aukin áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Það er mikið um að nemendur leiti upplýsinga á netinu og nýti sér upplýsingatækni við verkefnagerð, sem er náttúrulega samþætting námsgreina.“

Í Breiðholtsskóla er upplýsingaver sem er mjög mikið notað en þar fer fram gríðarlega framsækin kennsla í hvers konar verkefnagerð. Þá fáum við oft utanaðkomandi fyrirlesara sem fræða nemendur nánar og segja frá sinni vísindagrein. Þessir fræðimenn hafa greinilega kveikt áhuga nemenda á viðfangsefninu.“

Fleiri námsgreinar

Kenndar eru mun fleiri námsgreinar en þegar Hildur byrjaði að kenna og nefnir hún m.a. trúarbragðafræði, útikennslu og lífsleikni. „Lífsleiknin er mjög þörf námsgreinn því þar er m.a. tekið á eineltismálum, samstarfi og vímuefnavörnum þar sem við á.“

Í unglingadeildinni okkar er í vetur boðið upp á ýmsar valgreinar svo sem skapandi skrif, umferðarfræðslu, leiklist, bolta og íþróttir, skólahreysti, textílmenn, skák og myndmennt. Þar að auki er boðið upp á sjálfsstyrkingu í 10. bekk.“

Á miðstigi eru börnin í leiklistarhópum og sýna metnaðarfullar leiksýningar í lok námskeiðsins.

Þá má nefna fjölbreyttara úrval námsbóka miðað við áður. „Úrval námsbóka er meira í flestum námsgreinum auk alls netefnisins.“

Skóli án aðgreiningar

Hildur nefnir skóla án aðgreiningar sem

dæmi um það sem ekki var þegar hún byrjaði að kenna.

„Við erum að taka við börnum sem áður voru í sérskólunum en skóli án aðgreiningar er umdeilanlegur, aðallega fyrir þær sakir að undirbúningur fyrir þær breytingar hefur verið af mjög skornum skammti. Það hefði þurft að undirbúa skólastarfið svo mikið betur fyrir þessa breytingu. Á hinn bóginn er það tvímælalaust hollt fyrir börn að sjá að við erum ekki öll eins og það þarf að taka tillit til þeirra sem skera sig úr á einhvern hátt. Við þurfum öll að koma til móts við þessi börn og finna okkur í hinni nýju stöðu. Það er tvennt sem mér finnst sérstaklega að þurfi að bæta en það strandar ævinlega á fjármagni til skólanna. Menntaðir sérkennarar þurfa að vera við hlið hins almenna kennara og hinn almenni kennari verður að fá aukna menntun í sérkennslu með hliðsjón af þessum breyttu skólaháttum. Við þurfum að fá meiri stuðning og fræðslu um hvernig við eigum að kenna þessum nemendum. Allt þetta kallar á aukið fjármagn sem ráðamenn virðast ekki hafa skilning á.“

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað undanfarin ár og segir Hildur að það einnig kalli á breytingu skólastarfsins.

Breytingar á stjórnunarháttum hafa orðið á þessum tíma.

„Þegar ég hóf störf í Breiðholtsskóla var hér skólastjóri og yfirkennari. Nú eru í skólanum skólastjóri og aðstoðarskólastjóri og þrjár deildarstjórar í 50% stöðum.“

Hildur nefnir að skólaárið sé mun lengra nú en þegar hún byrjaði að kenna en þá fengu nemendur um þriggja mánaða sumarfrí.

Góðir kennarar

Hildur er spurð hvað einkenni góðan kennara.

„Hann þarf að mínu mati að búa yfir mikilli þolinmæði, festu, áhuga á náms-efninu, hlýju og mannkærleika auk þess sem ekki sakar að hann sé hugmyndaríkur og spaugsamur. Fyrir lifandi löngu var einn sona minna með íslenskukennara í framhaldsskóla sem hann var mjög hrifinn af. Ég spurði hvað væri svona gott og merkilegt við þennan tiltekna kennara. Svarið var einfalt: „Hann er svo rosalega heimilislegur.“ Þetta svar sagði mér margt um hvernig ungmennti upplifa góðan kennara og hve nauðsynlegt það er að vera hlýr og afslappaður auk þess



Hildur við kennslu í Flatey á Breiðfirði. Olíulampi stendur á borðinu.

að vera fær í að miðla sínu námsefni.

Það þarf náttúrulega að miðla náms-efninu á áhugaverðan hátt þannig að börn finni tilgang með að læra; ef maður er að kenna eitthvað sem börnin finna ekki tilgang í er það dálítið borin von í raun og veru því tilgangurinn skiptir svo miklu máli. Þess vegna finnst mér svo gaman að kenna heimilisfræði því afraksturinn er kominn til þeirra í lok tímans. En heimilisfræðin snýst ekki bara um að baka og elda því í þessum tímum fer fram margvísleg almenn umræða, meðal annars um matarmenningu og síði í öðrum löndum og borðhald. Við ræðum einnig mikið um hreinlæti, matarsóun, plastmengun og náttúruvernd í beinu framhaldi.“

Læsi

Hildur segir að það þurfi að efla læsi. „Það er mjög brýnt mál því það að vera vel læs er lykillinn að öllu námi. Það þarf að viðhalda móðurmálinu – og gott betur en það – og efla læsi. Byrjendalæsi og Pals var innleitt hér í skólanum fyrir nokkrum árum með mjög góðum árangri. Það lýsir sér í betri námsárangri sem nýlegar kannanir hafa

leitt í ljós. Það má aldrei sofna á verðinum gagnvart móðurmálinu okkar. Þar erum við skólafólkið í lykilstöðu ásamt fjölmiðlunum. Þessi vísa er aldrei of oft kveðin.“

Sjálfskraust

Hildur segir að sér finnist það vera sér mikið lán að hafa valið kennarastarfið.

„Ég hef kynnst dásamlegu fólki í skólanum mínum. Fyrir utan nemendurna hef ég eignast marga af mínum bestu vinum hér innan veggja skólans, bæði kennara og annað starfsfólk. Það gleður mig þegar ég sé að fyrrverandi nemendum okkar gengur vel; en ég get auðvitað ekki fylgst með öllum. Við erum að undirbúa nemendur undir lífið og það er náttúrulega stærsta áskorunin að undirbúa þá undir framhaldsnám. Breiðholtsskóli er mjög góður skóli og það er okkar stærsta markmið í raun og veru að skila nemendum héðan sem öflugum einstaklingum; ekki bara öflugum námsmönnum heldur líka fólki með sjálfskraust og sjálfsvirðingu. Það eflir sjálfsvitund krakka, eins og allra annarra, að ná árangri. Ef við getum hjálpað þeim að ná settu marki er til einhvers unnið.“

KENNARAR ERU JÁKVÆÐIR Í GARÐ TÆKNINÝJUNGA

Góð þátttaka var á umræðufundi KÍ sem bar yfirskriftina „Verður framtíðarkennarinn app?“

Um áttatíu manns sóttu umræðufund KÍ sem var meðal viðburða á Fundi fólksins sem fram fór í Hofi á Akureyri í september.

Lagt var upp með spurninguna hvort kennarinn yrði óþarfur í framtíðinni; hvort tæknin myndi leysa hann af hólmi. Þá var velt upp spurningunni hvort tölvu- og tæknivæðing nútímans væri til þess fallin að auka skilvirkni og gæði í skólastarfi.

Fjórugar umræður voru á fundinum en í pallborði voru Anna R. Árnadóttir, leikskólastjóri Krógabóls, Hans R. Snorrason, grunnskólakennari í Hrafnagilsskóla, Guðjón H. Hauksson, framhaldsskólakennari í Menntaskólanum á Akureyri og Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi í Háskólanum á Akureyri. Fundarstjóri var Aðalheiður Steingrimsdóttir, varaformaður KÍ.

Fram kom að kennarar líta tækniþróun nútímans jákvæðum augum og telja að tölvu- og netvæðing geri það að verkum að hægt sé að búa til fjölbreyttara námsefni, ná betur til nemenda og gera námið meira einstaklingsmiðað en áður. Hlutverk kennarans var rætt og fram kom að eftir sem áður verði það mikilvægt. Hversu tæknivæddir sem nemendur eru þá verður alltaf þörf fyrir mannlega handleiðslu; kennara sem hefur yfirsýn, hvetur og veitir aðhald.

Hvenær verður nemandinn í forgrunni en ekki kennarinn? spurði Helena Sigurðardóttir kennsluráðgjafi. Hún sagði nemendamiðað nám hafa átt erfitt uppdráttar hérlandis og þar þyrfti að bæta úr.

Kennsluhættir hafa tekið breytingum og svo mun verða áfram. Fram kom að þörfin fyrir einhæfa kennsluhætti, svo sem að lesa upphátt af glærum, væri hverfandi en þess í stað ættu menntayfirvöld að hvetja til útgáfu námsefnis í tölvutæku formi, myndböndum og öðru slíku sem hentaði betur í kennslu.

„Tilgangur skóla er að vera samfélag utan um nemendur þar sem þeir vinna í hópum og afsala sér ákveðnu einstaklingsfrelsi til hópsins og læra að búa í samfélagi. Það er skóli og þess vegna getur kennari ekki verið app,“ sagði Guðjón H. Hauksson.



Anna R. Árnadóttir, Guðjón H. Hauksson, Helena Sigurðardóttir og Hans Rúnar Snorrason voru í pallborði á viðburði Kennarasambandsins á Fundi fólksins 2017 á Akureyri.

NÁMSEFNI VERÐI ÓKEYPIS OG FRAMBOÐ AUKIÐ

Löngu er tímabært að ráðast í aðgerðir til að auka framboð á vönduðum og fjölbreyttum náms- og kennslugögnum. Náms- og kennslugögn eiga að vera nemendum að kostnaðarlausu frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla og í tónlistarskólum til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag og aðstæðum.

Svo hljóðar inntak ályktunar sem var samþykkt á málþingi Skólamálaráðs KÍ, sem fram fór 5. september síðastliðinn. Ríflega 60 manns sóttu málþingið. Erindi fluttu Anna María Gunnarsdóttir framhaldsskólakennari, Daniel Arason, fyrrverandi skólastjóri, Fjóra Þorvaldsdóttir leikskólakennari, Kristjana Hrafnadóttir grunnskólakennari, Ómar Örn Magnússon aðstoðarskólastjóri, Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri, Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri og Aðalheiður Steingrimsdóttir, varaformaður KÍ.

Meðal aðgerða sem fundurinn lagði til voru bætt aðgengi nemenda að tölvum og tækniúnaði, afnám skatts á bækur og úttekt á þörfum nemenda og kennara fyrir vönduð náms- og kennslugögn. Hægt er að horfa á málþingið á vef Netsamfélagsins, www.netsamfelag.is. Yfirskriftin er: Skóli framtíðar – námsgögn fortíðar.





Verkefnið í sveitinni eru árstíðabundin en börnin hafa jafnan mikið frelsi til athafna.

FERÐAST MEÐ HRISTIDOLLU OG VERJA DEGINUM Í SVEITINNI

Texti:
Borgþór
Arngrímsson

Peir fjölmörgu Íslendingar sem flutt hafa til Danmerkur á liðnum árum og öldum hafa iðulega rekið sig á að sinn er síður í landi hverju. Þótt þjóðirnar séu skyldar og margt líkt með þeim er þó ýmislegt með öðrum hætti hjá Dönum en heima á Fróni. Það á til dæmis við um marga leikskóla.

Leikskólar í sveitarfélaginu Kaupmannahöfn eru tæplega fjögurhundrað. Margir þeirra eru jafnframt það sem Danir nefna *vuggestue* en þar getur barn dvalist upp að þriggja ára aldri en þaðan liggur leiðin í leikskólann. *Folkeskolen*, hefðbundin skólagaanga, tekur svo við árið sem barnið verður sex ára.

Starfsemi leikskólanna í Kaupmannahöfn er ekki öll með sama sniði. Margir þeirra eru það sem kalla mætti hefðbundna, þar sem börnin mæta á morgnana og fara heim síðdegis. En þar eru líka annars konar leikskólar.

Um það bil 60 leikskólar í borginni eru það sem kallað er á dönsku *udflytterbørnehave*. Þá mæta börnin á ákveðinn brottfararstað að morgni og fara síðan með rútu á tiltekinn stað fyrir utan borgina og dvelja þar yfir daginn. Svo er haldið heim með sömu rútnu síðdegis.

Sums staðar gildir þetta fyrirkomulag alla virka daga en einnig eru dæmi um að starfsemi sé þannig háttáð að einungis hluti hópsins fari í rútu hverju sinni og aðrir nemendur séu „heima“. Þannig fer hvert barn kannski burt úr borginni eina viku í mánuði en er svo „heima“ hinar þrjár vikurnar. Í enn öðrum leikskólum er dvölinni utanbæjar og heima skipt jafnt. Svo má nefna tilbrigði sem felur í sér að leikskóli hafi afnot af rútu tiltekna daga í hverjum mánuði.

Rumlepotten, sem kannski mætti kalla hristidolluna, er sérútbúin rúta með eldhúsi, snyrtingu, stól með áföstu borði (sem hægt er að breyta í rúm) og aðstöðu til að þurrka föt o.fl. Fjórtán leikskólar í Kaupmannahöfn nota hristidollu og þá fara börnin kannski nokkra daga í senn burt úr leikskólanum; rútan fer í dag á ströndina, á

morgun út í skóg, daginn eftir á þriðja staðinn og fjórða daginn enn annað.

Tiðindamaður Skólavörðunnar í Kaupmannahöfn hitti foreldra tveggja leikskólasnáða. Fyrst foreldra Úlfs Birkis Bjarnasonar sem er fimm ára og er í *udflytte-börnehave* þar sem farið er úr borginni alla virka daga. Foreldrar hans, þau Hafrún Elma Símonardóttir og Bjarni Davíð Guðmundsson, fluttu ásamt Úlfi og eldri bróður hans, til Kaupmannahafnar í desember 2015 og búa skammt frá Österport lestarstöðinni. Úlfur fékk strax í ársbyrjun 2016 pláss í leikskóla. Hafrún og Bjarni sögðust ekki beint hafa verið að leita að svona leikskóla og þau hefðu svo sem ekki vitað mikið annað en að börnin færu úr bænum alla daga. En þetta var það sem þeim var boðið.

Maturinn í leikskólanum var sérkapítuli í byrjun

Hefðu þið valið svona leikskóla ef annað hefði boðist?

Nei, það hefðum við ekki gert, einfaldlega af því að við þekktum þetta ekki. Í dag myndum við ekki hika við að velja svona leikskóla og mælum með því við hvern sem er. Eini gallinn er að ef barnið veikist og verður að fara heim á miðjum degi þá tekur langan tíma að sækja það. Við vorum aðeins efins í upphafi en eftir að hafa farið í heim-sókn ákváðum við að slá til, vitandi að ef þetta gengi ekki væri hægt að skipta um skóla. Við vorum aðeins hikandi þegar okkur varð ljóst að börnin væru úti nánast allan daginn en því var okkar maður ekki vanur. Maturinn var líka sérkapítuli í byrjun, mjög mikið lifrænt ræktað og frábrugðið því sem Úlfur var vanur. Makrill, kjúklingahjörtu, linsubaunasúpa og náttúrlega rúgbrauð, sem Úlfur var ekki vanur að borða, að minnsta kosti einu sinni í viku og fleira sem hann þekkti ekki. Þarna er kokkur en á flestum leikskólum koma börnin með nesti til dagsins.

Hann hefur væntanlega ekki kunnað neitt í dönsku?

Nei, en það kom fljótt. Hann byrjaði í janúar og það var fremur kalt. Hann þurfti að venjast því og eitt það fyrsta sem hann lærði í dönsku var „mér er kalt“ en í dag er hann fyrstur út og síðastur inn.

Hálf níu til fjögur alla daga

Leikskóli Úlfs er tengdur, ef svo má segja, *vuggestue* skammt frá heimili hans. Foreldrar



Uppbrot í námi leikskólabarna er algengt í Kaupmannahöfn – með þeim hætti að börnin eyða ákveðnum tíma mánaðar utanbæjar.

geta komið með barnið áður en rútan kemur og það bíður þá þangað til klukkan er orðin. Rútan fer á slaginu hálf níu og ef barn er ekki komið hafa foreldrarnir um tvennt að velja, að hafa barnið heima eða keyra sjálf með það í sveitina. Rútan sem börnin fara með er alltaf sú sama og sömuleiðis bílstjórinn og leikskólakennararnir sex sem fara með börnunum og eru með þeim yfir daginn. Á leiðinni í sveitina er lesin saga en þegar þangað er komið fara allir út að leika sér. Svæðið er stórt og kirkilega afgirt, og leikskólasvæðið er fast við bóndabæ þar sem eru hross, fé og svín.

Er dagurinn skipulagður?

Nei, mjög lítið. Þarna er margt hægt að gera en börnin verða sjálf að hafa ofan af fyrir sér. „Stóra“ fólkíð stýrir mjög lítið. Hópurinn skiptist eiginlega í þrjár deildir, 25 börn í hverri, og hver deild fær einu sinni í viku svokallaðan báldag.

Báldag?

Já. Á svæðinu er lítið hús þar sem er kveikt bál og börnin skera niður grænmeti og sjá svo um eldamennskuna. Stundum er líka poppað og þá er hinum deildunum boðið með. Þetta er mjög skemmtilegt og það finnst alltaf á lyktinni af fótunum þegar verið hefur báldagur.

Vel á minnst – hafa þau fót til skiptanna með sér?

Þau hafa skáp þar sem þau geyma fót til

„Á leiðinni í sveitina er lesin saga en þegar þangað er komið fara allir út að leika sér.“

skiptanna ef á þarf að halda og líka regnföt og þess háttar.

Mjög mikið eftirlit

Tiðindamaður Skólavörðunnar var viðstaddur einn daginn þegar rútan kom til baka með Úlf og öll hin börnin. Þegar hleypt er út úr rútnni, rétt fyrir fjögur, stendur einn kennarinn með „kladda“ og kallar upp nafn barns sem stendur í dyrum rútnnar og þá gefur sig fram einhver sem starfsfólkið þekkir (foreldri, eða afi og amma) og tekur við barninu. Ef enginn er til að taka við barninu fer það með einum kennaranna inn í húsið þar sem *vuggestuen* er og bíður þar eftir þeim sem sækir, en börnin mega vera þar til klukkan fimm. Þegar lagt er af stað er merkt við börnin á sama hátt, og greinilegt að þarna er mjög nákvæmt eftirlit.

Á síðasta ári leikskólagöngunnar eru börnin í svokallaðri *skolegruppe* sem er undirbúningur fyrir að byrja í

grunnskólanum. Þau fara þá í heimsóknir í skóla, kynnast bókstofunum og tölustöfunum og stíga fyrsta skrefið frá leikskólanum.

Kristján og Kastaniehuset

Eftir að hafa rætt við þau Hafrúnu og Bjarna hitti tíðindamaður Skólavörðunnar Kristínu Kristjánsdóttur. Hún býr ásamt manni sínum, Gísla Galdri Þorgeirssyni, og syni þeirra, Kristjáni Galdri, á Norðurbrú.

Kristján Galdur er fjögurra ára og byrjaði í vor í leikskólanum Kastaniehuset. Í þessum leikskóla er fyrirkomulagið þannig að börnin fara þriðju hverju viku út í sveit en eru svo hinar tvær „heima“. Kristín sagði að þau hefðu valið þennan leikskóla vegna þessa fyrirkomulags. Þegar farið er í sveitina er lagt af stað frá leikskólanum klukkan níu og komið til baka um klukkan hálf fjögur, en aksturinn tekur hálf tíma hvora leið. Í Kastaniehuset eru fjórar deildir og fer Kristján alltaf með sama hóp jafnaldra sinna í sveitina, en þeir eru ekki allir á sömu deildinni heima í skólanum.

Kristín sagði þau hafa heyrt góða hluti um þetta fyrirkomulag en að þau hefðu ekki viljað fara alla leið, þannig að Kristján færi alltaf úr bænum.

Hvernig tók hann þessu?

Hann tók þessu mjög vel og hann hlakkar alltaf til að fara í sveitina. Það er fyrst þegar börnin eru orðin fjögurra ára sem þau fá að fara í sveitina og það er viss áfangi. Þessi „stóru“ fá kort, með mynd, svona eins og starfsmannakort á vinnustöðum. Börnin verða að muna eftir að hafa kortið meðferðis. Kortið fá þau sent í pósti ásamt sérstöku skjali sem staðfestingu þess að nú séu þau tilbúin fyrir þennan áfanga.

Er dagurinn í sveitinni mjög skipulagður?

Nei, en hins vegar er lögð áhersla á ákveðna hluti eftir árstíma. Það getur t.d. verið froska- eða mauraþema svo ég nefni eitthvað, en annars hafa börnin mjög mikið frelsi. Þarna í sveitinni er alltaf sama starfsfólkið og sami bílstjórinn sem ekur rútnuni.

Er kokkur á staðnum?

Nei, þau fara með nesti sem er útbúið í leikskólanum. Þau fara með aukaföt í byrjun vikunnar en svo eru pollagallar, allir eins, í sveitinni.

Er Kristján Galdur þreyttari þegar hann kemur úr sveitinni en þegar hann er „heima“ í leikskólanum?

Já, miklu þreyttari. Greinilega miklu



Hafrún og Úlfur við hristidolluna en það er rútan kölluð.



Kristín Kristjánsdóttir ásamt Kristjáni Galdri.

meiri „vinna“ en að vera í borginni. Á síðasta ári leikskólans fara börnin ekki í sveitina, þá eru þau í skolegryppe. Það er sama fyrirkomulagið og tíðkast í öllum leikskólum.

Myndirðu mæla með svona leikskóla eins og Kastaniehuset?

Já. Tvímælalaust.

Við þetta er engu að bæta öðru en því að tíðindamaður Skólavörðunnar heyrði „hljóðið“ í nokkrum dönskum foreldrum sem eiga börn á leikskólum sem starfræktir eru með sama eða svipuðu sniði og því sem hér hefur verið lýst. Þeir lýstu allir mikilli ánægju með fyrirkomulagið.

MARKMIÐIÐ AÐ VERA LIFANDI VETTvangur UMRÆÐU UM SKÓLA- OG MENNTAMÁL

Vefur Skólavörðunnar hefur vaxið og dafnað frá því hann var settur í loftið snemma árs 2016.

Markmiðið er að Skólavarðan á vefnum verði lifandi og fróðlegt vefþimarit um skóla- og menntamál – til hliðar við prentúgáfu Skólavörðunnar sem kemur út tvisvar á ári. Nú er hægt að lesa hátt í tvö hundruð greinar á Skólavörðuvefnum eftir rúmlega 60 höfundum. Efnið á vefnum kemur úr öllum áttum; fjallað er um öll skólastigin frá margvíslegum sjónarhornum.

Meðal nýlegra aðsendra greina má nefna grein Fjólu Þorvaldsdóttur, varaformanns FL, um stöðu leikskólans; Jónína Hauksdóttir skólastjóri segir frá áhuga-verðum fundi Delta Kappa Gamma þar sem fjallað var um starfsánægju og hvernig hún hefur áhrif á liðan og heilsufar, og Hrafnkell Tumi Kolbeinsson framhaldsskólakennari



veltir fyrir sér galdrinum sem er fölginn í góðri kennslustund.

Þá hefur hinu rötgróna tímariti Málfríði, sem gefið er út af Samtökum tungumálakennara, verið komið fyrir á vef Skólavörðunnar. Greinar úr síðustu tölublöðum hafa verið settar á vefinn og von er á fleirum. Málfríður kemur ekki lengur út á pappír og er samvinna þess og Skólavörðunnar tilraunaverkefni.

Kennurum, skólastjórnendum, námsráðgjöfum og áhugafólki almennt um skólamál er frjálst að senda inn greinar til birtingar á vef Skólavörðunnar og einnig er vel þegið að fá hugmyndir að efni, viðtölum eða úttektum sem útgáfusviðið getur skrifað um. Skólavörðan er líka á Facebook og Twitter og hægt að hafa samband í gegnum þá miðla.

Netfang útgáfusviðs er utgafa@ki.is.

NOTAÐ FÆR NÝTT HLUTVERK FRÆÐSLA HJÁ SORPU

SORPA býður fræðslu- og vettvangsferðir fyrir nemendur á öllum aldri. Fræðslan tekur mið af þörfum hópsins og er boðið upp á mismunandi leiðir.

- Fyrirlestur og vettvangsferðir nemenda í móttökustöð SORPU í Gufunesi.
- Vettvangsferðir nemenda á endurvinnslustöð.
- Ráðgjöf og fræðsla í skólann fyrir nemendur og starfsfólk.

Í fræðslunni er lögð áhersla á umhverfisávinninginn sem felst í því að draga úr úrgangi og flokka og skila til endurnýtingar. Hinir ýmsu hlutir geta öðlast framhaldslíf, í höndum nýrra eigenda eða sem nýjar vörur, ef við flokkum rétt.



Nánari upplýsingar um fræðsluna og pantanir, er að finna á sorpa.is

SORPA



TRÚNAÐARMENN HAFA MIKILVÆGU HLUTVERKI AÐ GEGNA

Um eitt hundrað trúnaðarmenn sátu árlegt fræðslunámskeið KÍ í byrjun október. Þarna komu saman trúnaðarmenn úr leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum. Skólavarðan var á staðnum og spjallaði við fjóra trúnaðarmenn um hvaða augum þeir litu starf trúnaðarmannsins.

Trúnaðarmenn þurfa að kunna skil á mörgum hlutum og þess vegna hefur KÍ árum saman efnt til fræðslunámskeiða fyrir nýja og nýlega trúnaðarmenn. Meðal þess sem farið var yfir á nýafstöðnu námskeiði var skipulag og starfsemi KÍ, réttindi og skyldur trúnaðarmanna, ráðningarmál og

réttindi félagsmanna KÍ, fæðingarorlof, veikindaréttur og orlof. Einnig fjallaði gestafyrirlesarinn Hjördis Sigursteinsdóttir, aðjúntkt við HA, um könnun á einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað sem gerð var meðal félaga í KÍ.

GOTT SAMBAND VIÐ STJÓRNENDUR MIKILVÆGT

Hrefna Bára Guðmundsdóttir, sérkennslustjóri í leikskólanum Tröllaborgum, á að baki tvö ár sem trúnaðarmaður. Hún segist hafa mætt á öll fræðslunámskeið sem hafi verið í boði. „Mér hefur þótt fræðslan góð, hnitmiðuð og skýr og ég hef grætt heilmikið á því að sækja námskeiðin.“

Hrefna Bára segir starf trúnaðarmanns á Tröllaborgum hafa verið tíðindalítið að undanförunu.

„Það hefur verið afskaplega lítið að gera hjá mér síðustu mánuði og misseri. Ástæðan fyrir því liggur sennilega í því að ég er í mjög góðu sambandi við mína stjórnendur – þannig að ég fæ að fylgjast með flestum málum, svo

sem ráðningarmálum nýrra starfsmanna og þar af leiðandi verða verkefnið færri,“ segir hún og bætir við gott samstarf við stjórnendur skipti miklu máli.

Hrefna Bára segir mikilvægt að trúnaðarmaður standi vörð um réttindi starfsmanna – og að sjálfsgöðu líka skyldur hans. „Þetta tvennt er auðvitað samtvinnuð. Flest þau mála sem rata á mitt borð snúa að því að starfsmaður telur að á sér sé brotið – oftast í vinnulegu tilfelli. Þá gildir að skoða málið vel og ef samstarf er gott við stjórnendur þá gengur oftast vel að leysa málið,“ segir Hrefna Bára og bætir við að þjónustan hjá KÍ reynist vel – þangað sé gott að senda fyrirspurnir og svör berist alltaf fljótt.



Hrefna Bára Guðmundsdóttir, sérkennslustjóri og trúnaðarmaður.

MIKILVÆGT AÐ KOMA ÁBENDINGUM Á RÉTTAN STAÐ

Tryggvi Hermannsson, tónlistarkennari í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum, hefur verið trúnaðarmaður í þrjú ár. Hann segist hafa sótt alla þá fræðslu sem er í boði. „Það hefur verið áhugavert að sækja námskeið og ekki síst gaman að hitta fólk. Það er gott að fræðast um allt sem viðkemur starfi trúnaðarmanns, um mannleg samskipti og vanda sem getur komið upp á vinnustöðum.“

Tryggvi segist ekki hafa haft mikið að gera undanfarið sem trúnaðarmaður. „Það ríkir almennt mjög góður andi innan veggja tónlistarskólans. Helstu málin sem upp hafa komið snerta kjaramál – þó það hafi líka komið

upp erfið mál – en sem betur fer hefur tekist að leysa vel úr þeim. Samskipti við stjórnendur eru almennt mjög góð og samfélagið í skólanum okkar er auðvitað lítið,“ segir Tryggvi.

Starf og nærvera trúnaðarmanns skiptir máli að mati Tryggva. „Það er mikilvægt að koma mikilvægum og góðum ábendingum um það sem þarf að laga innan skólans á réttan stað, starfseminni til heilla og stjórnendum til eftirbreytni.“

Tryggvi segir samskiptin við KÍ hafa verið ágæt og þangað sé gott að leita þegar upplýsingar um ákveðin atriði vantar.



Tryggvi Hermannsson, tónlistarkennari og trúnaðarmaður.



Ólafía María Gunnarsdóttir, grunnskólakennari og trúnaðarmaður.

TRÚNAÐARMAÐUR GENGUR STRAX Í VERKIN

„Verkefnin sem koma á mitt borð snúa einkum að miðlun upplýsinga. Það gengur oftast vel að leysa úr málum enda eru samskipti við stjórnendur skólans góð,“ segir Ólöf María Gunnarsdóttir, grunnskólakennari í Landakotsskóla.

Ólöf María hefur verið trúnaðarmaður í á þriðja ár og segist kunna starfinu vel. „Það vafðist ekki fyrir mér að bjóða mig fram á sínum tíma. Ég er með meistaragráðu í stjórnun menntastofnana og hef alltaf haft mikinn áhuga á réttindamálum, skipulagi skólastarfs og því að röð og regla sé á öllum hlutum.“

Ólöf María kveðst ánægð með fræðsluna á námskeiðinu. „Það er nauðsynlegt að halda

námskeið fyrir trúnaðarmenn varðandi starf og skipulag KÍ og því sem snýr að skyldum og störfum trúnaðarmanna. Það sem stóð upp úr að mínu mati var fyrirlestur Önnu Róasar um ráðningarmál og réttindi. Þetta eru mál sem koma á borð trúnaðarmanna og því nauðsynlegt að þekkja til þeirra,“ segir Ólöf María og bætir við að hún leiti oft upplýsinga og ráðgjafar hjá KÍ.

„Trúnaðarmaður gegnir mikilvægu hlutverki og ástæðan er auðvitað sú að starfsfólk þarf að geta leitað til einhvers sem það treystir og sem gengur í verkin strax og af öryggi þar til lausn er fundin,“ segir Ólöf María og bætir við að heilt yfir hafi tekist að leysa farsællega úr málum.

MEST SPURT UM VINNUMATIÐ

„Ég er nú frekar nýr í starfi trúnaðarmanns, var kosinn í ágúst,“ segir Simon Cramer, dönskukennari við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Simon segir að það hafi ekki verið erfið ákvörðun að bjóða fram krafta sína í starf trúnaðarmanns. „Mér hafa alltaf þótt réttindamálin áhugaverð og nú fæ ég að vinna að þeim. Þetta passar líka ágætlega við nám sem ég stunda í mannauðsstjórnun.“

Simon hefur líka kynnst starfi trúnaðarmanns með öðrum hætti og má kannski segja að hann hafi þetta í blóðinu. „Móðir mín hefur verið trúnaðarmaður í Danmörku um langt árabíl og síðustu fimmtán árin hefur hún gegnt formennsku í Trúnaðarmannasambandi danskra grunnskólakennara. Ég hef auðvitað alltaf fylgst með hennar störfum,“ segir Simon.

Fyrstu vikurnar í starfi trúnaðarmanns hafa ekki verið verkefnalausar og segir Simon mestan tíma fara í vinnumat kennara. „Það er mikið spurt út í vinnumatið og einkum eru það nýir kennarar sem leita upplýsinga. Ég hef því reynt að hjálpa fólki að skilja útreikninga og þar hefur bókin um vinnumatið komið sér vel. Að sama skapi hefur verið gott að leita til KÍ með fyrirspurnir. Svör berast jafnan fljótt og samstarfið við Kennarahúsið er gott.“

Simon segir starf trúnaðarmanns mikilvægt og í því sambandi kemur orðið traust fyrst upp. „Það er nauðsynlegt fyrir starfsfólk að geta leitað til trúnaðarmanns með álitafni og vita að trúnaðarmaðurinn mun vinna í málinu og ekki hætta fyrr en það er til lykta leitt,“ segir Simon og bætir við að hingað til hafi samskipti við skólastjórnendur gengið vel.



Simon Cramer dönskukennari og trúnaðarmaður.



STUÐNINGUR
UPPBYGGING
SAMSTARF
KENNARASKIPTI
STYRKIR
ALÞJÓÐASAMSTARF
UPPLÝSINGAR
MENNINGARÁÆTLUN
EVROÞUSAMVINNA
KÆGGJÖF
PRÓUN Háskóla
TILMÁL fyrirtæki INNVIÐI

tækni
ÞJÓNUSTA
FRÆÐSLA
listir
VÍSINDI
ORKA

Ágúst Hjörtur Ingþórsson segir alþjóðasamstarf vera mikilvægt á öllum skólastigum, og kannski einkum í smærri skólasamfélögum.



ALÞJÓÐLEGT UMHVERFI ÞAR SEM HUGMYNDR FLÆÐA

Erasmus+, mennta-, æskulýðs- og íþróttáætlun ESB, fagnar 30 ára afmæli á þessu ári. Yfir níu milljón Evrópubúa hafa á tímabilinu notið stuðnings þessarar mikilvægu áætlunar Evrópusambandsins.

Íslendingar hófu þátttöku fyrir rúmum aldarfjórðungi, árið 1992, og eru þátttakendur hérlandis að nálgast 30 þúsund. Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðstjóri mennta- og menningarsviðs Rannís og forstöðumaður Landskrifstofu Erasmus+ á Íslandi, segir Erasmus+ hafa haft gríðarleg áhrif og þá einkum á líf allra þeirra milljóna sem hafa tekið þátt. „Stundum eru áhrifin mikil, stundum lítil. Það fer enginn, jafnvel þótt bara sé um að ræða fimm daga stutta heimsókn kennara í skóla í einu landi eða tveimur, án þess að taka eitthvað til baka. Ég tala nú ekki um þegar fólk dvelur ytra í lengri tíma, þá getur þetta hreinlega breytt lífi fólks til framtíðar,“ segir Ágúst.

Þegar horft er um öxl segir Ágúst að áhuginn hafi verið fljótur að glæðast strax

á upphafsárunum. „Erasmus fór af stað árið 1987 og við dettum svo inn þegar verið er að semja um aðild Íslands að evrópska efnahagssvæðinu. Við fáum fyrst svokallaða prufuadild ásamt öðrum EFTA-þjóðum og því má segja að við höfum verið með nánast frá byrjun. Um leið og farið var að kynna Erasmus sýndi fólk áhuga – það þekki ég persónulega því ég hef starfað við þetta frá því í árslok 1991. Auðvitað heyrðust efasemdarraddir fyrst og ég man eftir kennarafundum í skólum þar sem fólk spurði hvort þetta samstarf samrýmdist stefnu stjórnvalda – sem var að við ætluðum ekki inn í Evrópusambandið.“

Fjármagn og tækifæri fullnýtt

Ágúst segir að þrátt fyrir stöku efasemdir hafi tækifærum verið vel tekið og áhuginn óx jafnt og þétt. „Það leið ekki langur tími þar til fólk fór að sækja um þátttöku í auknum mæli. Við höfum alla tíð notið góðs af því að vera fámennnt land en fjármagni áætlunarinnar hefur frá 1995 verið að verulegu leyti dreifstýrt milli landa eftir ákveðinni formúlu sem kemur sér vel fyrir fámennari þjóðir. Þannig höfum við fengið hlutfallslega mikið út úr áætluninni og við höfum líka alltaf getað fullnýtt fjármagn og tækifæri en það

hefur ekki gengið eins vel í öðrum löndum,“ segir Ágúst.

Þrjátíu ár eru ekki langur tími en margt hefur breyst á þessum tíma. „Það var ekki sjálfgefið að áhuginn yrði strax svona mikill því í raun var enginn jarðvegur til staðar fyrir samstarfi af þessu tagi fyrir utan svolítið norrænt samstarf í skólum. Þetta var pappírshemur og mikið umstang gat fylgt því að skila umsókn, það þurfti að fá undirskriftir á faxi og fólk þurfti að yfirstíga ýmsar búrokratískar hindranir,“ segir Ágúst.

Stór hópur kennara á öllum skólastigum hefur að sögn Ágústs alltaf sýnt evrópsku menntasamstarfi áhuga. „Þátttakan hefur öll árin verið mismunandi á milli skóla og þetta veltur mikið á áhugasömum einstaklingum, það eru þeir sem drífa hlutina áfram.“

Áhugasamur einstaklingur og stuðningur skólastjórnenda er besta samsetningin og þá gerast hlutirnir. „Sem betur fer eru alltaf einstaklingar sem brenna fyrir þessu og í gegnum tíðina höfum við haft fólk, nokkurs konar ambassadora, sem er mjög virkt, þróar tengsl og lærir á skrifræðið sem fylgir því að skila umsókn og skýrslum um verkefni,“ segir Ágúst.

Verkefni sem fá Erasmus-styrk eru

afar fjölbreytt en markmið áætlunarinnar er almennt að auka gæði í menntun á öllum skólastigum, efla sköpunargáfu, innleiða upplýsingatækni og efla starfsmenntun.

Þjónustan þykir góð


Umsóknir eru afgreiddar á Landskrifstofunni við Borgartún og ekki fást allar umsóknir samþykktar. Árangurshlutfallið er mismunandi á milli flokka og á milli ára. Ágúst segir að í mati sem gert var á framkvæmd áætlunarinnar í öllum löndunum þá hafi komið fram að fólk væri almennt sátt við þjónustuna hér á landi.

„Við vorum mjög ánægð að heyra að fólk væri sátt við þjónustuna, líka þeir sem höfðu fengið neikvætt svar við umsókn. Fólk fær endurgjöf, það er hægt að leita ráðgjafar hér á á skrifstofunni um hvað megi bæta en við höfum ekki tók á að setja fram mikið af skriflegum athugasemdum um hverja umsókn. Kennarar hafa alltaf verið duglegir að hafa samband og svo er auðvitað til stór hópur kennara sem hefur tekið þátt í verkefnum og kennarar leita auðvitað mikið hver til annars.“

Grunn- og framhaldsskólar eiga eftir að verða alþjóðlegri

Erasmus+ er ekki bara stærsta menntaáætlun veraldar heldur er hún einnig talin best heppnaða áætlunin í sögu Evrópusambandsins. „Þessi áætlun hefur verið velheppnuð frá upphafi og áhrifin á þátttakendur meira og minna mjög jákvæð. Það er erfitt að mæla nákvæmlega áhrifin á stofnanir og á skólastigin í heild. Við sjáum hins vegar hvað samstarf af þessu tagi getur haft jákvæð áhrif á þróun einstakra skóla og stofnana. Ég ætla að halda því fram að Háskóli Íslands og þær miklu breytingar sem hafa orðið síðustu 25 árin tengist virkri þátttöku í Erasmus. Til þess að verða fullgildur þátttakandi í áætluninni varð Háskólinn að auka kennslumagn á ensku. Við það jókst áhuginn jafnt og þétt og nú tekur HÍ við helmingi fleiri nemendum en þeir senda út – það skapar forsendur fyrir enn frekara alþjóðlegu samstarfi sem aftur eykur burði skólans á alþjóðavísu. Þannig vindur þetta upp á sig,“ segir Ágúst og bætir við að sams konar dæmi megi sjá í leik-, grunn- og framhaldsskólum, og einnig á ákveðnum landssvæðum.

„Mögulega er alþjóðasamstarf af þessu



tagi enn mikilvægara í smærri skólasamfélögum úti á landi. Þar má til dæmis nefna Menntaskólann á Tröllaskaga sem er sérdeilis virkur og til margra ára hafa grunnskólarnir á Akureyri verið mjög virkir svo dæmi séu tekin,“ segir Ágúst.

Til framtíðar litid þá telur Ágúst víst að grunnskólinn og framhaldsskólinn muni feta sömu leið og háskólarnir hafa gert á undanförnum árum. „Þetta helst í hendur við samfélagslegar og tæknilegar breytingar. Við lifum í svo alþjóðlegu umhverfi, bilið á milli landa er orðið svo lítið, hugmyndirnar flæða hratt og nemendur eru fjölþjóðlegir í öllum skilningi. Það má alltaf finna einhvern í skólanum sem er fæddur í öðru landi eða hefur búið í öðru landi. Heimurinn færir sifjell nær og þess vegna held ég að bæði grunn- og framhaldsskólarnir eigi eftir að verða enn alþjóðlegri í framtíðinni,“ segir Ágúst Hjörtur Inghórssón að lokum.



Segir árið á Ítalíu hafa breytt lífi sínu

Þóra Arnórsdóttir fjölmiðlakona var í hópi þeirra fyrstu sem fóru utan

á vegum Erasmus. Hún hélt til náms á Ítalíu og segir árið sitt þar hafa breytt lífi sínu til frambúðar. „Ég tel afar mikilvægt að áætlunin nái til stærri hóps – ekki bara þeirra sem fara í háskóla. Eins og við þekkjum á Íslandi eru viðkvæmir hópar sem hætta námi í menntaskóla, sem gæti skipt miklu að fengju svona tækifæri. Eins er stefnan sú að gera það auðveldara að sækja nám í fleiri en einum evrópskum háskóla, án þess að þurfa að semja um mat á einingum o.s.frv,“ sagði Þóra um upplifun sína á vefnum www.erasmus.plus.is.



„HÆFILEG BLANDA AF ELDRI OG YNGRI KENNURUM ER GÓÐ FYRIR ALLT SKÓLASTARFIÐ“

Rétt eins og aðrar íslenskar starfsstéttir þurfa kennarar að taka mið af hröðum samfélagsbreytingum í störfum sínum, enda eru gerðar kröfur til skóla um að veita menntun í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma. Út hafa verið gefnar margar skýrslur sem lúta að því að efla þurfi hæfni stéttarinnar með einum eða öðrum hætti. Sömuleiðis er oftast en ekki bent á að kennarar þurfi að vera í fararbroddi í breytingum og þróun skólastarfs.

Sigurbjörg Bjarnadóttir hefur starfað sem kennari í nærri þrjátíu ár og Sigrún

Helga Snæbjörnsdóttir í liðlega tvo áratugi. Báðar starfa þær við Síðuskóla á Akureyri. Karl Eskil Pálsson, tíðindamaður Skólavörðunnar, settist niður með þeim einn daginn eftir kennslu.

Mikill tími í fundi

„Þegar ég byrjaði að kenna var ég með ansi stóran hóp og fékk takmarkaða hjálp við kennsluna en í dag er mönnunin mun betri í bekkjunum. Ábyrgðin dreifist á fleiri fagaðila í dag en áður fyrr, auk þess sem auðveldara er að ræða ýmis fagleg atriði við

aðra. Mér fannst ég svolítið ein á báti þegar ég byrjaði,“ segir Sigrún og Sigurbjörg tekur undir með henni. Báðar eru þær sammála um að mikill tími fari í fundi, sem komi jafnvel niður á öðrum nauðsynlegum störfum.

„Þegar ég byrjaði var ég umsjónarkennari tveggja bekkja og þá var skólinn sem sagt tvísetinn. Ég var föst í kennslu nánast allan daginn og eftir kennslu tók við undirbúningur fyrir næsta dag og yfirferð ýmissa verkefna. Kennarafundir voru ekki haldnir oft en í dag fer ansi mikill tími í alls konar fundi. Þetta er mikil breyting, en



Texti: Karl Eskil Pálsson

Sigurbjörg Bjarnadóttir og Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir hafa starfað við kennslu í samtals hálfra öld. Þær segja að námsleyfi hafi endurnýjað starfsánægjuna.

markmiðið er auðvitað að veita sem bestu þjónustu,” segir Sigurbjörg.

Samskipti á ólíklegustu tímum

„Já, kennarastarfið er á margan hátt orðið flóknara. Áður var hægt að einbeita sér að sínum hópum, en í dag taka ýmis önnur samskipti drjúgan tíma. Ég nefni sem dæmi viðtöl við foreldra sem fara venjulega fram í gegnum síma, tölvupósta, fundi, Facebook og fleira. Þessi samtöl fara jafnvel fram á ólíklegustu tímum, á kvöldin og um helgar. Þegar ég byrjaði var viðtalstími einu sinni í viku en núna má segja að samskipti standi til boða alla daga og langt fram á kvöld. Að hluta til er við okkur kennarana að sakast,

en svona er staðan sem sagt hjá nánast öllum kennurum,” segir Sigurbjörg. Hún er á því að foreldrar fylgjist betur með skólastarfinu í dag, miðað við þegar hún var að hefja störf. „Í upphafi voru foreldrafundur tvisvar sinnum á ári og þess á milli voru mál rædd í gegnum síma. Í dag er allt skráð í Mentor-kerfið sem auðveldar foreldrum að fylgjast með.“

Sigrún Helga tekur undir þetta. Hún er ekki frá því að foreldrar geri í auknum mæli kröfur um að skólarnir leysi sem flest mál, jafnvel þótt þau tengist ekki skólanum með beinum hætti. „Ef upp kemur til dæmis vandamál á fótboltaæfingu kemur fyrir að foreldrar telji eðlilegt að það verði leyst innan veggja skólans. Þetta er rökstutt með því að kennarinn hafi svo góðan aðgang að öllum börnunum og geti þess vegna blandað sér í málið. Þetta finnst mér ekki góð þróun, því við foreldrarnir eigum alltaf börnin okkar. En auðvitað er stundum hægt að leita ráða hjá kennurum í slíkum málum, það er bara eðlilegt. Oftast erum við í góðri samvinnu við heimilin vegna ýmissa mála, hvort sem um er að ræða nám eða hegðun. Samvinnan skiptir gríðarlega miklu máli, þegar upp er staðið.“

Gott að fá nýtt blóð

Báðar eru þær Sigurbjörg og Sigrún Helga sammála um að foreldrar og yngri kennarar kunni að meta reynslu þeirra í starfi.

„Tækniþytingin hefur breytt miklu og kennarar þurfa að hafa sig alla við að fylgjast með öllum nýjungum og tileinka sér þær með einum eða öðrum hætti. Hérna í Síðuskóla starfa nýútskrifaðir kennarar og þeir leita töluvert til okkar, sem er frábært. Foreldrar sýna okkur líka ákveðna virðingu, en hún mætti að skaðlausu vera meiri fyrir kennarastarfinu. Það er frábært að fá til starfa nýja kennara sem oftast koma með ferskar hugmyndir. Hæfileg blanda af eldri og yngri kennurum er góð fyrir allt skólastarfið. Reynslan er af hinu góða, en við megum ekki gleyma eða vanmeta mikilvægi þeirra sem yngri eru,” segir Sigrún Helga.

Endurmenntun og kulnun í starfi

Báðar hafa þær Sigurbjörg og Sigrún Helga fengið námsleyfi.

„Ég var svo heppin að fá námsleyfi fyrir þremur árum síðan, en þá hafði ég starfað í 26 ár. Ég lærði margt og leyfið gerði mér

„Tækniþytingin hefur breytt miklu og kennarar þurfa að hafa sig alla við að fylgjast með öllum nýjungum og tileinka sér þær með einum eða öðrum hætti.“

gott. Þetta er þó að mínu mati of langur tími til að þurfa að starfa til að fá slíkt leyfi. Endurmenntunin mætti vera betri og viðtækari,” segir Sigurbjörg.

„Já, ég hef líka fengið námsleyfi og það er líklega það besta sem maður getur gert til þess að endurnýja sig í starfi. Ég vil meina að kennarar eigi að geta farið oftar í slík leyfi, því þetta er til dæmis mjög góð leið til að vinna gegn kulnun í starfi. Kennararnir í Síðuskóla eru duglegir við að sækja sér endurmenntun. Fyrst við erum að ræða kulnun í starfi, þá er líka nauðsynlegt að huga að álaginu á kennurum. Þegar álagið er mikið í langan tíma aukast líkurnar á að viðkomandi brenni upp í starfi. Það á reyndar við um allar starfsstéttir, ekki bara kennara. Okkar starf er orðið ansi margþætt,” segir Sigurbjörg.

Hún segist hafa fundið fyrir kulnun eftir 17 til 18 ár í starfi.

„Ég íhugaði að breyta um starfsvettvang, en námsleyfið breytti miklu. Álagið hefur vissulega aukist mikið á undanföllum árum og auðvitað þarf maður að hafa svolítið fyrir hlutunum. Mér líður vel í starfi, annars væri ég löngu hætt. Hérna hefur ríkt góður starfsandi, starfsfólk hjálpast að og er sem ein heild. Þá ganga hlutirnir betur á allan hátt.“

Sigrún Helga segist hafa orðið vör við kulnun í starfi eftir að hafa kennt í 15 ár.

„Ég man mjög vel eftir þessu. Mér fannst ég vera orðin húsgagn og hafa lítið fram að færa. Ég hafði sótt um námsleyfi, en ekki fengið. Þegar það loksins var samþykkt, varð staðan allt önnur og bjartari.“

Báðar segjast þær vera stoltar af kennarastarfinu.

„Já, það erum við. Það er eitthvað við þetta starf sem heillar.“

Í Borgarholtsskóla eru kenndar þær þrjár iðngreinar sem tilheyra bílgreinum, þ.e. bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun.

BÍLGREINAR Í HRINGIÐU BREYTINGA

Árum saman þurftu bifvélavirkjar einungis að spyrja sjálfa sig hvort ökutæki gengi fyrir bensíni eða dísil áður en þeir hófust handa við að gera við bílaða vél. En svo er ekki lengur. Tvinn-, tengitvinn-, rafmagns- og metanbílar eru meðal þeirra sem ryðjast inn á markaðinn um þessar mundir. Það hefur orðið bylting í heimi bílgreina síðustu misseri. En hvaða áhrif hefur það á kennslu í greininni?



Borgarholtsskóli er kjarnaskóli bílgreina á Íslandi og þar eru kenndar þær þrjár iðngreinar sem tilheyra bílgreinum, þ.e. bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun. Útsendari Skólavörðunnar settist á dögnum niður með þremur stjórnendum skólans, þeim Inga Boga Bogasyni aðstoðarskólameistara, Marín Björk Jónasdóttur, sviðsstjóra iðn- og starfsnáms, og Sigurjóni Geirssyni Arnarsyni, deildarstjóra bílgreina, og ræddi stöðuna eins og hún blasir við þeim. Öll eru þau sammála um að þær

hröðu breytingar sem þegar hafa orðið á bílaflota heimsins og þær breytingar sem eru fram undan kalli á nýjar aðferðir við kennslu og nám. „Gagnvirkar upplýsingabrautir þurfa að vera greiðari og kennarar þurfa að fá tækifæri til að læra um nýjustu tækni hjá bílaumboðunum. Eins þarf að greiða götu sérfræðinga bílafyrirtækjanna til að koma í skólann og kenna þar nýjustu strauma og stefnur.“

Sigurjón segir að þó að breytingarnar hafi verið miklar síðustu ár og verði

örugglega enn hraðari á næstu árum þá verði alltaf þörf fyrir bílgreinarnar. „Það verður aldrei þannig að þú getir farið með rafbílinn á tölvuverkstæði og látið gera við hann þar þó svo að hann gangi bara fyrir rafmagni. Það þarf alltaf að fagmenn til þess að laga bílinn þinn,“ segir Sigurjón. „Þeir sem sinna viðhaldinu í framtíðinni þurfa örugglega að hafa meiri tækniþekkingu en í dag, en á meðan bíll sprengir eldsneyti þá þurfum við fólk sem kann að laga slíkar vélar. En þetta á örugglega eftir að breytast



MYND: HELENA STEFÁNSDÓTTIR

Þannig að menn sérhæfa sig meira en þeir gera í dag, sumir verða í hefðbundnum viðgerðum meðan aðrir sérhæfa sig meira í tölvum bílanna, rafbílum o.s.frv. Við verðum bara að búa okkur undir að kenna öllu þessu fólki og búa það undir þau verkefni sem taka við að námi loknu.“

Málningarhermar og rafmagnsbílar í skólunum

Ingi Bogi bætir við að eitt sem nú sé rætt sé samsetning nemendahópsins. „Hingað

koma sextán ára krakkar með bíladellu sem er auðvitað jákvætt. En sú umræða er hafin að það þurfi að þróa námið í átt að háskólastiginu enda er tæknin alltaf að verða flóknari og því fylgir að kröfurnar sem gerðar eru til þeirra sem viðhalda bílunum okkar eru alltaf að aukast. Í þessu sambandi hefur verið bent á að þeir sem hefja nám í bilgreinum hjá okkur séu ekki einu sinni með bílpróf og menn velta fyrir sér hvort það sé heppilegt. Þó þessi umræða sé ekki komin langt þá geri ég ráð fyrir að hún eigi

eftir að verða háværi á næstu misserum og árum.“

Borgarholtsskóli hefur reynt að bregðast við breyttum veruleika með því að þróa námið, en ekki síður með því að uppfæra tækjabúnað sinn. Hér til hliðar er fjallað um nýjan málningarhermi sem skólinn festi nýlega kaup á en það er langt í frá eina tækið. „Við höfum fest kaup á rafmagnsbíl sem við nýtum við kennslu hér í skólunum og einnig eigum við tvo tvinnbíla,“ segir Sigurjón. „Við höfum síðan fengið menn frá

til dæmis Toyota á Íslandi hingað inn sem gestakennara. Við kennum í dag nemendum á allan þann búnað og alla þá tækni sem er í þeim bílum sem seldir eru í dag.“

Námið í sífelldri endurskoðun

Sigurjón leggur áherslu á hversu mikilvægt samstarf við atvinnulífið sé og undir það taka Ingi Bogi og Marín. Þau segja að þar liggji mikil þekking og geta sem nauðsynlegt sé að tengja skólastarfinu. „Við þurfum að spyrja hvernig nemendur atvinnulífið vill fá út úr þessu námi og hvernig við getum brugðist við breyttum kröfum fyrirtækjanna. Atvinnulífið er raunar í mjög góðri stöðu til að þróa námið enda er því ætlað að sinna um helmingi af menntun þessara nemenda með starfsnáminu. En okkar megin þurfum við t.d. stöðugt að vinna í því að endurskoða námskrána, breyta áföngum og/eða setja inn nýja. Við erum líka að skoða hvort við séum að kenna eitthvað sem er gamalt og úrelt, það er verkefni sem mun aldrei ljúka.

MÁLNINGARHERMIR

Borgarholtsskóli festi nýlega kaup á öflugum málningarhermi sem nýttur er til kennslu í bílamálun. Nemandinn stendur þá fyrir framan sjónvarpsskjá með málningarkönnu í hendinni. Hermirinn er mjög raunverulegur hvort sem um er að ræða hljóðið sem heyrir þegar sprautukannan er í notkun eða hvernig verkið birtist á stórum sjónvarpsskjánum fyrir framan nemandann. Tækið mælir hversu þykku málningarlagi er sprautað, hversu mikið efni er notað, hvað það hefði kostað o.s.frv. Hægt er að stjórna loftþrýstingi, spíssastærð og fleiru og upplifunin er nánast alveg eins og ef nemandinn væri að mála í sprautuklefa. Slíkir hermar eru notaðir víða um heiminn, meðal annars til að þjálfa menn sem mála orrustubotur fyrir ameríska herinn og þá sem mála fyrir Benz, BMW og fleiri stóra bílaframleiðendur.

Annað sem tengist þessu er símenntun kennara, sem auðvitað þurfa að þekka alla þessa nýju tækni til að geta kennt hana. Þar treystum við líka mikið á samstarf við atvinnulífið. Þar erum við reyndar í ákveðinni klemmu því það er mikið að gera hjá þeim fyrirtækjum sem við erum í samstarfi við og þau eru ekki alltaf tilbúin að missa starfsmenn sína hingað inn til að

sinna endurmenntun. Það er líka mikið að gera hjá kennurunum okkar, nema kannski rétt yfir hásumarið þegar lítið sem ekkert framboð er á námskeiðum og fræðslu fyrir þá,“ segir Marín. „Sumir kennararnir okkar hafa reyndar leyst þetta með því að vinna einfaldlega tímabundið á einhverju verkstæðinu þar sem nýjasta tækni er í notkun, sem er dýrmætt,“ bætir Sigurjón við.



Frá vinstri. Ingi Bogi Bogason aðstoðarskólameistari, Sigurjón Geirsson Arnarson, deildarstjóri bílgreina og Marín Björk Jónasdóttir, sviðsstjóri iðn- og starfsnáms.

HLJÓÐKERFI Í ALLAR SKÓLASTOFUR

Hefur röddin orðið útundan í vinnuvernd og er ekki nægilega hugað að vernd hennar? Valdís Ingibjörg Jónsdóttir svarar þessum spurningum hiklaust játandi. Hún segir að á mörgum vinnustöðum sé hávaði of mikill sem endi á að skaða rödd starfsmanna. Kennarar, þá helst þeir sem starfa í leikskólum og íþróttahúsum, séu í sérstakri hættu.



Valdís Ingibjörg Jónsdóttir vill sjá bættu raddmenningu og þar með aukna fræðslu um röddina.

Eg vil að allir átti sig á að rödd er hljóð og hljóð bilar ekki. Ef menn missa röddina er það vegna þess að líffærin sem mynda hana gefa sig. Ég vil líka að röddin verði viðurkennd sem bótaskýlt atvinnutæki þannig að ef til dæmis kennarar missa röddina þá fái þeir bætur. Síðan vil ég bæta kennslu í líffræðinni á bak við röddina inn í kennaranámið,“ segir Valdís Ingibjörg Jónsdóttir þegar hún er spurð að því á hvað hún leggji áherslu varðandi

raddmenningu. Valdís er með doktorsgráðu í rödd og hefur áratugum saman beitt sér fyrir því að auka vitund um raddheilsu og raddmenningu hér á landi. Hún segir að margir eigi í vandræðum með röddina, jafnvel án þess að gera sér grein fyrir því.

„Fólk er með einkenni sem það tengir við ofnæmi eða eitthvað slíkt, t.d. ræskingabörf, sífellt hæsi, þurrk, ertingu og kökk-tilfinningu í hálsi en einnig raddþreytu

þegar það syngur, les upphátt eða jafnvel við samræður. Ástæðan fyrir þessum einkennum er að vöðvarnir sem búa til röddina eru að mótmæla og þá er kominn tími á þjálfun. Vandinn er hins vegar að fólk þekkir almennt ekki líffræðina á bak við röddina og veit til dæmis ekki hvað það á að gera til að slaka á röddinni og losna við þessi einkenni.“

Lítill þekking

Valdís ítrekar að hún vilji bæta raddmenningu og þar með að sjá aukna fræðslu um röddina. Sú fræðsla verði að hefjast strax í leikskóla. Hún hefur í tengslum við það unnið að bók sem ber vinnutítlinn „Er

talandinn í lagi?“ Þetta er kennslubók um talfærin sem er þessa dagana í yfirlestri og umbroti, en vonir standa til að hægt verði að gefa bókina út á næstu mánuðum. Lítið sem ekkert kennsluefni er til um röddina í dag og bókinni er ætlað að fylla upp í það tómarúm. „Þar er farið í líkamsfræði sem er á bak við raddmyndun, hverjar séu hættur á að þú ofgerir röddinni, hvað þú getir gert til að laga hana o.s.frv.“

Valdís segir kennara sérstakan markhóp, ekki bara vegna þess að þeir geti nýtt bókina við kennslu heldur vegna þess að þeir eru í sérstakri hættu fyrir ýmis konar raddmeið. „Kennarar eru alræmdir fyrir raddveitur og eru í áhættuhóp af því að þeir starfa í

„Áður en fólk veit af þá er það byrjað að tala afar hátt og með klemmdri röddu. Svo-leiðis raddbeiting er stundum kölluð kennararödd.“



Íþróttakennurum er sérstaklega hætt við raddvandamálum, enda fylgir íþróttakennslu oft mikill hávaði.

aðstæðum sem verða til þess að þeir spenna röddina upp. Það er alveg sama með þetta og aðra vöðvastarfsemi, þú spennir undir ákveðnum kringumstæðum, í þessu tilfalli ef þú ert í hávaða eða ef þú ert langt frá þeim sem á að heyra það sem þú segir. Áður en fólk veit af er þá er það byrjað að tala afar hátt og með klemmdri röddu. Svoleiðis raddbeiting er stundum kölluð kennararödd, sem segir ýmislegt um vinnuáðstæður kennara. En þetta er ekki einkamál þeirra, því til að nemendur læri þá þurfa þeir augljóslega að heyra hvað kennarinn er að segja. Það gera þeir hins vegar alls ekki alltaf. Rannsóknir sýna til að mynda mikinn mun á því hversu mikið nemendur heyra eftir því hvar þeir sitja

í skólastofunni. Þannig heyra nemendur sem sitja í fremstu röð í um sjö metra „langri“ skólastofu um 90% af því sem kennarinn er að segja. Þeir sem sitja í miðri stofu heyra um helming þess en þeir sem sitja aftast í stofunni heyra ekki nema um 36% þess sem kennarinn segir.“

Leiðinleg rödd = leiðinlegur kennari

En hvað er til ráða? Valdís segir ýmis úrræði til staðar, t.d. þurfi að vinna markvisst í að draga úr umhverfishávaða í skólastofum. Það sé hægt að gera á einfaldan hátt, t.d. með því að setja tennisbolta undir stólfætur o.s.frv. Til að tryggja að rödd kennarans berist, og þar með að nemendur heyri hvað hann er að segja, væri áhrifaríkast að setja upp hljóðkerfi í öllum kennslustofum. „Vandinn er að fyrirtæki sem búa til hljóðkerfi sjá skóla ekki sem sérmarkað. Það þýðir nefnilega ekkert að vera með sama hljóðkerfi í skólastofu og t.d. fyrirlestrasal, heldur þarf hljóðkerfi fyrir skólastofur að vera einfalt og vistvænt en samt í miklum gæðum. En þetta er brýnt því

um leið og kennari fer að nota svona kerfi þá heyrir hann eigin rödd sem leiðir til þess að tónninn lækkar, kennararöddin hverfur og samtalsröddin kemur í staðinn. Þetta er líka mikilvægt því rannsóknir sýna að ef t.d. þér þóknast ekki rödd þá hefur það áhrif á það hvað þér finnst um þann sem talar. Í skólastofunni þýðir þetta að ef nemenda hugnast ekki rödd kennarans, þá er alveg sama hvað kennarinn segir eða gerir, hann er alltaf leiðinlegur.“

Skortur á sársauka

Valdís telur að mun fleiri eigi í raddvand- ræðum heldur en átti sig á því. „Flestir þeirra væru búnir að gera eitthvað í málinu ef þeir fyndu fyrir sársauka, sem þeir gera ekki. Það er vegna þess að raddböndin sjálf eru tilfinningalaus, þau eru eins og fiðlustrengir. Raddvandamál lýsa sér því í hlutum á borð við hæsi og kökk-tilfinningu og að lokum brestur röddin. Þá gefst fólk upp, dregur sig í hlé og reynir að forðast aðstæður þar sem það þarf að tala, oftast án þess að vilja það eða gera sér í raun grein fyrir vandanum sjálft.“



MYND: ANTON BRINK

Skólavefurinn.is kynnrir

Hvar eru löndin í heimsálfunum?

Evrópa Suður-
Asía Ameríka
Eyjaálfa
Norður-Ameríka
Afríka





Ragnheiður Bjarnadóttir hefur starfað sem píanókennari í 20 ár. Hún kennir í Tónskóla Eddu Borg sem er í samstarfi við grunnskóla í hverfinu þannig að Ragnheiður kennir sumum nemendum sínum þar á morgnana. Svava Jónsdóttir fór á fund Ragnheiðar.

SKÓLARNIR SPILI SAMAN

Ragnheiður Bjarnadóttir ólst upp á bæ í Skagafirði þar sem var gamalt, fótstigið orgel.

„Ég hef sennilega byrjað að spila á það fimm eða sex ára og rétt náði niður á fótstigið. Ég hafði alltaf ánægju af þessu; mér fannst þetta vera spennandi og skemmtilegt.

Ég fór í tónlistarnám á Hofsósi sjö ára og lærði þar á píanó þar til ég kláraði 10. bekk, en ári eftir að ég byrjaði í tónlistarskólanum fengum við píanó á heimilið. Svo fór ég í Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki og var jafnframt í tónlistarskólanum þar í þrjú ár. Veturinn 1994-95, þegar ég hafði útskrifast sem stúdent, fór ég aftur í tónlistarskólann á Hofsósi og tók 8. stig um vorið.“

Ragnheiður flutti suður haustið 1996, þá 20 ára, og hóf nám við píanókennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Það nám tók þá þrjú ár.

„Ég held að ég hafi valið píanókennaradeildina af því að ég er svo rosalega praktísk; ég taldi mig vita að ef ég ætlaði að vinna við tónlist yrði ég örugglega að kenna, a.m.k. líka, og þá væri málið að læra það.“

Ragnheiður segir að hún hafi verið ánægð með námið í deildinni.

„Mér fannst þetta vera mjög flott nám. Ég sótti meðal annars tíma í kennslufræði og sálfræði. Mér

fannst þetta allt saman vera mjög markvisst og gagnlegt. Svo var æfingakennsla inni í þessu líka.“

Ragnheiður fór að kenna fjórum nemendum í Tónskóla Eddu Borg þegar hún var á öðru ári í kennaradeildinni. Nemendum um fjöggaði smám saman eftir útskriftina árið 1999 og hún var fljótlega komin í fulla stöðu. Nú kennir hún 18 nemendum á aldrinum 7 til 19 ára.

Húsnæði tónskólans er í Seljahverfi og er samvinna við Selja- og Ölduselsskóla, sem eru í sama hverfi, og á morgnana kennir Ragnheiður í Ölduselsskóla. „Við fáum að kenna nemendum á skólatíma og notum þá mest frímínútur en einstaka nemendur fá að koma út úr tímum í samráði við sína kennara.“

Kennt er í 25 mínútur í senn og eru flestir nemendur í hljóðfæratímum tvisvar í viku en þeir elstu fá helmingi lengri tíma einu sinni í viku. Ragnheiður segir að þar sem svo stutt er í Seljaskóla, sem er við hliðina á tónskólanum, hlaupi nemendur þar yfir í húsnæði tónskólans ef tónlistartímarnir eru á morgnana.

„Elstu nemendum mínum, sem eru búnir með grunnskóla, kenni ég líka fyrir hádegi í húsnæði tónskólans. Ég er ekki viss um að ég væri enn í þessu starfi ef ég gæti ekki hagað kennslunni á þennan hátt. Tímarnir í húsnæði tónskólans byrja um klukkan tvö og ef ég byrjaði þá þyrfti ég í fullri vinnu að vera að kenna fram að kvöldmat. Þá kæmi ég heim, gæfi börnunum mínum að borða og ræki þau svo í rúmið. Það væri ekki mjög fjölskylduvænt. Ég kenni fjóra daga í viku; þrjú daga er ég búin klukkan þrjú og einn dag klukkan fimm.“

Dæmigerður dagur

Ragnheiður segir að dæmigerður dagur byrji á því að hún mæti að morgni til í Ölduselsskóla.

„Það er misjafnt hvort ég sæki nemendur inn í kennslustofurnar sem þeir eru í eða hvort þeir koma sjálfir. Það fer eftir aldri og hvort þeir muna eftir þessu sjálfir. Reyndar er taflan hjá mér mjög götött af því að ég stíla á frímínútur hjá þeim mörgum. Ég hef getað gert gott úr þessu og skipulagt þetta þannig að á milli er ég að undirbúa kennslu, velja verkefni og æfa mig frekar en að gera það heima á kvöldin. Þetta hentar mér mjög

vel. Undirbúningur er misjafn og fer eftir því hvort ég er að kenna byrjendum eða lengra komnum. Svo færri ég mig yfir í húsnæði tónskólans og kenni þar mismörgum nemendum eftir því hvaða dagur er. Dagskráin er samfelld eftir að ég kem í tónskólann.“

Ragnheiður segir að sér finnst samstarf tónlistarskóla og grunnskóla vera mikilvægt – að þeir spili saman. „Þetta snýst ekki bara um að tónlistarkennarinn sé ekki að vinna fram á kvöld heldur ekki síður um nemandann. Krakkarnir eru margir í íþróttum eða öðrum tómstundum eftir skóla, og eru orðnir þreyttir seinni part dags. Það er gott fyrir þá að geta komið tónlistarnáminu fyrir á skólatíma. Það eru valgreinar í eldri bekkjum grunnskóla og menntaskóla og hægt að velja hljóðfæranám sem valgrein. Hugsanlega væri hægt að koma slíku skipulagi á í yngri bekkjum.“

Styrktar- og fingraefingar

Ragnheiður segir að hún sé von að byrja tímana á að láta nemendur spila tækniæfingar. Eldri nemendurnir spila tónstiga en þeir yngstu eru meira í styrktaræfingum og einfaldari fingraefingum.

„Það hefur reynst mjög vel að æfa tónstigana jafnhliða frá byrjun; þá er það bara partur af dagskránni og nemandinn er ekkert að kvarta yfir því. Yngstu nemendurnir fá yfirleitt nýtt lag í hverjum tíma. Þeir spila fyrir mig það sem þeir æfðu heima og svo kynni ég fyrir þeim næsta lag. Takmarkið er að nemandinn skilji nýja lagið þannig að hann sé sjálfbjarga með að æfa það heima. Þegar nemandinn er kominn lengra í náminu skipti ég lögnum niður í æfingabúta. Það er oft nauðsynlegt að æfa fyrst hvora hönd fyrir sig og æfa svo með báðum höndum saman. Síðan bætum við styrkleikabreytingum við og pedal ef hann er í viðkomandi lagi. Hjá elstu nemendum vinnum við svo enn meira í túlkun tónlistarinnar og hinum ýmsu blæbrigðum. Þá fer líka oft mikill tími í að vinna í einhverjum stuttum búi í viðkomandi lagi; einhverjum erfiðum parti sem þarf sérstaklega mikið að glíma við.“

Oft enda ég tímana á því að spinna aðeins með nemandanum. Þá spila ég hljómagang undir og þau búa til lag yfir. Stundum notum við bara hvítar nótur eða bara svartar nótur. Sumum finnst þetta vera mjög erfitt fyrst. En það er fljótt að

„Það að koma fram og spila fyrir áheyrendur er mikilvægur partur af tónlistarnáminu.“

breytast og þeim finnst mjög gaman þegar þau komast að því að í spuna er ekki hægt að gera neitt vitlaust.“

Það má ruglast

Ragnheiður segir að nemendurnir séu yfirleitt mjög jákvæðir. „Það kemur fyrir að þeir hafi ekki haft tíma til að æfa sig heima og þá fer stundum mikill tími í að hjálpa þeim að æfa sig; að láta þá gera það sem þeir áttu í rauninni að gera heima. Það þarf líka að kenna nemendum að æfa sig; að láta nemandann spila það sama aftur og aftur því að þannig sér hann hvernig honum fer fram.“

Ég hef verið með nemendur sem eru mjög gagnrýnir á sjálfa sig og finnst þeir ekkert geta og um leið og þeir gera eina villu þá gefast þeir upp. Þá þarf ég að byggja upp sjálfstraust þeirra og ég legg mikla áherslu á það við nýja nemendur að það má ruglast. Maður lærir á því að ruglast.“

Ragnheiður segist gjarnan leyfa elstu nemendum að velja lög sem þeir spila. „Elstu nemendur mínir um þessar mundir stefna ekki á að verða atvinnuhljóðfæraleikarar; þeir eru að þessu fyrir ánægjuna. Það er orðið svo aðgengilegt að hlusta á tónlist og nálgast nótur á netinu og þeir gera það; þeir vilja stundum meira léttmeti sem er ekkert endilega það sem mér finnst vera skemmtilegast að spila eða kenna en ég er ánægð með að aðstoða þá ef áhugi þeirra liggur þar.“

Ragnheiður segir að sú breyting hafi orðið á í kennslunni á þessum 20 árum að nú sé ekki bara lögð áhersla á að nemendur spili eftir nótum heldur líka eftir eyranu.

Hver nemandi í Tónskóla Eddu Borg kemur fram opinberlega tvisvar á önn – einn tónfundur er haldinn á hvorri önn og svo koma nemendur fram á jólatónleikum á haustönn og vortónleikum á vorönn. „Það að koma fram og spila fyrir áheyrendur er mikilvægur partur af tónlistarnáminu.“



Anna Kristín Sigurðardóttir og Guðjón H. Hauksson framhaldsskólakennari prófa húsgögn í skólastofu 21. aldarinnar við opnum hennar á Alþjóðadegi kennara, 5. október. Ingvar Sigurgeirsson prófessor og Áslaug Björk Eggertsdóttir fylgjast með.

MYND: KRISTINN INGVARSSON

SKÓLASTOFA TUTTUGUSTU OG FYRSTU ALDARINNAR

Nýjstu tækni og fislétt húsgögn má finna í nýrri skólastofu í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Miklar breytingar hafa síðustu árin orðið á skólastarfi, kennsluháttum og þeirri tækni sem nýtt er við kennslu. Á sama tíma hefur skólastofan þar sem námið fer fram lítið breyst. En er þörf á breytingum þar? „Já,“ segir hópur kennara við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, sem hannaði og setti upp skólastofu 21. aldarinnar. Vinnuna leiddi Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ. Útsendari Skólavörðunnar settist niður með henni á dögnum og forvitnaðist um verkefnið. Við byrjuðum á að ræða hvernig verkefnið kom til.

„Fyrir nokkrum árum var hafist handa við að hanna nýja byggingu fyrir Menntavísindasviðið á háskólalóðinni vestur í bæ. Þó ekkert hafi orðið af þeirri framkvæmd þá vaknaði á þessum tíma spurningin um

hvernig við viljum kenna í framtíðinni og við hvaða aðstæður? Við fórum þá í svolitla sjálfsskoðun og komumst að því að allt kennsluumhverfi háskólans er í raun mjög gamaldags,“ segir Anna Kristín.

Hópurinn lagði upp með að í stofunni þyrfti að vera hin fullkornasta tækni til m.a. kennslu og samstarfs nemenda. Umhverfið þyrfti enn fremur að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir í námi og kennslu, til dæmis hópastarf en einnig einstaklingsbundna vinnu og heildstæða vinnu til jafns við hefðbundna miðlun þekkingar. „Við gerum ráð fyrir að nemendurnir sem við erum að mennta í stofunni fari að námi loknu út í skólana og nýti sér tæknina þar. Við erum fyrirmynd í kennsluháttum á öllum skólastigum þegar við menntum kennara og því gengur ekki að við bjóðum aðeins upp á tuttugustu aldar

umhverfi og kennsluhætti,“ segir Anna Kristín.

Styður við fjölbreytta kennsluhætti

„Við hönnun stofunnar, sem og í öllu starfi hér í deildinni, þarf að taka tillit til þess að við erum með marga nemendur í fjarkennslu. Það þýðir að við erum reglulega að kenna á sama tíma nemendum sem sitja í skólastofunni fyrir framan kennarann og nemendum sem fylgjast með í gegnum tölvur víðsvegar á landinu. Því til viðbótar eru nemendur sem horfa á upptökur af kennslustundinni. Þetta er því ekki hreint staðarnám eða fjarnám, heldur blanda af hvoru tveggja. Kennararnir eru líka mismunandi. Við erum auðvitað með mikið af fyrirlestrum en margir kennarar leggja sérstaka áherslu á hópavinnu og almennt

má segja að fjölbreyttum aðferðum sé beitt við kennsluna. Við stóðum frammi fyrir að þurfa ekki bara að búa til umhverfi til að þjónusta kennarahópin heldur alla okkar nemendur, sama hvaða leið þeir fara í námi sínu, og skólafan þarf að vera búin tækjum til þess.“

Tækjabúnaður stofunnar og allt umhverfi hennar miðar að þessu. „Við vilðum til dæmis hafa marga skjái sem bæði kennarinn og nemendur hefðu aðgang að. Margir þessara skjáa eru þegar komnir upp en þeim á eftir að fjölga. Það eru líka önnur tæki og tól í stofunni, svo sem stórt borð sem er í raun líka tafla. Nemendur geta setið við borðið og unnið verkefni en síðan er hægt að snúa borðplötunni og reisa hana við og vinna við hana eins og hverja aðra töflu. Við erum líka með rafræna töflu sem sýnir sérstakan kóða sem nemendur skanna og fá þannig aðgang að þeim upplýsingum sem eru á töflunni hverju sinni. Raunar eru skjáirnir í stofunni búnir á sama hátt.“

Engin þung borð

Húsgögnin í stofuna voru líka sérvalin með það í huga að auðvelt væri að færa þau til og skapa þannig aðstæður sem henta kennslunni hverju sinni, hvort sem unnið er í hópum, í einstaklingsverkefnum eða ef kennarinn er með fyrirlestur. „Fyrir voru í stofunni raðir af þungum borðum sem erfitt var að færa til. Húsgögnin sem nú eru í stofunni eru öll létt, borðin eru á hjólum o.s.frv. og það er því afar auðvelt að raða þeim upp þannig að þau passi við kennsluna hverju sinni. Þannig teljum við að það verði til flæði í stofunni sem skiptir okkur miklu máli.“

Anna Kristín segir að nú sé unnið að því að hjálfa kennara sviðsins í að nýta þá tækni sem er til staðar í stofunni. Sjálf segist hún ekki hafa fyllilega áttað sig á öllum þeim möguleikum sem stofan býði upp á fyrr en að loknu tveggja daga námskeiði þar sem farið var yfir alla möguleika hennar. „Að námskeiðinu loknu finnst mér munurinn á því að kenna í „hefðbundinni“ stofu þar sem kennarinn hefur aðgang að töflu og skjávarpa til móts við þá tækni og þá möguleika sem eru til staðar í þessari nýju stofu nánast eins og munurinn á því að skrifa ritgerð á ritvél eða í tölvu. Þú getur í grunninn unnið ritgerðina eins á bæði tækin en þú getur líka notað alla þá möguleika sem tölvun býður upp á til að gera svo miklu, miklu meira.“

ENDURLIT TIL ÁRSINS 2000: TÆKNIN SEM ER HORFIN ÚR SKÓLASTOFUNNI

Vafalaust taka margir undir það að ekki sé ýkja langt síðan árið 2000 gekk í garð. Það hefur þó ansi margt breyst á þessum síðustu 17 árum og skólafan er ágætt dæmi um það. Tæki og tól sem þóttu hin gagnlegustu, jafnvel hálfgerð tækniundur, eru nú komin í geymslu eða alla leið á haugana.

Fjallað er um þessa þróun á vef EduDemic.com. Rifjað er upp hvernig myndbandstækjum var rúllað inn í stofur í þeim tilgangi að leyfa nemendum að horfa á fræðsluefni, myndvarpinn var mikið þarfaþing og kirtartaflan enn við lýði víða.

Alfræðivefurinn Wikipedia var ekki til árið 2000 en var þó ekki langt undan. Google var tveggja ára árið 2000, Wikipedia var sett í loftið 15. janúar 2001, Facebook var stofnuð 4. febrúar 2004 og ári síðar leit Youtube dagsins ljós, eða 14. febrúar 2005.

Græjur sem voru vinsælar en eru horfnar

Floppídiskurinn / Margir muna eftir mjúka floppídiskinum sem var svo frábær til að flytja gögn á milli tölvu og ekki var síðri bróðir hans sem kom síðar, harði diskurinn. Floppídiskurinn fagnar fimmtíu ára afmæli á þessu ári en hann hefur ekki sést í mörg ár og var á hröðu undanhaldi nokkrum árum fyrir aldamótin. Hörð drif tóku við og nú eru ský aðalamálið til að geyma gögn.



Míkrófilman / Nemendur í dag vita vafalaust ekki hvaða galdur míkrófilman hafði að geyma. Hver man eftir að hafa setið á bókasafni og lesið dagblöð með þessari framsæknu tækni? Sennilega bara eldri kynslóðin.

Kirtartaflan / Grænar og svartar kirtartöflur sjást enn í skólaföllum en oft hefur hvít tússtafla verið sett fyrir framan. Kirtartöflurnar eru hverfandi og það er af sem áður var þegar kennarar þurftu að dusta af sér kirtarrykið í lok kennslustundar.



Sjónvarp og myndbandstæki á hjólavagni / Árið 2000 og nokkuð mörg ár þar á undan var til síðs að setja myndbandstæki á vagn og rúlla honum á milli skólafana. Þetta taldist vafalaust til mikilla þæginda.

Alfræðibækur og orðabækur / Nemendur þurftu að fletta upp í bókum ef þá vantaði orðskýringar eða vitneskju um einhver atriði. Google svarar spurningum í dag en sá vefur leit reyndar dagsins ljós fyrir árið 2000 eða þann 4. september 1998.

Lingufónar og kassettur / Tungumálakennarar hafa mörg önnur ráð í dag en að vipa lingufóninum upp á kennaraborð. Netíð býður marga kosti við framburðarkennslu og það eru til öpp og hljóðforrit sem gera sama gagn.

Hvað fer næst?

Prentað mál / Því er spáð að hefðbundnar prentaðar námsbækur muni lúffa fyrir rafbókum og fræðandi vefsíðum. Hversu hratt og hvort það gerist skal ósagt látið enda hefur bókin sýnt að hún er lífseig mjög.

Tölvuvur / Þau þekkjast nú sennilega enn í einhverjum skólum en munu á undanhaldi, enda æ algengara að í það minnsta eldri nemendur séu með fartölvur og eða spjaldtölvur, að ekki sé talað um símana sem eru líka tölvur.

Hvíta tússtaflan / Hvíta tússtaflan hefur leyst kirtartöfluna af hólmi víða og þykir bæði þægilegri og heilsusamlegri. Nú er því spáð að snjallskjái eða snertiskjái, sem á ensku ganga undir nafninu Smart board, séu líklegir til að taka við hlutverki hvítu tússtöflunnar. Að sama skapi er talið að skjávarpar verði fáséðir í kennslustofum.

MINNA UM FÍNGERÐAN ÚTSAUM EN ÁÐUR

Hjördís Björg Andrésdóttir, textílkennari í Réttarholts-skóla, þekkir muninn á þeirri handavinnukennslu sem var í boði á 8. áratug síðustu aldar þegar hún var í grunnskóla og svo þeirri textílkennslu sem fram fer í dag. Svava Jónsdóttir heimsótti Hjördísi í Réttarholtsskóla.

Hjördís Björg Andrésdóttir segir að kennarastarfið hafi heillað sig í mörg ár áður en hún hóf nám við Kennaraháskóla Íslands í janúar árið 2009.

„Ég sótti um í Kennó árið 1987 og komst inn en komst að því að ég væri ófrísk og þá hætti ég við. Ég sótti um aftur mörgum árum síðar og komst inn en fékk þá tilboð um svo góða vinnu að ég hætti aftur við.“

Hún vann lengi við skrifstofustörf en ákvað að sækja um í þriðja sinn árið 2009 og fékk inngöngu. „Ég ætlaði að verða stærðfræðikennari. Ég þekkti nokkrar konur sem voru þá í textíleidd Kennaraháskólans og þær voru að ýta á mig að prófa að taka eitt námskeið í textíl.“

Ég lét til leiðast og endaði á því að útskrifast sem textílkennari árið 2011 og sé alls ekki eftir því. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef unnið við.“

Hún segir að það hafi verið handverkið sem heillaði sig þegar hún ákvað að fara í textíleiddina, sem og að fá að skapa og hanna. Hjördís á þrjú börn og saumaði sérstaklega mikið á tvö eldri börnin sem eru nú á þrítugsaldri en hún segir að efni hafi verið orðin miklu dýrari þegar yngsta barnið fæddist. Fyrsta barnabarnið er nýkomið í heiminn og hún hefur að undanfögnu þrjón- að mikið á nýjasta fjölskyldumeðliminn.


Sauma- og þrjónaskapur var því alls ekkert nýr fyrir henni þegar hún ákvað að hætta við að verða stærðfræðikennari og verða í staðinn textílkennari.

Þæfing og litun á efni

Hjördís þekkir muninn á þeirri handavinnukennslu sem var í boði á 8. áratug síðustu aldar þegar hún var sjálf í grunnskóla og þeirri textílkennslu sem tók við. Hún segir að þetta sé svo vítt svið og margt sem komi inn í textílinn, því ekki sé einungis einblínt á að nemendur saumi, þrjóni og hekli þó svo að það sé aðalkennslan; hún segir meðal annars að nú sé minna um fingerðan útsaum og vandaðan frágang en áður og meira um til dæmis þæfingu á ull, fatalitun, stenslun á efni og fatasaum.

„Þetta er alls ekki sama handavinnukennsla og var til dæmis á sjöunda áratugnum þegar saumaðir voru handavinnupokar með útsaumi eins og krosssaumi og aftursting. Þetta er gjörólíkt. Ég held líka að þetta sé ólíkt eftir skólum. Við endurvinnum til dæmis úr gömlum efnum; og ekki bara efnum því við notum til dæmis kaffipoka. Þetta er svo gríðarleg vídd og ég er alltaf að læra eitthvað nýtt sem ég lærði ekki í Kennaraháskólanum.“

Ég byrjaði að kenna textílmennt 2013 og í vettvangsnáminu sá ég að mikil breyting



Hjördís Björg Andrésdóttir. „Það er svolítið mikið um litun í dag og endurvinnslu; ég held að nýjungarnar séu að endurvinnna – nota gömul fót. Ég kenni allavega endurvinnslu í minni kennslu.“

hafði átt sér stað í handavinnukennslu síðan ég var í skóla. Þá voru drengir í smíði og stúlkur í handavinnu. Í dag eru bæði kynin í textílmennt og smíði. Ég fór til dæmis ekki í handavinnukennslu í skóla fyrr en 12 ára og fyrsta verkefnið var að sauma út í java pennaveski og sauma vélsaum ásamt því að þrjóna vettlinga. Þetta þótti



mér afar erfitt þar sem ég hafði aldrei snert hvorki þrjóna né nál. Ég bjó vel heima fyrir og fékk góðar leiðbeiningar sem hjálpaði mér áfram.“

Sófarnir

Hjördís kennir unglingum og er með hálfan bekk í einu. Henni finnst skipta máli að vel fari um nemendurna og sá til þess að sófar væru settir inn í kennslustofuna.

„Mér finnst það skipta gríðarlega miklu máli að nemendur fái að slaka á meðan þeir eru að þrjóna. Ég er með tvo tveggja

sæta sófa og tvo stóla þar sem nemendurnir geta setið og haft það náðugt því það er svo erfitt að sitja á stól við borð og þrjóna. Ég legg mikla áherslu á að krakkarnir hafi það svolítið kósí; við erum með púða og þeir geta komið sér vel fyrir og passað axlir og hendur. Ég legg gríðarlega áherslu á vinnustöðu þeirra bæði í þrjóni og saumi. Þeir slaka á þegar þeir þrjóna og sitja beinir við saumavélina.“

Endurvinnsla og viðgerðir

Hjördís segist fylgjast vel með nýjungum í

Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef unnið við.

textílkennslu. „Það er frekar mikið um litun í dag og endurvinnslu; ég held að nýjungarnar séu að endurvinnna – nota gömul föt. Ég kenni allavega endurvinnslu í minni



kennslu. Ég er með í skólanum bók um endurvinnslu en við notum netið líka mikið. Það er nauðsynlegt að endurvinna hlutina af því að jörðin okkar tekur ekki endalaust við. September var plastlaus mánuður og þá er til dæmis gott að nota tækifærið og ýta undir að nota margnota poka, en það er hægt að hanna, skapa og teikna á alls konar poka úr margs konar efnum. Einnig er hægt að endurnýta t.d. kaffipoka. Margir hönnuð-ir endurnýta ýmis konar fatnað og sauma nýjan úr gömlum flíkum. Þetta verður alltaf stærri og stærri hópur sem er bara jákvætt.“

Það er vissulega gagnlegt að fylgjast vel með í textiltímum. „Mörg okkar eigum börn sem koma úr skólanum með saumsprettu, gat og annað sem þarf að laga. Foreldrar fara ekkert endalaust út í búð til að kaupa nýjar flíkur; það þarf að kunna hvernig á að sauma, setja tölur, falda buxur, setja rennilás eða laga saumsprettu. Ég legg ríka áherslu á þetta í minni kennslu og læt nemendur koma með fót að heiman sem þeir þurfa að laga. Ef það kemur saumspretta í fatnað í skólanum þá vil ég að þeir lagi það hjá mér í tíma til að kenna þeim hvernig það er gert.“

Áhugamál og vinna

Hjördís segir að textillinn sé bæði vinna og áhugamál. „Ég hugsa mikið um vinnuna og er oft á netinu, svo sem á Pinterest og YouTube, til að skoða hvað ég gæti gert í textíl. Ég er ekki bara að hugsa um sjálfa mig heldur líka um hvað nemendur geti gert úr þessu og hvort ég geti fundið eitthvað handa þeim. Þó ég sé að gera eitthvað fyrir sjálfa mig þá sé ég oft líka eitthvað sem væri flott fyrir þá að gera og vil kannski prufa það í næsta tíma.

Þetta er bara svo gaman. Þetta er áhugamálið mitt og þetta er vinnan mín.“



Bókunarsími 433 2254



VIKINGASUSHI ÆVINTÝRAFERÐ

- VikingaSushi
- Kvöldverður á Breiðafirði
- Ferjan Baldur
- Flatey



www.saeferdir.is - saeferdir@saeferdir.is

SMÁSAGNAHÖFUNDAR VERÐLAUNAÐIR Á ALP JÓÐAÐEGI KENNARA



Verðlaunahafarnir Dagný Ásgeirsdóttir, Elísa Sverrisdóttir, Heiðrún Vala Hilmarsdóttir, Skýjaborgarbörnin (árgangur 2012), Víkingur Aron, Haraldur Magnús, Þóra Kristín, Guðrún Birna, Olivier, Markus, Enok Einar og Kjartan Kurt Gunnarsson.

Verðlaun í Smásagnasamkeppni KÍ, Heimilis og skóla og Samtaka móðurmálskennara voru veitt við hátíðlega athöfn á Skólamálaþingi í Hörpu á Alþjóðadegi kennara, 5. október. Þetta er í þriðja sinn sem efnt er til smásagnasamkeppninnar í tengslum við kennaradaginn og voru viðtökur góðar nú sem fyrr. Keppendum var skipt í fimm flokka; leikskólaflokk, þrjá grunnskólaflokka og framhaldsskólaflokk.

Dómnefndina skipuðu Kristín Ómarsdóttir skáld, Kristján Jóhann Jónsson, dósent á Menntavísindasviði HÍ, og Bryndís Jónsdóttir, hjá Heimili og skóla. Hafði dómnefnd á orði að verkefnið hefði verið afar ánægjulegt og erfitt að velja verðlaunasögurnar úr mörgum góðum.

Verðlaunasögurnar eru allar birtar hér í Skólavörðunni. Njótið þess að lesa!

Heiðrún Vala Hilmarsdóttir, nemandi í 5. bekk Flatey, Hraunvallaskóla.



Heiðrún Vala hlýtur verðlaun í grunnskólaflokki (5. til 7. bekk). Hún segir íslensku í uppáhaldi í skólanum og hún er dugleg að lesa bækur. „Í augnablikinu er Lítil prinsessa eftir Frances Hodgson Burnett uppáhaldsbókin mín en ég líka marga uppáhaldshöfunda, svo sem David Walliams, Þorgrím Þráinsson, Guðrúnu Helgadóttur og Astrid Lindgren,” segir Heiðrún Vala. Hún er byrjuð á næstu smásögu. „Sagan

fjallar um skóla þar sem dýr hafa tekið völdin, til dæmis kennir könguló textílmenn og íslenski fjárhundurinn íslensku.“

Umsögn dómnefndar:

Sagan *Barnalegi kennarinn* þar sem hlutverkunum er snúið við er fyndin og skemmtileg – snúningurinn er áreynslulaus og vandamálin sem koma upp mannleg og jafn augljós og það er uppfinningasamt af höfundinum að finna upp á þeim: já, svona mundi það einmitt gerast ef foreldrarnir færu í skóla til barnanna að læra trampólínfræði og um vinsæl lög, kennarinn myndi gleyma sér inni í skáp í dúkkuleik! Það er svo gaman í heiminum hvað það þarf mikla uppfinningasemi til að rata á hið augljósa og einfalda – svo þeir sem hlusta á og lesa segja: já auðvitað! Og manni finnst að maður hefði átt að finna upp á því sjálfur en hefði samt aldrei getað það – það þarf höfund! Hér veiga skynsemin og kæruleysið salt og jafnvægið verður hnífjafnt: hér leikur mannvitið og skemmtunin sér saman glæsilega.

BARNALEGI KENNDARINN

Ég heiti Emma og er kennari. Ja, kannski svolitíð sérstakur kennari, ég er nefnilega bara 10 ára. Ég vinn í Foreldraskólanum sem systir mín stofnaði. Hún er orðin 17 ára og er mjög skemmtileg. En einu sinni átti hún að skrifa smásögu í smásögukeppni fyrir unglinga og þemað var: foreldri. Þá var hún í fýlu út í mömmu og pabba út af einhverjum ástæðum og hún skrifaði um foreldraskóla. Þar átti foreldrum að vera kennt að vera góðir og skemmtilegir. Dómararnir í smásagnakeppninni urðu mjög hrifnir af sögunni og buðu forsetanum að lesa hana og honum fannst hún svo frábær að skólinn varð að veruleika. Systir mín varð skólástjóri og ég kennari þar sem ég kenni foreldrunum hvaða tónlist er vinsælust á hverjum tíma. Allt starfsfólk skólans er börn eða unglingar og allir sem eiga foreldra sem þeim þykja vera leiðinlegir geta sótt um pláss fyrir þá í skólanum. Þar geta foreldrarnir til dæmis lært hvernig

á að elda mat sem börnum þykir góður, að leika við börnin sín og hvernig á ekki að verða börnum sínum til skammar.

Ég var á leiðinni í vinnuna og var að fara inn í stofuna þegar ég sá að Hildur, sem er yngsti kennarinn í skólanum og kennir foreldrunum að leika við börnin sín, var ekki í stofunni sinni. Foreldrarnir sátu þarna inni og voru ýmist í símunum sínum eða að klára verkefni úr vinnunni sinni á meðan þeir biðu eftir Hildi. Ég rétti mínum nemendum verkefnablöð og hljóp svo í stofuna hennar Hildar og spurði nemendurna hennar hvar hún væri. Þeir sögðust ekki hafa hugmynd um það og að þeir hefðu beðið mjög lengi eftir henni. Ég lét þá hafa verkefnablöð af borðinu hennar Hildar og stökk svo af stað að finna Emblu. Embla, sem er kennari í skólanum og besta vinkona mín, sat við kennaraborðið sitt og var að fara yfir próf. „Embla, Embla, Embla!“ kallaði ég þegar ég hljóp inn í stofuna hennar

eins og bandóður bavíani. „Hvað er í gangi? Róa sig, það er próf herna í trampólínfræði,” sagði hún. „Hildur er týnd!“ öskraði ég og allir nemendurnir sussuðu á mig. „Allt í lagi, er hún búin að vera týnd lengi?“ spurði Embla mjög yfirveguð og róleg. „Ég veit það í rauninni ekki,” sagði ég, „en hún hefur allavega ekki farið inn í stofuna sína í dag“. „Allt í fína, spyrjum Söru skrifstofudömu hvort hún hafi séð hana í dag,“ svaraði Embla, ennþá mjög róleg. Við fórum til Söru og það kom í ljós að hún hafði séð hana og meira að segja spjallað við hana í morgun en ekki séð hana síðan. „Ég hélt að hún hefði bara farið inn í stofu til sín, hún Hildur er nú ekki vön að hverfa,“ sagði Sara greinilega í miklu uppnámi. „Þetta er allt í lagi, við finnum hana,“ sagði Embla. Við náðum í Rósu systur mína og byrjuðum að leita að Hildi. Ég átti að leita á klósettunum og kennarastofunni, Rósa í matsalnum, Embla í kennslustofunum og

Sara átti að hringja í allt starfsfólk og spyrja hvort það hefði séð Hildi. Við leituðum allar á fullu en við fundum Hildi ekki hvernig sem við leituðum. „Förum og fáum okkur hádegismat,“ sagði Sara. „Ég er orðin glorhungruð, hvað með ykkur?“ „Við erum að farast úr hungri,“ svaraði Rósa fyrir okkur allar. Við fórum inn í matsal, tókum diskka, skömmtuðum mat á þá og fórum inn á kennarastofu. Við spurðum konurnar í mótuneytinu fyrst hvort þær hefðu séð Hildi en þær svöruðu neitandi. Þegar við vorum búnar að borða héldum við áfram að leita en án árangurs. Þá fékk Rósa hugmynd. „Hvað með herbergi húsvardarins?“ sagði hún. „Við gætum alveg kikið þangað þótt mér þyki ólíklegt að Halli hafi stolið henni,“ sagði ég. „Auðvitað hefur hann ekki stolið henni en hún gæti samt verið þar,“ sagði Rósa. Við fórum inn til Halla og hún var

ekki þar og ekki Halli heldur. Þetta var mjög skrítið þar sem Halli fer sjaldan út úr herberginu án þess að setja miða á hurðina. En allt í einu heyrðum við skritin hljóð innan úr skáp í herberginu. Það verður einhver að kíkja inn í skápinn og athuga hvað er í gangi þarna inni, sagði Embla. „Ekki ég,“ var svarað mjög hratt, „ég er yngst af ykkur og ekki séns að ég fari að kíkja inn í þennan draugaskáp,“ sagði Sara. „Ég skal gera það,“ sagði ég sem er venjulega algjör skræfa. Ég fór að skápnunum og opnaði hann mjög hratt. „Nei, ég vil ekki að mín dúkka sé skrímsli,“ mótmælti lítil vera inni í skápnunum. „Hildur er þetta þú?“ sagði ég. „Jebbsöríbob,“ svaraði litla veran sem við vissum þá að var Hildur. „Halli vill að mín dúkka sé skrímsli en ég vil það ekki! Finnst ykkur hún nokkuð líta hræðilega út?“ spurði Hildur kjökrandi. „Nei, krúsíðúlla,“ svaraði Rósa, „en nú

verður þú að fara að kenna því þú ert þegar orðin alltof sein“. Hildur fór strax aftur í kennslustofuna sína til að halda áfram með kennsluna.

Við sem eftir vorum settumst niður á kennarastofuna alveg uppgefna. „Það fylgja því nú margir erfiðleikar að hafa bara börn sem kennara,“ sagði Sara og við kinkuðum kalli. „Þessi hugmynd var nú ekkert fullkomin hjá mér enda átti þetta ekkert að verða til í alvöru,“ svaraði Rósa og enn og aftur kinkuðum við kalli. „Hvað með að stofna kennaraskóla?“ stakk ég upp á. „Þar gætu börn lært að verða kennarar svo að þau endi ekki eins og Hildur.“ Við jánknuðum því allar. En hver ætti þá að kenna þeim? Við hristum allar hausinn og skellihlógum því að þetta var að verða að algjörri vitleysu hjá okkur.

Elísa Sverrisdóttir, nemandi í 10. bekk Foldaskóla.



Verðlaun í unglingsflokknum komu í hlut Elísu Sverrisdóttur fyrir söguna Hringrás. Elísa segist ekki hafa skrifað margar sögur fyrir utan verkefni í skólanum. Stærðfræði er skemmtilegasta námsgreinin, segir Elísa. Spurð um uppáhaldsbók stendur ekki á svari hjá Elísu. „Uppáhaldsbækurnar mínar eru Harry Potter bækurnar, ég get lesið þær aftur og aftur,“ segir Elísa.

Umsögn dómnefndar:

Sagan Hringrás ber þess greinileg merki að höfundurinn er um það bil að stíga inn í heim fullorðinna. Hann horfir á líf kennarans úr fjarlægð, sér erfiðleika sem myndu buga marga en gerir sér jafnframt grein fyrir því að kennarinn hefur valið þetta starf og ætlar ekki að snúa af þeirri braut. Því er ekki svarað hvers vegna kennarinn heldur áfram sinni þrautagöngu, lesendur verða að svara því og þess vegna er þetta m.a. bókmenntaverk. (Líka af því að höfundi tekst að setja sig í spor annarra og nota frásögn í annarri persónu eins og æft skáld).

HRINGRÁS

Vaknar uppgefin klukkan 7. Það er þriðju-dagur en þér líður eins og gærdagurinn hafi verið heil vika. Ferð í sturtu svo þú lítur ekki út fyrir að hafa vakið alla nóttina en fattar svo ekki hvað tímanum líður og klæðir þig í flýti, hendist í bílinn og skutlar börnunum í skólann. Tekur þér svo 5 mínútur í það að slappa af í bílnum áður en að þú tekst á við verkefni dagsins. Þegar þú labbar inn lítur þú á forfallatöfluna og hálf öfundar þá sem liggja heima „veikir“ og lifa drauminn. Heill dagur út af fyrir þig þar sem þú þarft ekki að gera eitt eða neitt.

Þú heilsar fólki á leið þinni inn á kaffistofu með hálfum huga því í rauninni líkar þér

ekkert sérlega við samstarfsfólkið þitt. Bjallan hringir og nú þarftu að fara að takast á við 10. bekkinn hennar Helgu. Ekki bara í einn tíma heldur tvöfaldan. Þetta eru óargadýr. Ekkert og enginn getur stjórnað þeim. Alltof mikið mas, alltof mikill hávaði og engin eftirtekt eru hlutir sem þú þarft að kljást við. Þú vonar innst inni að einhver, að minnsta kosti einn, hafi verið að fylgjast með og það verði eitthvað úr þeirri manneskju í framtíðinni. Loksins hringir bjallan og þú lifðir tímann af með hjálp frá tónlistinni í eyrum nemenda.

Þú drekkur kaffið þitt inni í stofunni þinni því þú nennir ekki að rekast á enn einn kennarann sem vill spjalla af því að þá

myndirðu aldrei ná að klára kaffið þitt fyrir næsta tíma.

Bjallan hringir og 8. bekkur kemur inn. Öll svo saklaus og þora varla að hosta því þau langar svo rosalega að standa sig í unglingsdeild og halda örugglega að þau fái trúflun í tíma fyrir minnstu hreyfingu. Þú veist samt að metnaðurinn hjá allmörgum nemendum rennur af þeim þegar líður á veturinn. Einn og einn nemandi er þó með svokallaðan ofuráhuga. Það getur verið ótrúlega pirrandi að sinna þessum nemanda sem hefði bara helst átt að sleppa einum bekk. Hann er

Framhald á næstu opnu

framhald – Hringrás

kominn svo langt að þú getur ekki einu sinni haldið í við hann. Áhugi er góður en stundum getur hann verið of mikill.

10 mínútna pása. Hún hefði getað farið í að gera ekkert, fá þér kannski annan kaffibolla en þú þarft að fara yfir próf sem þú lagðir fyrir 10. bekk í þeim eina tilgangi að hafa algjöra þögn í 80 mínútur. Það er margt á sig lagt en það er þess virði.

9. bekkur er næstur. Öruglega ekki ein sála að hlusta á þig. Einhverjum heigli fannst nefnilega svo sniðugt að segja þessum krökkum að einkunnirnar sem þú færð í 9. bekk skipta þig í rauninni engu máli. Þú ert líka komin með upp í kok af bókinni sem þú kennir þeim. Sama grútleiðinlega sveppabókin sem gæti alveg eins verið merkt þér af því að þú lærðir þessa bók sjálf í grunnskóla. Þú veltir því fyrir þér í smá stund hvaða fag væri gaman að kenna og endar á því að velja íslensku. Það eru nefnilega til alls konar skemmtilegar og sniðugar kennsluáferðir í íslensku svo að bæði kennarinn og nemendurnir deyi ekki úr leiðindum.

Eftir fjórutíu mínútur kemur hinn 9. bekkurinn sem er öllu hraðilegri en hinn

og þú þarft að endurtaka fyrri tímenn. Aftur hlustar enginn á það sem þú hefur að segja en þér er eiginlega orðið alveg sama, þú ert farin að hlakka til matartímans, það er hvort eð er þeim að kenna að þau vilji ekki læra.

Loksins hringir bjallan og þú getur farið í mat. Þér finnst maturinn óspennandi í mótuneytinu þannig að þú tókst með þér nesti. Allir hinir kennararnir öfunda þig af finu pítsusneiðum sem þú tókst með þér og þú finnur fyrir smá sektarkennd því þau sitja öll með þér og borða kjötfarsbollur.

Eftir matartímann er tími til kominn að losa sig við alla unglíngana og færa sig yfir í heimilisfræðistofuna. Þú færð klígjutilfinningu þegar þú labbar inn í svínastíuna því að allt er skítugt. Gólfíð, áhöldin, vinnuborðin. Bara allt. Þú hugsar með þér af hverju í ósköpunum þú bauðst þig fram til að kenna heimilisfræði í 3. bekk. Þú sagðir nefnilega við skólástjóran þegar hann spurði hvort þú gætir kennt 3. bekk að þér þætti „ótrúlega gaman að kenna litlum krökkum“ sem er hrein lygi. Þú bara gast með engu móti neitað. Krakkarnir koma inn, öll litlu krúttlegu börnin í skólanum. Þú útskýrir vandlega fyrir þeim hvað á að gera, einfaldar kornflexkökur. Um leið og þú ert búin að útskýra allt í bak og fyrir byrja þau

strax að hrópa og kalla. Spurningum rignir yfir þig um hluti sem þú varst að enda við að útskýra. Þú verður fljótt leið á þessu og endar með því að láta þau hita kakó meðan þú gengur frá.

Þú ferð aftur inn í stofu þar sem bunkinn með hálf yfirfögnu prófunum liggur. Þig langar að komast heim sem fyrst, þannig að þú ákveður að skrifa bara nákvæmlega sömu einkunn á hvern og einn nemanda og hann fékk í síðasta prófi. Einfalt og þægilegt. Segir svo bara að þú hafir týnt prófunum þegar þú ætlar að „sýna þeim prófin“.

Eftir erfiðan vinnudag er komið að því að fara heim. Þú varst sniðug og baðst manninn að sækja krakkana í skólann svo að þú gætir átt smá næði. Tímenn líður þó hratt og allt í einu ertu búin að ganga frá eftir matinn og farin að huga að því að fara í háttinn. Þú horfir á sjónvarpsþátt sem þú ert búin að gera tilraun til að horfa á í viku en þú sofnar alltaf í miðju kafi. Nærð þó ekki heldur að klára þáttinn í þetta sinn og endar á því að skrifa upp í rúm uppgefin eftir daginn.

Þrátt fyrir mikla þreytu ertu samt tilbúin að endurtaka sama fyrirkomulag aftur á morgun. Því þegar öllu er á botninn hvolft myndirðu aldrei vilja skipta um starf.

Börn fædd 2012 í leikskólanum Skýjaborg. Þau heita Enok Einar, Guðrún Birna, Haraldur Magnús, Markus, Olivier, Víkingur Aron og Þóra Kristín.



Hvernig er traustur og góður kennari? Börnin í leikskólanum skrifa um það í verðlaunasögunni Kennarinn með blað í fanginu. Krakkarnir sýna flotta samvinnu og útkoman er skemmtileg saga.

Umsögn dómnefndar

Þetta er saga um öryggið sem fylgir góðum og traustum kennara. Blaðið sem hann er með í fanginu er tákn margvíslegra og nauðsynlegra upplýsinga um heiminn. Og, eins og skáldin hitta svo oft á, getur orð eins og blað þýtt svo margt, þannig ber/inniheldur titillinn með sér töfra skáldskaparlistarinnar. Kennarinn gæti þess meðal annars að nemendur hlaupi ekki fyrir bíla, rífi ekki bækur og fari ekki ofan í skurði. Og ef hann er góður kennari brosir hann og talar ekki hátt.

KENNARINN MEÐ BLAÐ Í FANGINU SÍNU

Kennarar eiga að segja börnunum að sitja kyrr og það má ekki rífa bók og segja krökkunum að fara ekki ofan í skurð. Að það megí bara hjóla með hjálm. Það er

bannað að ganga yfir þegar það eru bílar að fara af stað. Krakkar mega ekki fara sjálfir í göngutúr og ekki fara burt. Kennarar eiga að passa krakkana. Kennarinn passar krakkana

þegar þau fara yfir götuna. Góður kennari er brosandí og talar ekki svona hátt. Þeir passa krakkana svo þeir hlaupi ekki burtu í skóginn.

Dagný Ásgeirsdóttir, nemi á öðru ári í Menntaskólanum Tröllaskaga.



Dagný bar sigur úr bítum í framhaldsskóla-flokknum fyrir söguna *Kennarinn*. Verðlaunagan er langt í frá fyrsta saga Dagnýjar og hún hefur skrifað fimm „almennilegar“ sögur eins og hún orðar það sjálf. Þá segist hún vera að vinna að skáldsögu sem byggir á sömu persónum og koma fram í verðlaunasmásögunni. Spænska er skemmtilegasta námsgreinin að sögn Dagnýjar og upphaldsbækurnar eru Harry Potter-serían.

Umsögn dómnefndar:

Sagan Kennarinn gerist í hættulegum heimi ungra stúlkna sem ekki geta treyst fullorðnum karlmönnum. Þeir setja eitruyf í drykkinn þeirra, í þessu tilviki vatnsflöskur í prófum, og það getur orðið þeim að fjörtjóni. En skólinn getur ekki eitruð fyrir öllum og svipt þá meðvitund. Elísa og Anna taka ábyrgð og bjarga Rakel vinkonu sinni frá Hauki enskukennara sem er úlfur í sauðargæru. Ekkert getur bugað fólk sem þorir! Þræðir sögunnar eru ofnir kunnáttulega og vel saman í vefnað sem heldur og skín af.

KENNARINN

„Krakkar hefur einhvert ykkar séð til bekkjarbróður ykkar, hans Stefáns? Nú eru foreldrar hans búnir að vera að leita að honum undanfarna viku en ekkert hefur sést til hans. Ef þið vitið eitthvað um ferðir Stefáns megið þið endilega láta mig eða...“

„Ætla þau í alvörunni að segja þessa ræðu á hverjum einasta morgni þangað til næsti krakki hverfur?“ hvíslaði Anna Dís að vinkonu sinni, Elísu.

„Mér finnst það mjög líklegt. Mér finnst

líka mjög líklegt að næsta ræða komi á morgun. Hingað til eru þau búin að hverfa á hverjum fimmtudegi í sex vikur,“ svaraði Elísa. Eftir smá stund sagði hún: „Ég held að við ættum að reyna að finna þann sem að gerði þetta. Persónulega held ég að við ættum að sleppa því að fara heim núna seinni partinn og athuga hvort að einhver kennari hagar sér undarlega.“

„Ertu að meina þetta?! Hvað ef við náumst? Hvað á ég að segja mömmu? Ég held

að ég geti þetta ekki Elísa!“ sagði Anna Dís hrædd.

„Vertu ekki svona mikil hæna, Anna! Ef þú gerir þetta ekki með mér geri ég þetta ein. Og þá er ég opið skotmark fyrir mannræningjann. Og ekki viltu missa bestu vinkonu þína er það?“

„Ég hata þig. Ég virkilega hata þig, þú veist það.“

Framhald á næstu opnu

Aquabeads®
Just add water!

Nýtt á Íslandi
Perlur sem ekki þarf að strauja,
eimungis sprautu vatni yfir og
perlurnar límast saman.

Varmás - Skólavörur
Markholt 2, Mosfellsbæ
sími 566-8144

framhald – Kennarinn

„Ha! Mér tókst að sannfæra þig! Og meðan ég man, ég elska þig líka,“ sagði Elísa glottandi.

„Stelpur! Ef þið hættið ekki að tala saman í tíma hjá mér læt ég ykkur sitja eftir. Er það eitthvað sem þið viljið? Nei, ég hélt ekki. Haldið áfram að læra!“ Það var enginn annar en enskukennarinn Haukur sem sagði þetta. Elísu hefur alltaf líkað illa við hann.

„Við förum í þetta strax eftir skóla,“ hvíslaði Elísa að Önnu.

„Þurfum við að gera þetta núna? Ég er alls ekki tilbúin í að fara að reyna að góma einhvern kennara í einhverju sem kemur okkur alls ekkert við,“ sagði Anna við Elísu eftir síðasta tímamann.

„Já, við þurfum að gera þetta núna. Ef ekki núna þá hverfur annað barn, og ég ætla ekki að láta það gerast!“ Þær lágu í felum undir stiganum upp á kennarastofu. Þær fylgdust með hverjum kennaranum á fætur öðrum ganga niður stigann og út úr byggingunni og útilokuðu þá jafn óðum. Þegar þær voru búnar að vera þarna í tvo tíma og flestallir kennararnir farnir kom stelpa úr bekknum fyrir ofan þær, eins og í leiðslu. Hún virtist ekki vita hvað hún væri að gera en fór beint upp á kennarastofu.

„Þetta er Rakel, ætli hún sé næsta fórnarlambið,“ spurði Anna Elísu.

„Mér finnst það líklegt,“ svaraði Elísa. „Eltum hana og komumst að því,“ bætti hún við um leið og hún hljóp af stað.

„Nei, Elísa!“ Anna reyndi að stoppa Elísu en hún var alltof sein. Elísa var nú þegar komin langleiðina upp stigann á eftir Rakel. Anna stóð upp og fór á eftir Elísu. Þær eltu Rakel alveg að skrifstofunni hans Hauks. Þar fór Rakel inn en Elísa og Anna biðu fyrir utan hurðina.

„Veistu hvað þú ert að gera hérna Rakel?“ heyrðu þær Hauk segja við Rakel.

„Nei, herra,“ svaraði Rakel. En þetta hljómaði bara ekkert eins og hún. Það var eins og það væri vélmenni að tala með röddinni hennar.

„Gott, við skulum bara halda því þannig.“

„Já, herra.“ Elísa og Anna sáu ekki hvað var í gangi inn á skrifstofunni en þeim heyrðist Haukur vera að standa upp.

„Komdu þá með mér núna Rakel.“

Stelpurnar litu hvor á aðra og hlupu svo inn á næstu skrifstofu við hliðina. Þar biðu þær

í góðan tíma áður en Haukur kom einn út af skrifstofunni. Hann slókktaði öll ljósini á ganginum og yfirgaf bygginguna.

„Komdu, hann hlýtur að hafa falið hana einhvers staðar þarna inni,“ sagði Elísa og fór inn á skrifstofuna hans Hauks áður en Anna náði að stoppa hana.

„Og hvað eigum við að gera ef við finnum krakkana?“ spurði Anna áhyggjufull.

„Við hringjum í pabba auðvitað. Hann er yfir rannsóknardeild lögreglunnar á Norðurlandi,“ svaraði Elísa um hæl um leið og hún skoðaði sig um.

„En þá mun hann vita að við vorum hérna í leyfisleysi. Er það ekki?“ Það kom hik á Elísu á meðan hún var að melta það sem Anna sagði. Síðan sagði hún:

„Jú reyndar, en hann sagði alltaf við mig að ég ætti að gera það rétta. En það gæti verið að þetta sé ekki rétta leiðin til þess að gera það rétta þegar ég fer að hugsa út í það. En það er of seint að hætta við núna. Við verðum að komast að því hvað hann gerði við Rakel. Áður en það verður of seint.“ Hún hélt áfram að skoða hvern krók og kima á skrifstofunni en sá ekki neitt athugavert.

„Allt í lagi, þannig að við erum að leita að stað þar sem hann gæti hafa falið hana? Hvað með þennan hlera í loftinu beint fyrir ofan þig?“ sagði Anna og benti á hlera í loftinu.

„Þú ert snillingur Anna! Okkur var sagt það í sjötta bekk að ef okkur vantaði eitthvað af loftinu, einhverra hluta vegna, ættum við að tala við Hauk. Hann væri sá eini sem væri með hlera upp á háaloftið!“ Síðan hoppaði Elísa upp á borðið og reyndi að opna hlerann. Eftir mikið vesen tókst henni það loksins og stigi datt niður. Hún kom stiganum fyrir á réttum stað, kveikti á vasaljósinu á simanum sínum og leit einu sinni á vinkonu sína áður en hún byrjaði að klifra upp. Þegar hún var komin nógu hátt til að sjá upp á loftið, datt hún næstum niður aftur.

Þau lágu þarna öll. Allir krakkarnir sem höfðu horfið síðustu vikurnar. Hún flýtti sér aftur niður og hringdi í pabba sinn gráti nær. Anna stóð skelkuð hjá á meðan Elísa stóð skjálfandi með símann í höndunum. Anna tók símann úr höndunum á Elísu, kveikti á hátalaranum og setti hann á borðið fyrir framan þær. Loksins svaraði Steini, pabbi Elísu.

„Pabbi, manstu eftir öllum krökkunum sem eru búnir að vera að hverfa úr skólanum?“

„Já, Elísa mín. Þetta er búinn að vera

minn helsti hausverkur undanfarnar vikur. Hvað ertu að spá í því?“

„Getur þú komið niður í skóla? Ég held að ég hafi fundið þau öll.“ Anna leit hissa á Elísu.

„Hvað segir þú? Niður í skóla? Hvað ert þú að gera þar?“

„Ég skal segja þér það allt seinna. Gerðu það, komdu bara með einhverja menn. Ég skal hleypa ykkur inn. Gerðu það, ég þarfnast þín.“

„Ég kem eftir korter.“ Á þessu sögðu skellti hann á.

Korter seinna kom Steini með menn úr rannsóknardeildinni og nokkra lögreglumenn niður í skóla. Elísa fór með þá upp á skrifstofuna hans Hauks þar sem Anna beið eftir þeim.

„Þau eru upp á lofti, öllsömul,“ sagði Elísa og samstundis fór einn frá rannsóknardeildinni upp stigann. Um leið og hann sá hvað var þar að finna varð uppi fótur og fit. Einhver frá lögreglunni hringdi á sjúkrahúsið og allir hinir fóru að reyna að ná niður máttlausum líkõmunum. Allir nema Steini.

„Jæja, Elísa mín. Myndir þú vilja segja mér hvað er í gangi? Af hverju eruð þið tvær hérna? Og af hverju léstu mig ekki vita að þig grunaði eitthvað?“ spurði Steini Elísu.

„Í morgun voru þau enn eina ferðina að tala um að enn væri einhverra saknað. Ég sagði við Önnu að við þyrftum að komast að því hver væri á bak við þetta. Við vorum hérna eftir, eftir skóla og fylgdumst með hverjum kennaranum á fætur öðrum fara. Einmitt þegar við vorum að gefast upp á þessu kom Rakel, og við eltum hana hingað. Haukur talaði eitthvað við hana og þegar hún svaraði hljómaði þetta ekkert eins og hún. Þegar Haukur fór einn komum við hingað inn til að leita að henni.“

„Já, en af hverju léstu mig ekki vita? Og hver er þessi Haukur?“

„Haukur er enskukennarinn sem allir hata,“ sagði Anna, bæði Elísu og Steina til mikillar furðu.

„Já, hann er enskukennarinn. En ég lét þig ekki vita vegna þess að ég hafði trú á því að ég gæti fundið út úr þessu sjálf. Fyrirgefðu pabbi,“ sagði Elísa sakbitin.

„Þetta verður allt í lagi elskan. Það hefði bara eitthvað getað komið fyrir þig,“ sagði Steini við dóttur sína um leið og hann knúsaði hana þétt.

„Herra, það eru fjórir krakkar látnir. Þrír á lífi. Á ég að láta fjölskyldurnar vita?“ spurði

einn lögglumannanna. Steini andvarpaði djúpt.

„Já, gerðu það. Og sendu hin beinustu leið upp á sjúkrahús. Segðu þeim að gera eiturlyfjapróf á þeim öllum. Ég vil vita hvað hann notaði til þess að lokka þau öll til sín,“ sagði Steini og benti svo á tvo lögglumenn. „Þið komið með mér og Elísu heim til þessa Hauks. Anna mín, þér er óhætt að fara heim. Viltu að við keyrum þig áður en við förum til Hauks?“ lauk hann máli sínu.

„Nei, ég held ég labbi bara. Reyni að átta mig á því sem að gerðist og svona. En takk samt.“ Að þessu sögðu gekk hún á brott. Elísa leit á pabba sinn og sagði:

„Pabbi, mig langar ekki að fara að tala við Hauk. Má ég fara heim líka og þú segir mér bara frá þessu í kvöld? Þetta er búinn að vera langur dagur.“ Steini horfði á dóttur sína góðan tíma en kinkaði svo kolli.

„Já, það er rétt. Þetta hefur verið langur dagur hjá þér. Farðu bara heim, ég skal klára þetta. Þú stóðst þig vel, skella mín.“

Elísa fór beinustu leið heim og í langt það. Síðan fór hún inn í herbergi til að klæða sig og heyrði þá að pabbi hennar var kominn heim.

„Jæja, náðir þú að leysa þetta endanlega?“ spurði Elísa um leið og hún gekk inn í eldhús þar sem pabbi hennar var að hella sér upp á kaffi.

„Já, mér tókst það. Hann var fyrst frekar hissa þegar við komum, en þegar þeir sögðu að hann væri handtekinn fyrir morð á fjórum krökkum og mannrán á sjö játaði hann allt saman. Hann segist hafa gert það síðan hann byrjaði að vinna sem kennari að láta krakkana hafa vatnsflösku fyrir öll próf, til að þau þurfi ekki að fara að fá sér að drekka í miðju prófi. Fyrir sjö vikum fór

hann að hafa próf hjá einhverjum bekk á hverjum fimmtudegi og setti þá eitthvað eiturlyf í eina flöskuna. Þannig hefur honum tekist að lokka þau svona auðveldlega til sín. Efnið er enn í rannsókn,“ svaraði Steini dóttur sinni.

„Já, en af hverju var hann að þessu pabbi?“

„Samkvæmt honum var hann orðinn þreyttur á krökkum í kringum sig, og ætlaði bara að fækka þeim aðeins. Hann fer líklega í ævilangt fangelsi fyrir það sem að hann gerði aumingja krökkunum og foreldrum þeirra,“ lauk Steini máli sínu.

„Það er gott að við náðum að leysa þetta.“

„Já, það er rétt. Langar þig að fara í ísbíltúr fyrir vel unnin störf í dag?“

„Þú last hugsanirnar mínar,“ sagði Elísa brosandí og síðan hurfu þau út um útidyrnar.

Kjartan Kurt Gunnarsson, nemandi í 1. bekk í Grunnskóla Þórshafnar.



Kjartan Kurt hlýtur verðlaun í grunnskólaflokki 1. til 4. bekk og er þetta í annað sinn sem hann ber sigur úr bítum í Smásagnasamkeppninni en hann vann til verðlauna í leikskólaflokki árið 2015. Kjartan segist gera mikið af því að segja sögur og hann hefur gaman að því að finna upp vélar og segja frá hvernig þær virka. Íþróttir og náttúrufræði eru uppáhaldsnámsgreinarnar, segir Kjartan.

Þá segist hann hafa gaman að mörgum bókum og finnst alltaf spennandi að láta lesa fyrir sig. Hann ætlar að halda áfram að segja sögur og taka aftur þátt í keppninni á næsta ári.

Umsögn dómnefndar:

Það er nokkuð um að kennarar taki á sig mynd ofurmennis í sögum nemenda. Þessi er samt sérstakur því hann líkist hinum gríska guði Hermes sem var sendiboði allra guða á Ólympsfjalli, mikill brellukarl og guð takmarkana í heiminum. Hann hafði vængi á skónum sínum en hér hefur sá útbúnaður að vísu verið uppfærður og nú skjóta skórnir eldglæringum þegar flogið er frá Þórshöfn til Akureyrar! Skáldskaparminninn endurfæðast stanslaust og húmor kviknar jafn ósjálfrátt og eldurinn tindrast, eins og fyrir galdur, eins og meðvitundarlaust. Þessi kennari hefur fleiri hæfileika. Hann heitir Bobbi og er 100 ára, fjórhentur, með tvær hendur á hvorri hlið og getur þess vegna smíðað ótrúlega hratt. Sennilega sýnast þá að minnsta kosti sjö hamrar á lofti, eins og sverðin hjá Gunnari á Hlíðarenda.

OFURKENNARI MINN

Kennarinn minn hleypur hraðast á öllu landinu. Og hann er mjög góður að lyfta. Hann lyftir mörgum bókum á hverjum degi og hleypur marga hringi í stofunni okkar alla daga.

Kennarinn minn getur meira að segja flogið. Hann flýgur alltaf í skólann, og þá flýgur hann yfir skólabilinn. Hann á ekki flugvél en hann á flugeldaafi í fótunum. Og þá kemur eldur út úr fótunum.

Stundum megum við fljúga með. Við klæðum okkur þá í skó sem skjóta eldi af

sér og þá fljúgum við. Við fljúgum alltaf til Akureyrar og aftur til Þórshafnar. Á Akureyri kaupum við fullt, fullt, fullt af nammi sem við ætlum að borða á heimleiðinni til Þórshafnar.

Kennarinn kennir okkur líka að hlaupa hratt. Þá förum við í keppni og ég vinn alltaf. Það er mest gaman að hlaupa.

Kennari minn kennir okkur líka að smíða fullt af vélum, til dæmis dráttarvélar með mótori sem er hægt að keyra á, og hann kennir okkur fullt annað. Við smíðum úr járni og úr timbri sem við finnum niðri í fjöru.

Kennarinn heitir Bobbi og hann er 100 ára. Hann á fjórar hendur, báðum megin eru tvær hendur. Þess vegna smíðar hann svona hratt, hann getur haldið á fullt af verkfærum með höndum og fótum. Og hann á sex fætur og þess vegna hleypur og flýgur hann svona hratt. Og hann á sjö augu og hann sér mjög, mjög, mjög vel. Hann sér alltaf það sem við erum að gera.

Hann er mjög góður og skammar okkur aldrei. Við elskum kennarann okkar og hann er besti kennarinn í öllum heimi!! Endir.



LYKILATRIÐI AÐ BYGGJA UPP LÆRDÓMSSAMFÉLÖG

MYND: ANTON BRINK

Ragnheiður Bóasdóttir, sérfræðingur á skrifstofu mennta- og vísindamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, fer fyrir stýrihópi sem ætlað er að fylgja eftir niðurstöðum úttektar Evrópumíðstöðvar og styðja við ákvarðanatöku um innleiðingu og framkvæmd stefnunnar menntun án aðgreiningar. Mikið verk er fyrir höndum í skólasamfélaginu en það hefur líka margt þegar áunnist.

Stýrihópurinn vinnur með niðurstöður úttektar Evrópumíðstöðvar um menntun án aðgreiningar og sérþarfir sem gefin var út fyrir á þessu ári. Evrópumíðstöðin gerði úttektina í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóla, Skólameistarafélag Íslands og fleiri.

„Skýrslan segir okkur margt. Eitt af því er að við sjáum berlega að ólíkir hópar innan skólasamfélagsins leggja svoltið mismunandi merkingu í hvað menntun án aðgreiningar feli í sér. Við höfum reyndar kosið að nota vinnuheitid Menntun fyrir alla um stefnuna – okkur finnst það eiga betur við,“ segir Ragnheiður.

Í ljósi mismunandi skilnings var ákveðið að opna umræðuna um menntastefnuna með því að efna til málþings.



Ragnheiður Bóasdóttir fer fyrir stýrihópi um framkvæmd menntastefnunnar Menntun fyrir alla.

Sérfræðingar sem höfðu unnið að úttektinni voru meðal fyrirlesara á málþinginu Menntun fyrir alla sem fram fór í ágúst síðastliðnum. „Þetta var góð leið til að ýta umræðunni af stað og við fengum mikið af góðu efni, hugmyndum og gagnlegri umræðu. Almenn ánægja var með málþingið en við gerum okkur grein fyrir að það eru hópar sem hefðu þurft að vera þarna; til dæmis var enginn sem skræði sig sem formlegur nemandi eða foreldri og tímasetningin var á viðkvæmum tíma, við upphaf skólaársins.“

Ragnheiður segir stýrihópin munu nýta margar leiðir til að koma umræðu um menntun fyrir alla af stað. „Við erum að vinna að kynningu með ýmsum hætti og höfum komið okkur á dagskrá á ýmsum viðburðum

sem eru í gangi nú í haust; til dæmis hjá Grunni, Skólameistarafélagi Íslands, Félagi framhaldsskólakennara, Skólamálaráði KÍ og á Skólalþingi sveitarfélaganna. Við erum líka í óðaönn að smíða kynningarefni af ýmsum toga og erum byrjuð að safna saman helstu niðurstöðum og tillögum í tengslum við úttektina. Skipaður hefur verið vinnuhópur með samstarfsráði um starfsþróun kennara og stjórnenda. Öll gögn verða vistuð á vefsvæði ráðuneytisins sem er í smíðum og auk þess ætlum við að búa til slæðukynningar sem verða sniðnar að mismunandi hópum. Við sjáum fyrir okkur kveikjur sem ætlað er að búa til samtal og einnig kynningarmyndbönd þar sem stefnan er kynnt frá ýmsum hliðum,“ segir Ragnheiður.

Tökum bara næstu lest

Stýrihópurinn er skipaður út árið 2019 en að sögn Ragnheiðar verður verkefnið ekki lokið þá. „Við erum kappsöm og nú er markmiðið að ýta lestinni af stað. Ég segi stundum að þetta séu margar lestir og ef við missum af einni þá tökum við bara næstu. Við megum ekki missa okkur í hvatvísi og óþolinmæði. Við verðum að vera skipulögð og forgangsraða verkefnum með tilliti til þeirrar tímalínu sem ráðherra hefur falið okkur að vinna eftir.“

Ragnheiður segir skýrsluna til vitnis um að víða sé verið að gera frábæra hluti í skólum hér á landi. „Við tölum hins vegar ekki nógu mikið um það sem vel er gert og mættum halda því betur á lofti. Hluti af því gæti verið myndbandagerðin sem við ætlum að ráðast í – þar gætum við vakið athygli á því metnaðarfulla starfi sem unnið er í skólum. Það eru nefnilega ótrúlega margir, jafnt notendur sem veitendur, sem átta sig ekki á að þeir eru vinna í anda stefnunnar um menntun fyrir alla, t.d. þegar unnið er að eflingu læsis, gegn brotthvarfi úr framhaldsskólum og aðgerðir skóla gegn einelti. Við þurfum að benda á þetta þannig að fólk átti sig á því að andi skólastarfsins er í takt við stefnuna menntun fyrir alla. Fólk er auðvitað ekki að spyrja sig þessarar spurningar á hverjum degi.“

Úttekt Evrópumíðstöðvarinnar kemur út í íslenskri þýðingu innan skamms. „Við höfum reynt að vanda mjög til þýðingarinnar með það að markmiði að hún sé ekki of tæknileg – án þess þó að vera ótrú frumtextanum. Við viljum koma skýrslunni í umferð og nota hana sem útgangspunkt. Það er á sama tíma mikilvægt að nálgast hvern hóp út frá hans forsendum; það er ekki mitt eða okkar í stýrihópnum að messa yfir fólk – heldur ætla ég að hlusta á fólk. Ég hef mikið af upplýsingum sem ég get speglað með fólk,“ segir Ragnheiður.

Sjálfstraustið mikilvægt

Menntun fyrir alla felur í sér uppbyggingu lærdómssamfélaga um land allt. „Okkur sem vinnum úr niðurstöðum úttektarinnar er ætlað að skilgreina betur þjónustuna á hverju svæði fyrir sig. Þetta snýst þó ekki um að segja til um hvaða lágmarksþjónusta þurfi að vera til staðar eða hvaða gólf við getum sætt okkur við. Miklu frekar viljum við geta sagt kinnroðalaust að við séum að veita þjónustu sem hæfir á hverjum stað og gæta jafnræðis um allt land og á milli skólastiga. Um þetta atriði þurfum við að efna til samtals um hvernig við getum virkjað þjónustu á svæði þannig að allir njóti. Þegar horft er til landslutanna, sem eru mismunandi, þá þarf að hugsa vítt. Hvernig leysum við þá staðreynd að við höfum ekki alla sérfræðingana á staðnum? Getum við fengið sérfræðing reglulega á staðinn eða er betra að nýta netlausnir og fjarþjónustu? Fyrst og síðast þarf þó að byggja upp sjálfstraust á

hverjum stað þannig að kennarar, skólastjórnendur og aðrir sem koma að málum fái á tilfinninguna að þeir séu nógu sterkir til að halda uppi því sem er á þeirra könnu og einnig að sækja þær bjargir sem upp á vantar,“ segir Ragnheiður.

Lykilatriði er að byggja upp lærdóms-samfélag. Það er þó ekki bara byggt upp innan skólasamfélagsins heldur líka í nærsamfélaginu. „Með þessu erum við að búa til sameiginlegan mannauð, menningu og þekkingu. Markmið okkar með samtalinu er að halda áfram að sá þeim fræjum sem við vitum að eru til fyrir og vinna áfram í menningunni sem fylgir menntun fyrir alla.“

Skilningur ekki alltaf sá sami

Ragnheiður segir koma skýrt fram í skýrslunni að kennarar upplifi sig vanmáttuga. „Það er eins gott að við hlustum á það og auðvitað höfum við orðið þess áskynja í fjölmiðlum og víðar. Við þurfum að spyrja hvað upp á vanti og hvers vegna kennarar og skólafólk finni til vanmáttar. Svörin munu fela í sér alls kyns skýringar en við erum þó ekki að fara að kollvarpa einu eða neinu. Við búum við gott menntakerfi en á sama tíma vitum við að það þarf að styrkja nýja kennara á vettvangi, taka betur á móti þeim í upphafinu og búa svo um hnúta að þeim finnist þeir ráða við verkefnið og skipuleggja markvissa faglega starfsþróun fyrir alla.“

Þá segir Ragnheiður að fram komi í skýrslunni að skilningur á inntaki stefnunnar sé oft ólíkur milli skólastiga. „Við sjáum glögg að leikskólinn er fullkomlega í anda menntunar fyrir alla án aðgreiningar. Nemendur í leikskólum eru ekki flokkaðir með neinum hætti. Lögin okkar bjóða upp á flokkun nemenda og það er gert í mörgum grunnskólum, sumir eru með sérþekki og svo eru skólar á borð Klettaskóla, Hlíðarskóla og Brúarskóla sem margir þekkja. Við megum ekki sjá fyrir okkur að menntun fyrir alla sé alltaf þannig að allir séu saman að gera allt. Við þurfum að hugsa þetta út frá hverjum og einum nemanda og réttindum hans til menntunar. Ef nemandi með athyglisbrest er til dæmis settur í 25 manna bekk þar sem honum er gert að læra allt eins og hinir og einbeitingin er farin eftir 5 mínútur – hvað þá? Sama gildir um barn á einhverfurófi sem lætur truflast af ljósum eða öðru. Við verðum að skoða hvaða umhverfi hentar barninu

„Við tölum hins vegar ekki nógu mikið um það sem vel er gert og mættum halda því betur á lofti.“

og hvaða kennsluáferðir, starfshættir og skipulag er líklegt til að virka. Ef kennari breytir kannski aðferð þannig að barni með athyglisbrest gengur betur þá njóta allir. Það á ekki að líta á það sem vandamál – því ef hægt er að breyta þannig að allir njóti góðs af þá er takmarkinu náð.“

Hausataling og fjármagn

Umræða um fjármagn er oft ekki langt undan þegar rætt er um skólakerfið. Ragnheiður segir eina af stóru niðurstöðum skýrslunnar þá að leik-, grunn- og framhaldsskólakerfið hér á landi sé ágætlega fjármagnað þegar á heildina er lítið. „Þetta segir okkur að í leiðslunum sé að finna heilmikið fjármagn. Hins vegar sjáum við í svörum að margir virðast ósáttir og segjast ekki fá nægilega góða þjónustu og þetta á við jafnt um veitendur sem notendur. Þetta segir okkur að fjármagninu sé ekki dreift rétt og það má segja að streymi fjármagns í skólakerfinu sé að sumu leyti einstrengingslegt. Það er of mikið tengt greiningu og fjárveitingakerfin eru ekki nægilega samhæfð,“ segir Ragnheiður.

Hún segir skólastjórnendur þurfa að reiða sig á að fjármagn fylgi nemendum með greiningum. „Þetta hefur í för með sér að þjónustan er ekki lifandi. Skólastjórnendur eru að bíða eftir greiningu en hvað gerist á meðan sú bíð stendur yfir? Hvernig er með nemandann? Við viljum sjá breytingar á þessu þannig að fjármagn verði ekki svona bundið við hausatalingu eða merkimiða. Það er hægt að skoða hvert svæði eða skóla lýðfræðilega, reikna út hversu margir að jafnaði eru með viðbótarþarfir af einhverju tagi og vinna með það. Skólastjórnendur fá fjármagn í samræmi við það og geta dreift því eins og þeir telja best til árangurs. Að þessu leyti þurfum við að hætta að hugsa í kössum og byrja að treysta stjórnendum og kennurum til að meta hvernig þjónustan eigi að líta út og hvernig efla megi þjónustu og ráðgjöf við skóla.“

Trúarbragðafræði, þar sem nemendur fræðast um hin ýmsu trúarbrögð, tók við af kristinfræði. Svava Jónsdóttir settist niður með Heru Sigurðardóttur, kennara í Landakotsskóla, og Kristjáni Arnari Ingasyni, kennara í Fellaskóla.



VIÐ MEGUM EKKI MISMUNA

Hver er skoðun ykkar á því að trúarbragðafræði var látin taka við af kristinfræði?

Kristján: Ég hef miklar áhyggjur af því að það sé ekki verið að kenna trúarbragðafræði yfir höfuð en eftir nýju aðalnámskránni er búið að sameina svo mörg fög í samfélagsgreinar. Það dettur út fyrir. Þar sem ég kenndi áður var þetta sérfrág einn tíma í viku og það eru nokkur ár síðan það var lagt niður; það var ætlast til að trúarbragðafræði kæmi bara inn í samfélagsgreinar sem þemaverkefni.

Hera: Ég tel að trúarbragðafræði sé af hinu góða en kannski ekki á kostnað kristinfræði. Ég held við séum ekki með meiri trúarbragðafræðslu en er í öðrum skólum. Ég tel jafnvel að við mætum auka fræðslu og kannski líka í kristnum fræðum til að gera börnin læsari á menningararfinn okkar sem er tengdur kristninni.

Síðferði okkar byggist dálítið mikið á kristnum gildum – svo sem hvernig við komum fram við náungann og kærleiksboðorðið og það tengist því hvernig manneskja maður vill vera.

Ég fer með faðirvorið á hverjum degi í Landakotsskóla. Mér finnst það gott að við stillum saman strengi í upphafi dags. Það er hátíðleg stund við kertaljós.

Kristján: Mér finnst það mikilvægast af öllu, þar sem við erum að verða fjölmenningsamfélag, að ef við ætlum að gera vel og koma í veg fyrir fordóma gagnvart hvert öðru þá þurfum við að kynna öll trúarbrögð. Ég er ekki sammála þér með kristinfræðina þó ég sé kristinn sjálfur – ég tel að öll trúarbrögð eigi að fá jafnan sess í grunnskólum af því að við eigum að geta virt hvert annað á réttum forsendum; og líka þeir sem eru annarrar trúar heldur en kristinnar trúar. Af hverju er til dæmis jóladagur svona heilagur fyrir okkur og ramadan fyrir múslima? Við þurfum að kunna þetta til þess að geta komið í veg fyrir misskilning og öll þekking reyndar er góð.

Hera: Ég er alveg sammála þér varðandi þetta.

Kristján: Það sem mér finnst vera vandamál í grunnskólum og samfélaginu öllu er þessi pólitíska réttshugsun; það má ekki ræða um hlutina án þess að vera stimplaður eitthvað sem fólk er ekki.

Hera: Einmitt, sammála.

Kristján: Þetta er eitthvað sem við þurfum að taka til okkar í grunnskólunum – ef við gerum þetta ekki – kynnum nemendunum ekki fyrir mismunandi trúarbrögðum – þá er það ekkert gert.

Hera: Nei, af því að margir foreldrar segja að þetta sé fræðsla sem eigi að fara fram heima. Gott og vel, en við vitum að meira og minna öll fræðsla er komin á okkar hendur. Og þá verðum við líka kannski að taka þennan slag eins og margt annað. En ég er sammála þér – fræðsla kemur í veg fyrir fordóma. Reynsla mín er að það eru ekki

þeir foreldrar sem eru annarrar trúar sem setja út á kristinfræði.

Kristján: Það er eins með kynlíf og trú; það má ekki ræða þetta.

Hera: Við verðum að taka þessa umræðu um þetta og hvað við ætlum að gera. Og það er líka dálítið í tísku – ég leyfi mér að segja tíska – að vera ekki trúður; að þurfa að pukrast með þetta svolítið. Eins og þú segir kynlíf og trú – eins og það megi ekki tala um þetta.

Eru litlu jólin haldin í skólunum?

Hera: Það eru haldin jólaböll í Landakotsskóla og litlu jól í stofunum.

Kristján: Það eru líka haldin jólaböll í Fella-skóla. Það er eitthvað skreytt hjá okkur en það fer ekki mikill tími í það.

Hera: Það er hefð í Landakotsskóla að 2. bekkur setur upp helgileik í Landakotskirkju.

Kristján: Ég held það sé helgileikur í Fellaskóla.

Hver er skoðun ykkar varðandi kirkjuheimsóknir grunnskólanema fyrir jól?

Kristján: Þegar við vorum með kirkjuheimsóknir í skólanum þar sem ég vann áður þá snerist þetta um að koma saman, eiga notalega stund og syngja jólalög. Ég sá ekkert að þessu. Þetta þótti ekki viðeigandi.

Hera: Fannst þér ekki bara örfáir vera á móti kirkjuheimsóknunum?

Kristján: Þeir voru bara svo háværir og við hin bara þögðum. Þetta er bara skemmtileg og notaleg stund. Ég skil þetta ekki alveg. Þess vegna er ég að koma inn á þessa pólitísku réttshugsun; það má enginn tjá sig eitt eða neitt um þessi mál.

Hera: Nema þú sért á móti og þá er það kórrétt.

Kristján: Ég ber virðingu fyrir þeim sem eru trúlausir. Ég ber líka virðingu fyrir öllum hinum. Við erum bara manneskjur. Punktur. Þetta snýst um að við erum að mennta næstkomandi kynslóð til að takast á við hvert annað og geta lifað í sama samfélagi. Þess vegna er svo mikilvægt að við kynnum öll trúarbrögð. Trúarbragðafræðsla í grunnskólum er ekki nægileg.

Hera: Nei, ég held ég geti verið sammála þér. Eins og þú segir – þetta er orðið fjölmenningsamfélag. Til þess að við getum lifað í sátt og samlyndi með öll þessi ólíku

trúarbrögð þá verðum við að vita um hvað þetta snýst eins og þú sagðir. Við verðum að vita þetta til að eyða þessum fordómum af því að fordómar spretta af vanþekkingu. Engu öðru.

En varðandi kirkjuheimsóknir fyrir jólin. Við í Landakotsskóla förum sumsé í kirkju fyrir jólin. Ég hef ekki heyrt annað en að foreldrar séu ánægðir með þá ráðstöfun. En við erum í nábyli við kaþólsku kirkjuna og okkar skólustarf gengur meðal annars út á kristileg gildi; það stendur í stefnuskrá skólans og birtist í því að við förum með bæn, erum með fræðslu í kringum kristilegar hátíðir og förum í kirkju.

Við erum til dæmis með helgileik og þetta er saga sem margir trúa en ekkert allir og maður ber virðingu fyrir. Mér finnst vera hátíðlegt og gaman að hafa helgileik og ég upplifi það að börnunum finnst það líka vera gaman.

Kristján: Málið er líka það að við verðum að passa okkur – þetta er mjög varasamt efni að kenna. Við megum ekki fara yfir í trúboð. Við verðum að vera vel undirbúin þegar við erum að kenna þetta efni. Þegar ég var að kenna trúarbragðafræði fyrir nokkrum árum þá fékk ég heimsóknir frá þessum stofnunum í tíma; það var frábært og krakkarnir fengu að spyrja ýmissa spurninga.

Hera: Já, ég held að þetta sé góð leið að veita fræðslu um trúarbrögð að fá meðlimi í hinum mismunandi söfnuðum að segja frá sinni trú.

Kristján: Mér finnst að öll trúarbrögð eigi að vera tekin fyrir. Við megum ekki mismuna.

Hera: Ég er sammála þér en kannski ætti kristin trú að vera í forgangi.

Kristján: Þá finnst mér að það ætti að vera heima. Mér finnst ekki að það eigi að vera okkar að taka ein trúarbrögð fram yfir önnur. Mér finnst að það eigi jafnt yfir alla að ganga og síðan undir heimilunum komið hvort þau vilji fá aukakennslu.

Hver hafa viðbrögð foreldra verið út af því að sums staðar er ekki farið í kirkju fyrir jólin?

Kristján: Engin viðbrögð. Einhver tautar úti í horni einhvers staðar.

Hera: Já, ég tel að það sé þannig. Mín tilfinning var sú að það urðu mjög margir ósáttir en þorðu ekki að taka af skarið eða vildu það ekki.

Kristján: Málið er að það er miklu þægilegra að þegja og taka ekki afstöðu og þá er ekkert rugl og þú færð að vera í friði.

Hvaða máli skiptir að kenna trúarbragðafræði í grunnskólum?

Kristján: Þetta er bara partur af menningunni. Sama hvort fólk vill það eða ekki. Það er bara þannig. Þetta er mikilvægur partur af því að vera það sem við erum. Það sem mótar okkur.

Hera: Bæði menningarlega og siðferðislega.

Kristján: Það er samnefni í öllum trúarbrögðum.

Hera: Mér finnst það skipta mjög miklu máli í okkar sívaxandi fjölmenningsamfélagi að nemendur okkar fái fræðslu um mismunandi trúarbrögð.

Kristján: Við erum manneskjur númer eitt, tvö og þrjú. Flest af þessum trúarbrögðum ganga út á náungakærleik og að sýna virðingu gagnvart öðrum. Og það er mjög jákvæður boðskapur finnst mér.

Hera: Sammála því. Ég tel að við séum sammála um að það þurfi að auka fræðsluna.

Kristján: Já, og það þarf að opna umræðuna um þetta. Ef fólk ætlað að ræða um málefni sem eru ekki pólitísk réttshugsun þá er fólk stimplað strax í staðinn fyrir að taka umræðuna.

Hera: Númer eitt, tvö og þrjú er fræðsla um ólíka menningarheima. Það er hætta á að fordómarnir komi í ljós ef fólk fær ekki fræðslu.

Kristján: Það þarf að opna umræðu um þetta efni. Fjölmenningin er ekkert að fara. Við þurfum að kynna hvert öðru til þess að láta þetta ganga. Þetta er orðið alþjóðasamfélag út um allt og það er okkar fullorðna fólksins og þeirra sem sjá um fræðsluna og kennslu barna að fræða þau um þessi mál til þess að koma í veg fyrir vanþekkingu og vankunnáttu á síðum og venjum hvers annars. Og þá öðlumst við almenna mannlega virðingu.

Hera: Ég er alveg sammála þér en ég held líka að við þurfum að þekkja vel kristinfræðina, sögu okkar og menningu í gegnum kristinfræði til þess að geta lært um önnur trúarbrögð. En ekki að auka trúarbragðafræðina á kostnað kristinfræðinnar.

Ef þau vita ekki hvað kristinfræði er þá geta þau ekki tekið vitræna afstöðu um hvort þau vilja vera kristin eða ekki.



VIÐKVÆM ÁLITAMÁL OG NEMENDUR



**Bryndís
Haraldsdóttir**



**Linda
Heiðarsdóttir**



**Guðrún Ebba
Ólafsdóttir**



**Jón Páll
Haraldsson**

Eiga kennarar að tala við nemendur um hryðjuverk? Hverju á skólafólk að svara þegar nemandi segir að reka eigi alla „helvítis Pólverjana“ úr landi? Eða ef einhver heldur því fram að það sé í góðu lagi að vera rasisti enda sé mamma hans það? Hafa strákar stundum rétt fyrir sér þegar þeir ásaka kennara um að halda „alltaf“ upp á stelpurnar í bekknum? Hvernig bregst skólinn við hugmyndum um að nemendur fái að velja sér salerni eftir kynvitund? Á kennari að láta skoðanir sínar í ljós eða vera hlutlaus? Er hægt að fjalla á hlutlausan hátt um barnagiftingu og heiðursmorð?

Nemendur eiga rétt á að njóta bernsku sinnar Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga nemendur rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Skólinn á að vera griðastaður. Hvernig eigum við þá að fjalla um þessi mál? Hafa skólar ákveðnum skyldum að gegna í forvörnum gegn hryðjuverkum og öðrum hroðaverkum?

Vinnubúðir í Útey

Undirrituðum gafst kostur á að sækja vinnubúðir um viðkvæm álitamál (controversial issues) á vegum Wergeland stofnunarinnar í maí síðastliðnum ásamt norrænum

starfsfélögum. Það sem gerði þetta ólíkt öðrum vinnubúðum, námskeiðum og ráðstefnum sem við höfum setið var að vinnubúðirnar voru haldnar í Útey, Noregi. Eyjan lætur engan ósnortinn og við hugsuðum öll um hvað við hefðum gert í sporum þeirra sem voru í eyinni 22. júlí 2011. Voðaverkin í Manchester gerðust á meðan við vorum þarna. Okkur var sagt að sama kvöld væru skólastjórnendur að öllum líkindum að funda og skipuleggja hvernig skólar gætu best tekið á móti nemendum morguninn eftir. Hvað myndum við gera í þeirra sporum?

Sumarnámskeið 2017

Í ágúst héldum við námskeið fyrir reykvíska kennara. Markmið þess var að þátttakendur:

- Þekktu til þess hvaða málefni geta verið umdeild eða viðkvæm og skildu mikilvægi þess að geta rætt þau við nemendur.
- Gerðu sér grein fyrir hvernig eigin skoðanir, reynsla og gildi geta haft áhrif

á hvernig við tölum um umdeild og viðkvæm málefni.

- Áttuðu sig á hvernig við sköpum öruggt umhverfi fyrir slíkar umræður.
- Efldust að sjálfstrausti til að geta tekist á við umdeild málefni og skoðanir.

Á námskeiðinu var fjallað um ýmis viðkvæm álitamál sem upp geta komið í skólastarfi og leiðir til að bregðast við þeim. Má þar nefna ólíka þætti eins og kynþáttahatur, samskipti kynja, kynvitund og hlutverk foreldra í uppeldi barna.

Íslenskri þýðingu á handbókum fylgt eftir

Í lok vinnubúðanna í Útey var þátttakendum falið að móta áætlun um hvernig við hygðumst kynna það sem þar fór fram fyrir skólafólki á Íslandi. Fyrsta verkefnið þegar heim var komið var að funda með menntamálaráðuneyti um þýðingu á handbókum fyrir kennara og skólastjórnendur. Ráðuneytið brást vel við og er málið komið í ferli.

„Það sem gerði þetta ólíkt öðrum vinnubúðum sem við höfum setið var að vinnubúðirnar voru haldnar í Útey, Noregi. Eyjan lætur engan ósnortinn.“

Þegar íslensk þýðing á handbókunum liggur fyrir verða þær sendar skólum auk þess sem við undirrituð erum tilbúin að fylgja þeim eftir með námskeiði eða minni fundum. Við viljum ítreka að þetta er ekki nýtt kerfi sem innleiða á í skólum. Handbókin er með hagnýtum leiðbeiningum og verkefnum sem falla vel að skólastarfi, enda eiga starfshættir grunnskóla meðal annars að mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju og virðingu fyrir manngildi.



Takk fyrir þátttökuna!

Árlega úthlutar Erasmus+ á Íslandi 1.000 milljónum króna til fjölbreyttra mennta- og æskulýðs-verkefna, sem sýnir þann metnað sem íslenskt skólafólk hefur fyrir hönd skólanna og nemenda sinna. Um **30.000 þátttakendur** hafa tekið þátt frá upphafi áætlunarinnar hér á landi.

Við erum stolt af því góða samstarfi sem við höfum átt í gegnum árin og horfum áfram fram á veginn.



HEFUR GAMAN AÐ ÞVÍ AÐ LEIKA SÉR MEÐ TÆKNINÖRDUM

Fjóra Þorvaldsdóttir segir Íslendingasögur hafa verið í mestu uppáhaldi í grunnskóla. Hún hlakkar til jólanna og væri til í að kenna þjóðinni gildin kærleika, virðingu, þakklæti og umburðarlyndi

HVER: Ég er fædd og uppalin á Akranesi og á ættir að rekja þangað og á Strandir. Ég hef búið lengst um ævina í Kópavogi. Ég er leikskólasérkennari í leikskólanum Álfheiði í Kópavogi og varaformaður Félags leikskólakennara. Ég er nú um stundir í námsleyfi og er að rembast við að klára meistaraverkefnið mitt.

Hvað er efst á baugi hjá Félagi

leikskólakennara þessa dagana? Þetta starfsár okkar er helgað nokkrum meginverkefnum. Við höldum áfram að leita leiða til að gera leikskólakennaranám eftirsóknarverðara með það að markmiði að fjölga leikskólakennurum.

Við ætlum að fjalla um menntun án aðgreiningar í leikskólum og komast að því hvað hugtakið þýðir og hvernig við getum unnið að því að gera leikskólann fyrir öll börn. Við viljum vekja athygli sveitarstjórnarmanna á því að börn í leikskólum þurfa aukið rými og að fjölga þarf undirbúnings-tímum leikskólakennara. Samhliða þessu ætlum við að undirbúa aðalfund félagsins.

Eitthvað annað sem er spennandi eða

brýnt fram undan hjá FL? Við munum í vetur sjá afrakstur nokkurra verkefna sem við höfum unnið að undanfarin ár. Við ætlum að vekja meiri athygli á tilrauna-verkefninu okkar um hljóðvist í leikskólum og það verður spennandi að fylgjast með karlkyns nemunum sem við erum að styðja sérstaklega til náms. Svo verða kosningar hjá okkur á vormánuðum þar sem við kjósum nýja forystu í félagið, en það er gert á 4 ára fresti.

Hvernig leggst veturinn í þig? Veturinn leggst vel í mig, ég held að þjóðin sé farin að skilja að það þurfi að gera átak í að reisa við menntakerfið.



Hlakkarðu til jólanna? Jólin eru uppáhalds, sérstaklega af því að núna bý ég við þau forréttindi að vera áhyggjulaus – þarf bara að mæta á réttum tíma í mat hjá börnunum. Jól með börnum, tengdasyni og ömmustrákunum mínum tveimur eru sérlega skemmtileg.

Í hvaða klúbbum ertu? Ég er í nokkrum vinahópum þar sem fólk hefur svipuð áhugamál, t.d. saumaklúbbum sem ekkert er saumað í, og svo hitti ég reglulega tækninörda sem er sérlega gaman að leika sér með. Svo má ekki gleyma Þrastavinafélaginu sem hefur starfað í rúm þrjátíu ár.

Hvaða bók er á náttborðinu? Sagan af barninu sem hvarf eftir Elenu Ferrante og Supporting Information and Communications Technology in the Early Years eftir John Siraj-Blatchford og David Whitebread.

Hvert var uppáhaldsfagið þitt í grunnskóla? Saga þótti mér skemmtileg en Íslendingasögurnar voru í mestu uppáhaldi alla tíð.

Hundur eða köttur? Hundur þó svo að Dalía mín sé óþekktasti hundur sem sögur fara af.

Hvað gerirðu á sunnudagsmorgnum? Ég fer í sunnudagaskólann með ömmustrákana eða tek þátt í #menntaspjall á Twitter.

Hvaða tónlist er best að dansa við? Dansa reglulega við ryksuguna með Sister Sledge á hæsta styrk.

Hvaða sjónvarpsþáttum fylgistu með? Horfi ekki mikið á sjónvarp, en dett stundum inn á þætti á Netflix, síðast var það Grace and Frankie.

Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í kennslustund hvað myndirðu þá kenna? Ég myndi kenna henni námsefnið lífsmennt eins og við erum að kenna börnunum í leikskólanum Álfheiði og velja sérstaklega gildin; kærleikur, virðing, þakklæti og umburðarlyndi.

Uppáhaldsappið? Í dag er upphalds-smáforritið mitt Explain Everything, enda er ég að útbúa námsefni í upplýsingatækni í þessu frábæra forriti fyrir aðra leikskólakennara.



Education Show

Byrjað er að bóka í ferðina á Education Show í Birmingham, á heimasíðu Fararsniðs ehf. <https://fararsnid.is/syningar/the-education-show-birmingham/>

Sýningin er frá 15. - 17. mars 2018.
Sömu hótél og áður, sama dagskrá og áður.
Möguleiki á skólaheimsóknnum.

Einnig getur Fararsnið séð um ferðir fyrir kennarahópa í skólaheimsóknir til Evrópu og Vesturheims".

Fararsnið ehf. - Lundur 17, 200 Kópavogi
jonkarl@fararsnid.is

ULL ER GULL FYRIR KÁTA KRAKKA

ÓMISSANDI
FYRIR VETURINN!



100% MERINO ULL
STÆRÐIR 90 - 170
3.990 KR

JANUS
since 1895

100% MERINO ULL
STÆRÐIR 90 - 170
3.990 KR

HÖFUM
OPNAÐ
NÝJA VERSLUN
Í SKEIFUNNI!
KÍKTU VIÐ!

Ullarkistan
WWW.ULLARKISTAN.IS

LAUGAVEGI 25
REYKJAVÍK

SKEIFAN 3B
REYKJAVÍK

GLERÁRTORGI
AKUREYRI

belladonna


Flott föt,
fyrir flottar
konur




Verslunin Belladonna

Belladonna - Skeifunni 8 - 108 Reykjavík - S: 517-6460

Krossgáta



Lausn krossgátu



Lárétt

- Safaplanta af ættinni Cactaceae. (6)
- Undirgrein eðlisfræði sem fjallar um atóm og smærri eindir. (12)
- _____ tímatalið, tímatal okkar. (12)
- Mesti halli sem set af ákveðinni gerð þolir án þess að renna niður á við. (10)
- Heila _____, innkirtillinn í heilanum. (10)
- Ólympísk íþróttagrein sem var fyrst stunduð 1840 við Tjörnina. (8)
- Tímabil þar sem landbúnaður verður til. (10)
- Latneskur málsháttur: „____, non verba“, oft þýddur á ensku sem „actions speak louder than words“. (3)
- Líffæri sem stjórna flutningi efna inn og út úr frumu. (11)
- Vestri með Kirk Douglas sem dregur enskt heiti sitt af sveit manna sem lögreglustjóri getur kvatt sér til aðstoðar. (5)
- Annes og _____, kvæðabálfur eftir Jónas Hallgrímsson (5)
- Portúgalskur fótboltaaður. (7)
- Japanska mafían. (6)
- Leikari sem lék í the Big Sleep. (6)
- Sauðnaut (ft.) (10)
- „Saxinu hún stakk í síðu, _____ nokkuð

- svíður“. (5)
- Blátt litarefni frá Indlandi. (6)
- Faðir Kolbeins unga. (5)
- Fjölsýkran sem myndast úr glúkósa í líkama okkar. (10)
- Innfluttar matvörur. (12)
- Borg í Serbíu sem ber heitið „Nýja plantekra“. (4,3)
- Tímarit sem fjallar um hesta. (7)
- Sjávarspendýrið sem lifir við strendur og í ám í Vestur-Afríku, Karabíska hafinu og í Amason. (7)
- Leikrit eftir D.L. Coburn sem sett var upp í lönó 1980 með Sigríði Hagalín og Gísla Halldórssyni. (5)
- Kind sem var mjólkuð. (6)
- Geislasteinninn. (9)


Lóðrétt

- Miðfælin blómskipun, þar sem toppblóm aðalleggsins springur fyrst út en endablóm hliðargreinanna svo. (11)
- Óhapp sem Three Mile Island er þekkt fyrir. (13)
- Seinna nafnið á Jóni _____, ketti Jóns Odd og Jóns Bjarna. (6)
- Rökvilla sem felst í því að ráðast á persónu. (2,7)
- _____kenningin sem leggur áherslu á munnlega geymd Íslendingasagna. (9)

- Borg sem var kölluð Apardjón á íslensku. (8)
- Algeng planta um allt land nema á snjólétu láglandi. Hún ber dökkblá blóm í stuttum klasa. (11)
- Enn spurði _____ hann: „Ertu Kristur, sonur hins blessaða?“ (5,10)
- Veiðistöð í Árneshreppi. (6)
- Þýsk hryllingsmynd frá 1922. (9)
- Borg í Nevada. (4)
- Johan Julius Christian, sænskumælandi Finni sem hafði mikil áhrif á finnska þjóðerniskennd og er betur þekktur sem _____. (4,8)
- Vík í Fossvoginum. (11)
- Dýr t.d. Lutra lutra sem á heima í Evrópu en líklega er Lutra candensis í Norður-Ameríku þekktara. (4)
- Dýr sem lifir við ár og hefur feld líkt og dýrið í 24. lóðrétt en verpir eggjum. (10)
- Hundur Dóróþeu í Galdrakarlinum í Oz. (4)
- Annað heiti gullfíls. (9)
- Þorpið Látrar stóð við _____. (7)
- _____ til gleðinnar eftir Schiller. (7)
- Danstónlist vinsæl á áttunda áratugnum. (5)
- Afbrigðileg starfsemi miðtaugakerfins af völdum neyslu á efnum. (4)
- Einn tíundi. (4)



SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI



FRÆÐSLA OG NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA OG SAFT



FRÆÐSLUEFNI OG ERINDI FYRIR:





Georg og leikirnir

Skemmtileg fræðsla

Skemmtileg fræðsla við hæfi er okkar leið til að þjónusta yngsta hópinn og kenna börnunum að tala saman um fjármál.

Þú nærð í Georgs öppin á islandsbanki.is/georg

islandsbanki.is

Netspjall

Sími 440 4000

Facebook

Íslandsbanki